



KJÓSARHREPPUR

AÐALSKIPULAG 2005-2017

KJÓSARHREPPUR
AÐALSKIPULAG 2005-2017






SIGURBJÖRG ÓSK ÁSKELSDÓTTIR
PÓRÐUR PÓRÐARSON




Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005-2017, sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, var samþykkt í sveitarstjórn 12. apríl '07




Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005-2017 var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra 12. júní 2007

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005-2017 var staðfest af umhverfisráðherra 12. sept. 2007

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005-2017 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem samkvæmt lögum nr. 106/2000 eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

EFNISYFIRLIT	1
INNGANGUR	3
FORMÁLI	3
SKILGREINING AÐALSKIPULAGS	4
ÚTLISTUN HUGTAKA	4
FRAMSETNING SKIPULAGSÁÆTLUNAR	7
LEIÐARLJÓS AÐALSKIPULAGSINS	7
MEGINMARKMIÐ	7
STAÐHÆTTIR	9
LANDFRÆÐILEG LEGA	9
NÁTTÚRA	9
VEÐURFAR	11
ATVINNU- OG BYGGÐAPRÓUN	11
LÝÐFRÆÐI	12
GRUNNGERÐ SVEITARFÉLAGSINS	14
SKIPULAGSFORSENDUR	16
FYRIRLIGGJANDI SKIPULAG	16
LÖG OG REGLUGERÐIR	17
EIGNARHALD LANDS	18
FJÁRHAGUR	19
SKIPULAGSÁÆTLUN	20
ÍBÚÐARSVÆÐI	20
PÉTTBÝLI	20
SAMGÖNGUR	20
VEITUR	27
SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR	33
VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI	34
MIÐSVÆÐI	35
LANDBÚNAÐARSVÆÐI	35
ATHAFNASVÆÐI	46
IÐNAÐARSVÆÐI	47
HAFNARSVÆÐI	47
SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ	48
ÓPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA	53
VATNSVERNDARSVÆÐI	56
NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI	60
HVERFISVERNDARSVÆÐI	65
ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI	66
EFNISTÖKUSVÆÐI	68
SORPFÖRGUNARSVÆÐI	73
ÓBYGGÐ SVÆÐI	75
VÖTN, ÁR OG SJÓR	76
SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ	77

UMHVERFISMÁL	79
SJÁLFBÆR PRÓUN	79
UMHVERFISÁSYND	79
MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	81
MARKMIÐ Í SVÆÐISSKIPULAGI	84
UMHVERFISÁHRIF AÐALSKIPULAGS	85
SVEITARSTJÓRNARMÁL	87
SAMEINING SVEITARFÉLAGA	87
STAÐARDAGSKRÁ 21	89
VÆGI AÐALSKIPULAGS	91
LAGALEG ÁKVÆÐI	91
UPPLÝSINGALEGT GILDI	92
FRAMFYLGD STEFNUMÖRKUNAR	92
FERLI SKIPULAGSVINNU	93
KYNNING OG SAMRÁÐ	93
AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA	93
ENDURMAT OG BREYTINGAR	94
HEIMILDIR	95
RITAÐAR HEIMILDIR	95
MYNDRÆN GÖGN	96
VIÐMÆLENDUR	97
VIÐAUKI	98
LAGA- OG REGLUGERÐAGREINAR	98

INNGANGUR

FORMÁLI

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005-2017 hefur verið unnið og hlotið samþykki af til þess bærum stjórnvöldum. Skipulagið byggir á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins með áornum breytingum til samræmis við aðalskipulagsáætlun Kjósarhrepps.

Kjósarhreppur er víðfeðmasta sveitafélag höfuðborgarsvæðisins og skipar sér í sérstöðu á meðal þeirra, með tilliti til landnotkunar og fjölda íbúa. Sveitarfélagið er fyrst og fremst landbúnaðarsvæði líkt og í öndverðu og verður það áfram enn um sinn. Framleiðsla búvara hefur verið aðal atvinnugrein íbúanna um aldir. Það er höfuð einkenni skipulagsáætlunar að land sé skipulagt að stærstum hluta sem landbúnaðarsvæði.

Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu sumarhúsabyggða til styrktar landbúnaði og áhersla lögð á að uppbygging nýrra íbúðarhúsa verði að jafnaði í tengslum við núverandi bæjartorfur. Ekki er gert ráð fyrir þéttbýli en heimilt er að skipuleggja byggingarlóðir með rúm lóðamörk. Áhersla er lögð á verndun og sjálfbæra nýtingu í hvívetna.

Þjónusta er skilgreind sem öflugasti vaxtarbroddur atvinnusköpunar við hlið landbúnaðar. Fjölbreytt tækifæri felast í hverskyns þjónustu, einkum vegna fjölbreyttra möguleika til útivistar og nálægðar við helsta þéttbýli landsins. Gerð er glögg grein fyrir þeim möguleikum í skipulagsáætluninni.

Ekki er gert ráð fyrir þéttbýli, eins og fyrr greinir, ekki stóriðju né uppbyggingu háspennumastra. Þá er ræktun með tilstuðlan líftækni óheimil, jafnframt er stórfellt fiskeldi og skipulagslaus uppðæling malarefna úr Hvalfirði hvoru tveggja forboðið. Með öðrum orðum þá er óheimilt að aðhafast nokkuð það sem hefur stórkostleg áhrif á umhverfið og skaðar ímynd lands og samfélags.

Allt land í sveitarfélaginu er í einkaeign og hefur vinna við aðalskipulagið því verið umfangsmeira en ella. Haft hefur verið víðtækt samráð við landeigendur og íbúa í skipulagsferlinu. Eðli málsins samkvæmt er verkið framandi fyrir leikmenn og er frá líður mun koma í ljós að þessi fyrsta útgáfa að aðalskipulagi fyrir Kjósarhrepp ber þess nokkur merki.

Það veldur nokkrum vonbrigðum að ekki tókst í þessum áfanga að skapa sátt um víðtækari göngu- og reiðleiðir en raun ber vitni. Þar sem land jarða í sveitarfélaginu er að stærstum hluta landbúnaðarsvæði og nýtt sem slíkt, eru það réttmæt sjónarmið landeiganda að landhelgun til annarra nota veldur vissu óhagræði og kann að vera ávísun á ágreining.

Þá veldur það áhyggjum að í svo þröngu sveitarfélagi sem Kjósinn er, þó ekki sé talað um þrönga dali og firði landsins, hversu umferðarmannvirkjum er ætlað rúmt svæði í regluverkinu. Segja má að stofn- og tengivegir í slíkri landlagsgerð helgi sér hrygginn úr viðkomandi landsvæði með því að helga fimmtung úr kílómetra samsíða vegi. Það hlýtur að vera verkefni Alþingis og skipulagsyfirvalda hér á landi að gera þær úrbætur á þessum þætti svo að við verði unað.

Það er von mín að það aðalskipulag sem hér lítur dagsins ljós verði haldbær grunnur og leiðavísir fyrir þá vistvænu uppbyggingu byggðar og mannlífs í Kjósarhreppi sem að er stefnt.

Oddviti Kjósarhrepps

SKILGREINING AÐALSKIPULAGS

Í skipulagsmálum hérlendis er stuðst við fjögur skipulagsstig: landsstig, svæðis- skipulagsstig, aðalskipulagsstig og deiliskipulagsstig. Aðalskipulag er skipulags- áætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal taka til alls lands innan þess og 115 m út frá stórstraumsfjöruborði þar sem það á við. Samkvæmt **skipulags- og bygg- ingarlögum (73/1997)** er allt landið skipulagsskylt og ber sveitarstjórn viðkom- andi sveitarfélags ábyrgð á að aðalskipulag sé gert. Lengd skipulagstímabils er mismunandi en það skal þó ekki vera skemmra en 12 ár. Aðalskipulagsáætlun skal annars vegar sett fram á skipulagsuppdrætti og hins vegar í greinargerð.

Í aðalskipulagsáætlun er mótuð stefna sveitarfélagsins um þróun byggðar og landnotkunar til næstu ára. Til þess að auðvelda framtíðarsýn er mikilvægt að styðjast við þær forsendur sem liggja til grundvallar aðalskipulaginu. Greint er frá helstu staðreyndum um sveitarfélagið sem stefnumörkun kemur svo til með að taka mið af. Lýsa ber eðlisrænum staðháttum, s.s. landslagi, jarðfræði, lífríki og veðurfari; jafnframt ber að greina frá þáttum er lúta að mannvist, s.s. atvinnu- og byggðaðróun, lýðfræðilegum þáttum og grunngerð samfélagsins.

Á uppdrætti aðalskipulags er allt land sveitarfélagsins skilgreint í tiltekna land- notkunarflokk. Má þar nefna svæði undir samgöngur, íbúðarbyggð, fristunda- byggð, atvinnustarfsemi, útivist, veitur og ýmis konar verndun. Í greinargerð eru í fyrstu dregin fram þau meginmarkmið sem stefnt er að í aðalskipulaginu, þegar þau hafa verið skilgreind er gerð grein fyrir stefnumörkun einstakra málaflokka. Eftir því sem tilefni er til skal skýra frá því hvaða leiðir verði farnar til að ná fram tilsettum markmiðum. Á skipulagsuppdrætti er sýnd fyrirhuguð landnotkun í sveitarfélaginu sem er í samræmi við þá stefnumörkun sem sett er fram í greinargerð. Grunnkort skipulagsuppdráttar skal m.a. sýna hæðar- línur, sveitarfélagamörk, jarðamörk, stöðuvötn, og vatnsföll. Einnig skulu þar koma fram öll helstu mannvirki sveitarfélagsins, s.s. byggingar, vegir og veitur. Ofan á grunnkortinu bætist svo við önnur skilgreind landnotkun.

ÚTLISTUN HUGTAKA

Greinargerð aðalskipulags er ekki síður ætluð almenningi en þeim sem fást við skipulagsmál; hún þarf því að vera aðgengileg og auðskilin. Í ljósi þess er ástæða til að setja fram stuttar skilgreiningar á nokkrum hugtökum tengdum skipulags- málum.

Aðalskipulagsáætlun: Áætlun sem sett er fram í Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017 þar sem gerð er grein fyrir stefnumörkun sveitarstjórnar Kjósar- hrepps í skipulagsmálum.

Byggingarleyfi: Samþykki sveitarstjórnar til að byggja, breyta og rífa hús eða önnur mannvirki. Ýmis mannvirkjagerð er þó undanþegin byggingarleyfi séu ekki um varanlegar húsbyggingar að ræða, t.d. mannvirkjagerð í tengslum við samgöngur, veitur og virkjanir. Flestar framkvæmdir sem undanþegnar eru byggingarleyfi eru háðar framkvæmdaleyfi (sjá skilgreiningu á hugtakinu "fram- kvæmdaleyfi" að neðan).

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Deiliskipulag á að taka mið af aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess.

Einkavegir: Vegir sem ekki teljast til þjóðvega. Veghald einkavega getur t.d. verið í höndum einstaklinga, félagasamtaka eða sveitarfélags.

Eyðijörð: Jörð sem ekki hefur verið setin í fimm ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki, nema sveitarstjórn og jarðeigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð.

Fornleifar: Fornleifar teljast til hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra minja sem gerðar hafa verið af manna völdum. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa og eru því friðaðar.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til einstakra framkvæmda sem ekki eru háðar ákvæði skipulags- og byggingarlaga um byggingarleyfi (sjá skilgreiningu á hugtakinu "byggingarleyfi" að ofan). Framkvæmdaleyfi skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Helgunarsvæði: Svæði meðfram þjóðvegum og veitum (vatns-, hita-, raf- og fjarskiptaveitum) þar sem ekki má staðsetja mannvirki nema með sérstöku leyfi.

Landbúnaður: Hvers konar varsla, verndun, nýtingu og ræktun búfjár, ferskvatnsdýra, lands og auðlinda þess til atvinnu- og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu er tengist slíkri starfsemi.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, s.s. undir atvinnustarfsemi, íbúðarbyggð, frístundabyggð, samgöngur, veitulagnir, útivist og náttúruvernd.

Landnotkunarflokkur: Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunarreit. Dæmi um landnotkunarflokkka eru svæði fyrir íbúðir, þjónustu, iðnað, landbúnað og frístundabyggð.

Landnotkunarreitur: Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.

Landsvegir: Vegir yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegir sem tengja saman landshluta, vegir innan þjóðgarða, og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lögbýli: Merkir í lögum þessum sérhverja jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins

Mat á umhverfisáhrifum: Ferli þar sem metin eru þau áhrif sem tiltekin framkvæmd munu hafa á umhverfi. Umhverfisáhrifin skulu metin áður en framkvæmd hefst.

Matsskyld framkvæmd: Framkvæmd sem er þess eðlis að framkvæmdaraðila ber skylda til að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum áður en sótt er um framkvæmdaleyfi.

Matsskýrsla: Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir. Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð matsskýrslu.

Meiri háttar framkvæmdir: Framkvæmdir sem vegna eðlis eða umfangs hafa veruleg áhrif á umhverfið. Það á t.d. við um framkvæmdir sem þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum.

Mengun: Efni, efnasambönd, örverur og eðlisfræðilegir þættir sem valda skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun getur einnig tekið til hávaða, ólyktar, geislunar, varmaflæðis og titrings.

Mótvægisáðgerðir: Áðgerðir sem beitt er til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

Safnvegir: Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegir að opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með færri en 200 íbúa.

Sjálfbær þróun: Þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Miða skal við að landi sé eigi skilað í verra ástandi til næstu kynslóða en það er nú.

Skipulagsáætlun: Áætlun þar sem gerð er grein fyrir stefnumörkun og markmiðum sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagsgreinargerð: Í greinargerð er lýst þeim forsendum sem liggja til grundvallar skipulagi. Gerð er grein fyrir skipulagsmarkmiðum og sett fram stefnumörkun um landnotkun og þróun byggðar.

Skipulagsreglugerð: Reglugerð nr. 400 frá árinu 1998 um gerð skipulagsáætlana. Í reglugerðinni er m.a. fjallað um framsetningu skipulagsáætlana, landnotkunarflokka og skilgreiningar þeirra, skipulagsskilmála og takmarkanir á landnotkun.

Skipulagsskilmálar: Bindandi ákvæði sem sett eru fram í skipulagsáætlun um það hvernig útfæra eigi einstök skipulagsmarkmið.

Skipulagstímabil: Tímabil sem stefnumörkun skipulagsáætlunar nær yfir. Aðal-skipulagsáætlun Kjósarhrepps tekur til 12 ára, frá 2005-2017.

Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur (kort) sem sýnir fyrirhugaða landnotkun sem er í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.

Stofnvegir: Vegir sem ná til svæða þar sem íbúar eru yfir 1000 og tengja slík svæði saman. Við það stofnvegakerfi sem þannig fæst skal tengja með stofnvegi þéttbýli 400 íbúa eða fleiri enda sé tengingin ekki lengri en 20 km. Stofnvegir tengja jafnframt þéttbýli með 200–400 íbúa ef tenging er ekki lengri en 5 km.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem nær til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Megin tilgangur svæðisskipulags er að ná fram samræmdri stefnu um sameiginleg hagsmunamál á viðkomandi svæði.

Tengivegir: Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er. Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð.

Umhverfi: Samheiti fyrir menn, samfélag, heilbrigði, menningu, atvinnu og efnisleg verðmæti; dýr, plöntur og annað í lífríkinu; jarðveg, sjó, vatn, loft og veðurfar, jarðmyndanir og landslag.

Umhverfisáhrif: Áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið. Talað er um bein og óbein áhrif, jákvæð og neikvæð áhrif, sammögnuð áhrif, varanleg og tímabundin áhrif, afturkræf og óafturkræf áhrif.

Umtalsverð umhverfisáhrif: Óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

Þéttbýli: Húsaþyrping þar sem íbúar eru ekki færri en 50 manns og fjarlægð milli íbúðarhúsa er að jafnaði ekki meiri en 200 metrar.

Þéttleiki byggðar: Landnýtingu er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfflatar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins. Reikningsstærðir eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha eru gjarnan notaðar.

Þjóðvegir: Vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar. Þeir skulu mynda samfelld vegakerfi til tengingar byggða landsins. Þjóðvegir greinast í stofnvegi, tengivegi, safnvegi, og landsvegi.

FRAMSETNING SKIPULAGSÁÆTLUNAR

Aðalskipulag Kjósarhrepps er annars vegar sett fram í greinargerð og hins vegar á uppdráttum. Greinargerð samanstendur af nokkrum meginköflum sem hver og einn greinist í frekari þemakafli. Uppdrættir eru þrjár talsins: **sveitarfélagsuppdráttur**, sem sýnir núverandi og fyrirhugaða landnotkun á skipulags-tímabili, **þemauppdráttur göngu- og reiðleiða** og **þemauppdráttur verndaðra svæða**. Uppdrættir allir eru í mælikvarða 1:50.000. Greinargerð og sveitarfélagsuppdráttur eru til staðfestingar umhverfisráðherra en þemauppdrættir ekki.

Á sveitarfélagsuppdrætti hafa landnotkunarreitir tilvísunarnúmer sem tilgreind eru í greinargerð; með slíku númerakerfi er ljóst hvar tiltekinn landnotkunarreitur sem fjallað eru um í greinargerð er staðsettur innan sveitarfélagsins. Veigamesti og einn mikilvægasti hluti greinargerðar, þ.e. kafli um "skipulagsáætlun", samanstendur af 22 þemaköflum. Í raun er hér um að ræða alla þá landnotkunarflokk sem tilgreindir eru í **skipulagsreglugerð (400/1998)**; þ.e.a.s fjallað um hvern landnotkunarflokk í sérstökum þemakafli.

Uppbygging landnotkunararkafli er í flestum tilfellum eins. Byrjað er á því að skýra frá skilgreiningu landnotkunarflokks; því næst er greint frá skilgreindum svæðum þess flokks í sveitarfélaginu; þá er sett fram ýmis stefnumörkun sem gildir um landnotkunarflokkinn; þar á eftir eru tilgreind stefnumarkandi ákvæði með hliðsjón af lögum og/eða reglugerðum; að lokum er almenn umfjöllun um málaflokkinn.

Í einstaka tilfellum er tiltekinn landnotkunarflokkur ekki skilgreindur í sveitarfélaginu; fyrrgreind uppbygging og umfjöllun í landnotkunararkafli á því eðlilega ekki við þar sem þannig háttar til. Í einstaka málaflokkum er auk fyrrgreindrar uppbyggingar bætt við yfirskriftum sem taka fyrir tiltekið þema.

Vegna smæðar mælikvarða sveitarfélags- og þemauppdráttar birtast viss fyrirbæri ekki í réttum hlutföllum, til að mynda eru svæði undir einum hektara í röngum hlutföllum. Svæði undir einum hektara eru auðkennd með hringtákn á skipulagsuppdrætti. Hringtákn gefur aðeins til kynna að tiltekin landnotkun sé á viðkomandi svæði en segir ekki til um lögun og stærð svæðisins. Uppgefin stærð svæða miðast við að land sé flatt; stærð víðfeðmra svæða sem liggja um heiðar og fjalllendi gefur því ekki fyllilega rétta mynd af flatarmáli svæðisins. Þar sem línuleg fyrirbæri, svo sem göngu- og reiðleiðir og veitulagnir, liggja þétt saman þarf í nokkrum tilfellum að hliðra línunum til svo þær verði greinilegar á uppdrætti.

LEIÐARLJÓS AÐALSKIPULAGSINS

Í aðalskipulagi er lögð áhersla á að mótun umhverfis og byggðar stuðli að velferð íbúa Kjósarhrepps. Verndun mikilvægra og merkra svæða er höfð í fyrirrúmi og áhersla lögð á að meðferð lands sé eins góð og kostur er; hvort tveggja með tilliti til nýtingar og umgengni.

MEGINMARKMIÐ

Í skipulags- og byggingarlögum (73/1997, 1. gr.) segir m.a.: "Markmið laga þessara er: að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi;

að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi;

að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi;

að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005-2017 gengur út frá að fyrrgreindri lýsingu sé fylgt eins og kostur er. Reyndar er það svo að viss atriði fá meira vægi en önnur í aðalskipulagsáætluninni. Í aðalskipulaginu er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi:

- **META LANDPÖRF FYRIR ÍBÚÐARBYGGÐ OG ATVINNUSTARFSEMI OG SKILGREINA SVÆÐI MEÐ TILLITI TIL ÞESS**
- **TAKA FRÁ SVÆÐI FYRIR FYRIRHUGAÐA LANDNOTKUN, T.D. FRÍSTUNDBYGGÐ, OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA OG EFNISTÖKU**
- **VERNDA SÉRSTÆÐ NÁTTÚRUFYRIRBÆRI, FORNLEIFAR OG ÖNNUR MERK MANNVIRKI SEM EKKI Hafa HLOTIÐ FRIDLÝSINGU**
- **TRYGGJA AÐ GJÖFULAR VATNSLINDIR, HVORT TVEGGJA NÝTTAR SEM ÓNÝTTAR, OG AÐRENNSLISSVÆÐI ÞEIRRA SÉU UNDIR VERND**
- **META HVAR PÖRF Á BÆTTUM VEGSAMGÖNGUM ER MEST OG SETJA FRAM STEFNU UM ÚRBÆTUR MEÐ TILLITI TIL ÞESS**
- **SKILGREINA FRAMTÍÐAR GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR OG HEFJA UPPBYGGINGU ÞEIRRA ÞANNIG AÐ ÞÆR VERÐI AÐGENGILEGAR OG EFTIRSÓKNARVERÐAR**
- **STUÐLA AÐ ÁFRAMHALDANDI ÞRÓUN LANDBÚNAÐAR OG MENNINGARLANDSLAGS Í SVEITARFÉLAGINU**
- **INNAN LANDBÚNAÐAR SÉ VIÐHÖFÐ BEITARSTÝRING ÞANNIG AÐ ÁGANGUR BÚFJÁR Á GRÖÐUR OG JARÐVEG TAKI MIÐ AF BEITARPOLI LANDS**
- **UMHVERFISÁSYND VERÐI BÆTT MEÐ FRÁGANGI Á FULLNÝTTUM EFNISTÖKUSVÆÐUM, UPPGRÆÐSLU ROFSVÆÐA OG AUKINNI SORPHREINSUN**
- **AÐALSKIPULAGSÁÆTLUN SÉ RAUNHÆF OG AÐ SEM FLEST ATRIÐI HENNA STANDIST ÚT SKIPULAGSTÍMABIL**
- **AÐALSKIPULAG SÉ HNTIMIÐAÐ OG NÝTIST SVEITARSTJÓRN SEM FRAMKVÆMDA-ÁÆTLUN OG SÉ LEIÐANDI VIÐ STJÓRNSÝSLU**

STAÐHÆTTIR

LANDFRÆÐILEG LEGA

Kjósarhreppur, sem er 302 km² að stærð, liggur í norðanverðri Kjósarsýslu. Hreppurinn liggur að þremur sveitarfélögum: Reykjavík, Bláskógabyggð og Hvalfjarðarsveit.

Mörk að Reykjavík liggja í megin atriðum þannig: frá Hvalfirði um Kiðafellsá og Miðdalsá; upp á vestanverða Esju um Kerlingagil; eftir ofanverðri Esju um Sel-fjall og Hábungu yfir í Móskaðshnúka; yfir Svínaskarð og yfir í Skálafell; þaðan niður Rjúpnagil.

Mörk að Bláskógabyggð (í Árnassýslu) liggja í megin atriðum þannig: úr Rjúpnagili yfir í Stóra-Sauðafell; um Kjósarskarð yfir að Stóröxl; um Hlíðar og þaðan eftir Kili og að Myrkavatni; um Leggjabrjót yfir í Háusúlu í Botnssúlum.

Mörk að Hvalfjarðarsveit (í Borgarfjarðarsýslu) eru merkt þannig inn á sveitarfélagsupprátt: frá Háusúlu vestur eftir Botnssúlum að Hríshálsi; eftir Múlafjalli og um Kötlugróf; þaðan til norðurs út í Botnsvog í Hvalfirði. Mörkin miðast við gögn frá Landmælingum Íslands en sveitarstjórn Kjósarhrepps hefur fyrirvara á um réttmæti þeirra þar sem eldri heimildir segja til um að mörkin liggja um Botnsá í Botnsdal.

Með tilliti til höfuðáttanna fjögurra afmarkast Kjósarhreppur í aðalatriðum af Reykjavík að sunnan og vestan, af Hvalfirði og Hvalfjarðarsveit að norðan, og af Bláskógabyggð að austan.

NÁTTÚRA

Landslag Kjósarhrepps er fagurt og fjölbreytilegt; þar er að finna mikilfengleg fjöll, hálsa og heiðar, dali og gil, undirlendi, vatnsföll, fossa, vötn, víkur og voga. Kunnugleg landslagsörnefni eru nánast í hverju fót máli, mætti þar m.a. nefna: Esju, Móskaðshnúka, Skálafell, Botnssúlur, Brynjudal, Reynivallaháls, Meðalfellsvatn, Laxá í Kjós, Laxvog, Hvalfjarðareyri og Hvalfjörð.

Hér á eftir fer upptalning á öllum helstu landslagsformum; þau er öll að finna á skipulagsupprætti.

Fjöll, hálsar og heiðar: Esja (norðanverð), Móskaðshnúkar (norðanverðir), Skálafell (norðanvert), Kjölur, Kjósarheiði, Botnssúlur (hluti fjallaklasans að sunnanverðu), Múlafjall (sunnan og vestanvert), Þrándarstaðafjall, Reynivallaháls, Sandfell, Meðalfell, Möðruvallaháls, Sandsfjall, Eyrarfjall.

Dalir: Miðdalur, Eilífsdalur, Flekkudalur, Eyjadalur, Laxárdalur, Svínadalur, Fossárdalur, Brynjudalur.

Vatnsföll: Kiðafellsá, Laxá, Bugða, Skorá, Dælisá, Miðdalsá, Flekkudalsá, Sandsá, Svínadalsá, Pverá, Hálsá, Fossá, Brynjudalsá.

Vötn og tjarnir: Meðalfellsvatn, Myrkavatn, Sandvatn, Grindagilstjörn, Sandfellstjörn, Eyjatjörn, Hurðarbakssef.

Vogar og víkur: Botnsvogur, Brynjudalsvogur, Hvammsvík, Laxvogur

Önnur landslagsform: Hvalfjörður, Hvalfjarðareyri, Búðasandur, Hvammshöfði, Hvítanes, Kjósarskarð, Þórufoss.

Á undirlendi er víða mjög gróðursælt. Einkum er að finna frjósöm svæði í Laxárdal, Eyjakrók (svæðið sunnan og austan Meðalfellsvatns), í Miðdal, og í Brynjudal; jarðvegur er þar djúpur og góður til ræktunar. Mestu votlendissvæði sveit-

arinnar eru í Laxárdal, og milli Laxvogs og Bugðu. Svæði vaxin náttúrulegu birki-kjarri eru nokkur í hreppnum; helst mætti þar nefna svæði í austurhluta Brynjudals, Fossárdal, og við Vindáhlíð. Þetta eru jafnframt þau svæði þar sem skipulögð skógrækt er stunduð.

Nokkrar veiðiár eru í Kjósarhreppi. Fyrst ber þar að nefna Laxá, eina af bestu laxveiðiá landsins, en einnig er veiði í Bugðu, Kíðafellsá og Brynjudalsá. Vatnsvíð Laxá, sem er um 25 km að lengd, er tæplega 150 km². Áin á upptök sín í Stíflisdalsvatni í Bláskógabyggð (Þingvallasveit). Fyrstu 1600 m rennur hún utan Kjósarhrepps. Lax gengur þó ekki lengra en að Þórufossi (18 m) sem er 600 m vestan sveitarfélagamarka; í ánni eru fjórir aðrir litlir fossar. Í mikilli vætutíð og/eða leysingum getur Laxá orðið að allmiklu fljóti og farið upp fyrir hefðbundin farveg sinn sem er víða lítt lægri en undirlendið beggja vegna árinna. Veiði er í Melafellsvatni.



REYNIVALLAHÁLS, LAXÁRDALUR, LAXÁ OG HURÐARBAKSSEF

Fjölbreytt fuglalíf er í Kjósarhreppi; meðal fuglategunda sem eiga þar varpland sitt er æðarfugl, kría og ýmsar tegundir mófugla. Leirur í Laxvogi, Brynjudalsvogi og Botnsvogi eru mikilvægur fæðuöflunarstaður fyrir fugla, hvort tveggja fyrir varpfugla og farfugla sem hafa þar viðkomu. Æðarvarp víða með ströndinni, einkum í Hvammsvík. Góðar kræklingafjörur eru einnig á ströndinni, m.a. í Laxvogi og við Fossá. Í raun má segja að Laxvogur og öll strandlengjan milli Hvammsvíkur og Botnsvogs séu mjög mikilvæg svæði varðandi sjávarlífríki og fuglalíf.

Undanfarin ár hefur minkur og refur verið nokkuð áberandi en reynt er að halda þeim frá byggð, ekki síst á vorin og sumrin þegar laxveiði og æðarvarp stendur yfir.

Kjósarhreppur liggur utan við virkasta hluta gosbeltisins sem liggur frá Reykjanesi til norðausturs að Hengilssvæðinu og þaðan áfram til norðausturs. Jarðmyndanir Kjósarhrepps eiga sér langa sögu sem hægt er að skipta niður á nokkur jarðsögutímabil. Berggrunnur sveitarfélagsins er að mestu leyti súrt gosberg sem er eldra en 11.000 ára. Basískt og ísúrt gosberg sem eru 0.8 - 3.3 milljón ára eru einkum að finna á fjórum stöðum; utan í vestanverðum Reynivallahálsi, austan í Möðruvallahálsi, Móskaðshnúkum, og Stóröxl í Kjósarskarði. Basísk og ísúr hraun- og setlög yngri en 0.8 milljón ára er einkum að finna í Kjósarskarði. Basískt og ísúrt mó- og bólstraberg yngri en 0.8 milljón ára eru á tveimur stöðum, þ.e. í Botnssúlum og á Hryggjum. Háls hólar við norðanverðan Laxvog munu vera díorítinnskot [Náttúrufræðistofnun Íslands 1998].

Esja er gerð úr basalt- og móbergslögum á víxl sem talin eru vera frá á fyrri hluta ísaldar. Móskaðshnúkar ausan Esju eru gerðir úr líparíti. Botnssúlur, sem er gömul megineldstöð, er frá síðari hluta ísaldar og talin hafa myndast við gos undir jökli. Öll eru þessi fjöll rómuð fyrir litbrigði og formfegurð. Hval-

fjörður hefur myndast á ísöld þegar skriðjöklar surfu jarðlögin með miklum þunga sínum; dýpstur er hann 84 m á móts við Kiðafell.

Ef litið er á jarðfræðina með hliðsjón af hagnýtum jarðefnum eru það aðeins byggingarefni sem nytsamleg eru. Í hreppnum eru töluvert um áreyrar og malarhjallar þar sem laus jarðefni er að finna. Ýmis not eru fyrir sand og mól, t.d. í steinsteypu, til vegagerðar og sem fyllingarefni í byggingargrunna. Stórgryti hefur einnig safnast saman á vissum stöðum sökum rofs og efnaveðrunar; það er nothæft sem fyllingarefni í brúar- og hafnargerð auk þess sem það er hentugt í varnargarða.

Jarðhiti er töluverður í landi Hvammsvíkur og Hvamms og þar hefur hann verið virkjaður. Borhola er í landi Fremri-Háls og er jarðhiti þar nýttur fyrir bæinn. Jarðvarma gætir einnig á móts við bæina Möðruvelli, Grímsstaði og Sogn en þar hefur hann ekki verið virkjaður.

Berglög í Kjósarhreppi eru almennt þétt og illa vatnsleiðandi. Ekki má búast við að ná miklu neysluvatni með borunum þó sums staðar dugi slíkt fyrir einstaka bæi eða frístundahús. Litlar lindir (< 1 l/s) er víða að finna sem gjarnan liggja í lausum yfirborðslögum, t.d. skriðum, áreyrum og aurkeilum.

VEÐURFAR

Veðurfar er almennt gott í sveitarfélaginu. Byggð svæði á undirlendi eru víða í góðu skjóli fyrir vindum. Suðaustanátt er í flestum tilfellum sú vindátt sem slæm getur verið á mörgum svæðum innan hreppsins; norðanátt er að jafnaði hagstæðust vindátt.

Úrkomutíð er mest á haustin en minnst á vorin. Að jafnaði er hlýjasti mánuðurinn júlí en sá kaldasti janúar. Á hlýjum sumardegum er ekki óalgengt að hitaskúr leiði með Esjunni inn yfir sveitina.

Svæðið er snjólétt á vetrum en snjór á þó til að safnast saman í skafrenningi; aðfenni getur t.d. verið töluvert í Miðdal og austanundir Möðruvallahálsi. Yfir háveturinn sést víða ekki til sólar þar sem byggð er víða norðanundir fjöllum og hálsunum.

ATVINNU- OG BYGGÐAÞRÓUN


Íbúum sveitarfélagsins hefur fækkað mikið frá því sem áður var; þeir voru um 450 um aldamót 19 og 20 aldar, rúmlega 300 um miðja síðustu öld, og 144 um síðustu aldamót. Kjósarhreppur hefur í gegnum tíðina fyrst og fremst verið landbúnaðarsamfélag og er svo reyndar enn. Sá þáttur sem mest áhrif hefur haft á fækkun íbúa er eflaust fækkun starfa í landbúnaði. Síðustu áratugi hafa róttækar breytingar í atvinnugreininni átt sér stað; vélvæðing hefur stóraukist og þörf á vinnuafli minnkað, búum hefur fækkað og rekstrareiningar stækkað.

Frá árinu 1995 fram til ársins 2004 stóð íbúafjöldi nokkurn veginn í stað þrátt fyrir áframhaldandi samdrátt landbúnaðar í hreppnum. Ástæða þess er m.a. sú að færst hefur í vöxt að atvinna sé sótt til höfuðborgarsvæðisins. Með breyttu viðhorfi fólks, bættum farartækjum og samgöngum þykir það ekki til-tökumál nú til dags að sækja vinnu lengra að en áður hefur þekkst. Á árinu 2005 fjölga íbúum hlutfallslega mikið sem m.a. má skýra með endurkomu ungs fólks sem ættað er úr hreppnum og fjölgun á erlendum starfsmönnum sem vinna við ýmis konar bústörf.


Fram til ársins 2005 var algengt að unga fólkið í hreppnum flytti á brott. Ýmislegt bendir til að sú þróun sé að breytast því árið 2005 bar nokkuð á því að ungt fólk, sem áður hafði flutt úr sveitarfélaginu til höfuðborgarsvæðisins, flytti

þangað aftur. Ein ástæða sem nefnd hefur verið fyrir því er hátt lóða- og hús-næðisverð á höfuðborgarsvæðinu.

Á meðfylgandi súluriti má sjá hvernig íbúafjöldapróun hefur verið síðustu tuttugu árin (heimild: Hagstofa Íslands).




Þegar litið er á súlurit að neðan um tölur síðustu tíu ára yfir mismun á fjölda aðfluttra og brottfluttra sést að nokkurra sveifna gæti þar á milli ára (heimild: Hagstofa Íslands); hvort tveggja með tilliti til heildarfjölda að- og brottfluttra milli ára, svo og mismun milli að- og brottfluttra tiltekin ár. Nokkurs jafnræðis gæti milli aðfluttra og brottfluttra flest árin. Árið 2005 sker sig úr en þá er fjöldi aðfluttra umfram brottfluttra er talsverður.




LÝÐFRÆÐI

Íbúar Kjósarhrepps voru í árslok 2005 162 talsins. Eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti er íbúafjöldi afar mismunandi eftir aldurshópum (heimild: Hagstofa Íslands, 2005). Sérstaka athygli vekur hversu lágt hlutfall íbúa er í aldurshópnum 20-29 ára (11). Eftirtektarvert er einnig hversu mikill munur er á íbúafjölda milli aldurs-hópanna 40-49 ára (41) annars vegar og 50-59 ára hins vegar (16).



Á meðfylgjandi súluriti má sjá skiptingu á milli kynja í sveitarfélaginu (heimild: Hagstofa Íslands, 2005). Í einungis einum aldurshóp (60-69 ára) eru kvenmenn fleiri en karlmenn; í fjórum aldurshópum eru kynjaskipti tiltölulega jöfn en í öðrum eru karlmenn áberandi fleiri. Á heildina litið eru karlmenn 28 fleiri en kvenmenn, þ.e. 95 á móti 67 kvenmönnum.



ÍBÚAFJÖLDASPÁ

Með hliðsjón af íbúafjöldapróun síðastliðin 20 ár, aldursdreifingu íbúa árið 2005, og breyttu starfsumhverfi innan sveitarfélagsins ætti ekki að búast við því að íbúum fjölgaði sem neinu nemur á skipulagstímabili. Sé hins vegar litið til þátta er varða breytingar á gildismati fólks og ytra starfsumhverfis, ásamt fjölgun milli árána 2004 og 2005, mætti búast við að fjöldi aðfluttra verði meiri en brottfluttra á komandi árum.

Reikna má með að annað hvort standi mannfjöldi nokkurn veginn í stað, eða það sem líklegra er að hægjara fjölgun verði. Rökstuðningur fyrir slíkri spá byggist á nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi verður ekki séð að störfum muni fjölga hlutfallslega mikið í sveitarfélaginu á næstu árum; forsendur fyrir slíkri spá gætu þó verið fljótar að breytast. Í annan stað ber að nefna að íbúar á barneignaraldri eru hlutfallslega fáir miðað við aðra aldurshópa og því ætti ekki að gera ráð fyrir mikilli náttúrulegri fjölgun á næstu árum. Það sem hins vegar á líklega eftir að

vega upp á móti þáttum sem ekki stuðla að fjölgun íbúa er fjöldi aðfluttra umfram brottfluttra á skipulagstímabili. Byggðapróun undanfarna áratugi hefur í meginatriðum einkennst af fólksflutningum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Slík þróun átti sér líka stað víða í Evrópu en í seinni tíð hefur aukin tillhneiging verið til flutninga fólks frá borgum til nærliggjandi dreifbýlissvæða. Búast má við að slík byggðapróun eigi eftir að verða hér á landi, ef vísir af henni sé þá ekki þegar hafin. Þættir sem stuðla að slíkri þróun eru auknir fjarvinnslumöguleikar með bættri fjarskiptatækni, bættar samgöngur og breytt gildismat fólks.

Segja má að nú þegar sé Kjósarhreppur orðinn hluti af höfuðborgarsvæðinu; sveitarfélagið liggur að Kjalarnesi í Reykjavík sem byggist nú ört upp. Svo virðist sem þeim fari fjölgandi sem ekki finnst tiltökumál að aka í hálf til eina klukkustund til og frá vinnu; á sama tíma fjölga þeim einnig sem kost hafa á því að vinna í heimahúsnæði þar sem fjarskiptatækni fleygir fram. Búast má við að því lengra sem líður á skipulagstímabil muni bera meira á fjölgun íbúa; fyrst um sinn vegna fjölda aðfluttra umfram brottfluttra og síðar vegna aukinnar fæðingartíðni.

Í árslok 2005 voru íbúar Kjósarhrepps 162 talsins. Forsendubættir sem áhrif hafa á íbúafjöldaþróun eru fljótir að breytast og því er erfitt að spá fyrir um hver íbúafjöldi kemur til með að vera í lok skipulagstímabils. Miðað við gefnar forsendur má reikna með að fjölgun muni nema 1-3 prósentustigum að jafnaði milli ára út skipulagstímabil; bjartsýnasta spá gerir ráð fyrir 6% fjölgun að meðaltali milli ára. Í meðfylgjandi töflu má sjá hver íbúafjöldi mun verða á mismunandi tímabilum miðað við fyrrgreinda fjölgun.

FJÖLGUN	2007	2009	2011	2013	2015	2017
1%	165	169	172	175	179	183
3%	172	182	193	205	218	231
6%	182	205	230	258	290	326

GRUNNGERÐ SVEITARFÉLAGSINS

Kjósarhreppur er dreifbýlissveitarfélag með landbúnað sem aðalatvinnugrein. Í hreppnum eru 35 jarðir í byggð og á flestum þeirra er stundaður landbúnaður í einhverri mynd. Meðal greina landbúnaðarins sem stundaðar eru í sveitarfélaginu eru nautgripærækt, sauðfjárrækt, alifuglarækt, skógrækt og ferðaþjónusta. Nokkuð er um að íbúar sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins enda ekki um langan veg að fara. Atvinnuástand hefur á undanförunum árum verið gott í sveitarfélaginu; til að mynda voru aldrei fleiri en tveir einstaklingar á atvinnuleysissskrá árið 2005 [Vinnumálastofnun 2005].

Grunnskólakennsla hófst í Ásgarðsskóla árið 1948. Kennsla var þar lögð af árið 2003 vegna þess hversu mikið börnum hefur fækkað í sveitarfélaginu. Börn á grunnskólaaldri sækja nú nám í Klébergsskóla á Kjalarnesi, en Kjósarhreppur hefur gert samkomulag um slíkt fyrirkomulag við Reykjavíkurborg. Framhaldskólamenntun sækja nemendur úr sveitarfélaginu að mestu leyti til höfuðborgarsvæðisins. Leikskóli er ekki lengur starfræktur í hreppnum líkt og áður var; ung börn eru það fá að engin grundvöllur er fyrir leikskólarekstri. Sveitarfélagið veitir hins vegar styrki þeim börnum sem sækja leikskóla annað.

Heilbrigðisþjónusta sækja íbúar að mestu til Heilsugæslustöðvar Mosfellsumdæmis. Sveitarfélagið sér til þess að öldruðum og sjúklingum sem ekki eru að fullu sjálfbjarga sé veitt félagsleg heimilisþjónusta ef þess er óskað. Löggæsla er í höndum sýslumannsembættis Reykjavíkur, þ.e. lögreglunnar í Reykjavík. Slökkviliðið höfuðborgarsvæðisins sér um slökkvistarf og sjúkraflutninga í Kjósarhreppi.

Á veitingastaðnum Kaffi Kjós er rekin lítil verslun yfir sumartímann þar sem hægt er að fá helstu nauðsynjavörur; að öðru leyti er verslun og þjónusta að mestu leyti sótt til Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. Póstflutningar frá Mosfellsbæ eru á hvert heimili alla virka daga. Félagsheimilið Félagsgarður er staðsett um miðbik sveitarinnar við Hvalfjarðarveg austan Laxvogs; þar eru haldnar ýmis konar samkomur. Í Félagsgarði er jafnframt skrifstofa hreppsins og við félagsheimilið stendur eini íþróttavöllur sveitarfélagsins. Í Ásgarðsskóla er hýst bókasafn; yfir sumartímann er húsnæðið jafnframt nýtt sem hótél fyrir stangveiðimenn. Tæplega 600 frístundahús eru skráð í sveitarfélaginu. Kirkja og kirkjugarður er að Reynivöllum og er félagsheimili hreppsins nýtt í tengslum við ýmsar athafnir í kirkjunni. Kristilegu félagasamtökin KFUK eru með aðsetur í Vindás-hlíð; þar er einnig lítil kirkja.

Vegakerfið samanstendur af stofn-, tengi-, safn- og einkavegum. Helstu þjóðvegir innan hreppsins eru Hvalfjarðarvegur (47), Kjósarskarðsvegur (48), Eyrarfjallsvegur (460) og Meðalfellsvegur (461). Hvalfjarðarvegur er allur með bundnu slitlagi og Kjósarskarðsvegur og Meðalfellsvegur að hluta til.

Öll lögbýli tengjast rafveitu, svo og flest frístundahús. Dreifikerfi, sem liggur frá spennistöðinni á Brennimel í Hvalfjarðarsveit yfir Hvalfjörð, er í eigu Rarik.

Borað hefur verið eftir heitu vatni í Hvammsvík og á Fremri-Hálsi; þess utan er engin hitaveita í hreppnum. Lögbýli, önnur en Hvammsvík og Fremri-Háls, nota flest öll rafmagn til upphitunar vatns.

Tvær vatnsveitur eru á vegum sveitarfélagsins. Annars vegar veita sem liggur frá vatnsbóli utan í Eyrarfjalli að íbúðarbyggðinni í Harðbalahverfi sunnan Laxvogar, ásamt bæjunum Blönduholti og Felli; hins vegar veita sem liggur frá vatnsbóli í hlíðum Reynivallaháls að Ásgarði og Félagsgarði. Að öðru leyti eru bæir með sín eign vatnsból og veitur frá þeim.

Skólpi er veitt í rotþrær um minni fráveitur. Gámþjónustan hf sér um sorphirðu í sveitarfélaginu og er sorp að jafnaði sótt á tveggja vikna fresti á sumrin en mánaðarlega á veturna; urðun fer fram í Álfsnesi.

Sorp móttökusvæði með nokkrum gámum er staðsett í landi Meðalfells þar sem flokkun á sorpi og öðrum úrgagni fer fram. Gámar fyrir heimilissorp eru staðsettir á flestum bæjum, við stærri frístundabyggðahverfi og í Harðbalahverfi .



ÁSGARÐSSKÓLI - VEIDIHÓTEL OG BÓKASAFN

SKIPULAGSFORSENDUR

FYRIRLIGGJANDI SKIPULAG

Þar sem svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag taka til sama lands skulu skipulagsstigin þrjú vera í innbyrðis samræmi. Svæðisskipulagi er ætlað að mynda stefnumarkandi ramma fyrir aðalskipulag, líkt og deiliskipulagi er ætlað að taka mið af aðalskipulagi. Í seinni tíð hafa skipulagsmál verið mun meira í brennidepli en áður og mikilvægt þykir að í gildi sé heildstæð skipulagsáætlun fyrir allt land. Öllum sveitarfélögum landsins, þar sem ekki liggur fyrir staðfest aðalskipulag, ber samkvæmt lögum að hafa lokið við gerð þess eigi síðar en árið 2008. Löggjöfin ætti almennt að tryggja að samræmi mun aukast í skipulagsmálum. Til að mynda mun tilætluð stefna um að í deiliskipulagi skuli kveðið nánar á um útfærslu aðalskipulags þjóna tilgangi sínum í ríkara mæli en áður hefur þekkt. Þegar fyrirbyggjandi deiliskipulög innan hreppsins voru gerð var ekkert aðalskipulag til að taka mið af. Á hinn bóginn þarf aðalskipulagsáætlun nú að taka tillit til samþykks deiliskipulags sem er í raun andstætt hugmyndum um ferli skipulagsstiga.

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005-2017 er það fyrsta sem gert er fyrir sveitarfélagið. Tiltækt er **Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024** sem unnið var fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin var skipuð fulltrúum frá Skipulagsstofnun og eftirtöldum sveitarfélögum: Kjósarhreppi, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Bessastaðahreppi. Skipulagsráðgjöf við gerð svæðisskipulagsins var í höndum nes Planners. Deiliskipulag hefur verið gert fyrir nokkur svæði í Kjósarhreppi; flest þeirra má sjá í töflu að neðan ásamt öðru samþykktu skipulagi. Þess ber að geta að dæmi eru um að skipulagsáætlanir hafi verið samþykktir af sveitarstjórn Kjósarhrepps án þess að Skipulagsstofnun hafi komið að staðfestingu þeirra; þær skipulagsáætlanir teljast ekki í gildi þar sem þær voru ekki unnar á grundvelli aðalskipulags sbr. **11. tl. bráðabirgða-ákvæða skipulags- og byggingarlaga**. Upplýsingar um skipulag sem ekki hefur borist Skipulagsstofnun er ekki að finna í meðfylgjandi töflu.

JÖRÐ/SVÆÐI	SKIPULAGSSTIG	SAMÞYKKT	SKIPULAGSRÁÐGJÖF
Háls	Annað	03.09.1970	Forverk
Eilífsdalur	Deiliskipulag	26.04.1980	Hnit
Eyjar II	Deiliskipulag	27.07.1988	Gestur Ólafsson
Hvammur	Deiliskipulag	01.09.1993	Arkitektar Bankastræti
Neðri-Háls	Annað	09.11.1995	Trausti Valsson
Eyrarkot	Deiliskipulag	08.01.1996	Lárus Guðmundsson
Harðalahverfi	Deiliskipulag	03.05.1999	Oddur Víðisson
Eyrarkot	Deiliskipulag	03.07.2000	ARKÍS
Hvammur/Hvammsvík	Deiliskipulag	28.08.2000	Landmótun
Eyrarkot	Deiliskipulag	25.02.2002	ARKO
Hlíðarás	Annað	15.08.2002	Arkþing
Hækingsdalur	Annað	24.02.2005	Landlínur

Skipulagsstofnun 2005

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 er fyrsta staðfesta svæðisskipulagið sem gert er fyrir höfuðborgarsvæðið. Við gerð þess var lögð áhersla á að ganga frá þeim málaflokkum sem grundvöllur var fyrir og samstaða var um hjá hlutaðeigandi sveitarfélögum. Þeim málefnum sem meiri undirbúnings-

tíma þyrftu við var slegið á frest fram að endurskoðun svæðisskipulagsins síðar. Í svæðisskipulaginu kemur fram að öll nánari útfærsla á stefnumörkun skuli fara fram við gerð aðalskipulags og hafi sveitarfélögin nokkuð frjálsar hendur um framkvæmd hennar.

Helstu atriði sem koma fram á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags sem ekki eru á sveitarfélagsupprætti svæðisskipulags eru eftirfarandi:

- fjölmörg ný svæði hafa verið skilgreind, t.d. svæði fyrir íbúðarbyggð (svæði fyrir búgarða), frístundabyggð, útivist og efnistöku
- nokkur svæði fyrir frístundabyggð hafa verið stækkuð
- fjallendi og heiðar sem nýtt er sem beitiland búfjár er skilgreint sem landbúnaðarsvæði en ekki sem óbyggt svæði
- verndarsvæði eru sýnd, þ.e vatnsverndarsvæði, náttúruverndarsvæði, þjóðminjaverndarsvæði og hverfisverndarsvæði
- veitulagnir eru sýndar, þ.e stofnlagnir vatns-, hita-, raf- og fjarskiptaveitna
- göngu- og reiðleiðir eru sýndar

LÖG OG REGLUGERÐIR

Við gerð aðalskipulagsáætlunar ber að styðjast við skipulags- og byggingarlög (73/1997) og skipulagsreglugerð (400/1998). Auk þess þarf að taka mið af fjölda annarra laga og reglugerða sem snerta skipulagsmál með einum eða öðrum hætti. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir þau lög og þær reglugerðir sem vitnað er til í greinargerð.

LAGAHEITI	NÚMER	ÚTGÁFUÁR
Búnaðarlög	70	1998
Girðingarlög	135	2002
Jarðalög	81	2004
Lög um búfjárhald	103	2002
Lög um eiturefni og hættuleg efni	52	1988
Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir	7	1998
Lög um húsafriðun	104	2001
Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu	36	1993
Lög um landgræðslu	17	1965
Lög um landshlutabundin skógræktarverkefni	56	1999
Lög um lax- og silungsveiði	76	1970
Lög um meðhöndlun úrgangs	55	2003
Lög um mat á umhverfisáhrifum	106	2000
Lög um náttúruvernd	44	1999
Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu	57	1998
Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi	61	1992
Lög um skógrækt	3	1955
Lög um skráningu og mat fasteigna	6	2001
Lög um varnir gegn landbroti	91	2002
Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda	33	2004
Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum	64	1994
Orkulög	58	1967
Raforkulög	65	2003

Skipulags- og byggingarlög	73	1997
Sveitarstjórnarlög	45	1998
Vatnalög	15	1923
Vegalög	45	1994
Þjóðminjalög	107	2001
REGLUGERÐARHEITI	NÚMER	ÚTGÁFUÁR
Byggingarreglugerð	441	1998
Reglugerð um fráveitur og skólp	798	1999
Reglugerð um hollustuhætti	941	2002
Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats	505	2000
Reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda	583	2000
Reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir	1000	2005
Reglugerð um loftgæði	787	1999
Reglugerð um meðhöndlun seyru	799	1999
Reglugerð um meðhöndlun úrgangs	737	2003
Reglugerð um neysluvatn	536	2001
Reglugerð um raforkuvirki	264	1971
Reglugerð um spilliefni	806	1999
Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	785	1999
Reglugerð um varnir gegn mengun vatns	796	1999
Reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri	804	1999
Skipulagsreglugerð	400	1998

EIGNARHALD LANDS

Landnotkun í Kjósarhreppi ræðst að miklu leyti af því hvernig landeigendur hafa áformað að ráðstafa landi sínu. Landeiganda er almennt frjálst að skipu- leggja land sitt eins og hann kys svo framarlega sem landnotkun sé í samræmi við gildandi lög og reglur um meðferð lands, og að samþykki sveitarstjórnar og skipulagsyfirvalda liggja fyrir. Í vissum tilfellum þarf sveitarstjórn að fá land í einkaeign til umráða fyrir tiltekna notkun svo að eðlileg framþróun sveitarfélagsins nái fram að ganga. Ekki næst þó alltaf samkomulag við landeiganda um afnot lands og getur sveitarfélagið þá beitt heimild sinni til eignarnáms. Í **skipulags- og byggingarlögum (73/1997, 32. gr.)** segir m.a.: “Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt sveitarstjórn heimild til að taka eignarnámi landsvæði, fasteignir og efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku innan sveitarfélagsins ef nauðsyn ber til vegna áætlaðar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.” Sama máli getur gengt um einstök fyrirtæki sem háð eru afnotum af landi í einkaeign, t.d. undir vegi og veitulagnir. Réttur fyrirtækja á afnotum lands er mikill undir þess háttar mannvirki þar sem sterkir almanna hagsmunir liggja að baki.

Samkvæmt **Jarðaskrá 2005** eru 47 jarðir skráðar í Kjósarhreppi og af þeim eru 35 í ábúð. Á 27 bújörðum af 35 er landeigandi jafnframt ábúandi. Flestar jarðirnar eru í eigu einstaklinga en nokkrar í eigu fyrirtækja og ríkis. Jarðamörk (fengin frá Rala), sem sýnd eru til skýringar á sveitarfélagsupprætti, eru birt með fyrirvara um nákvæmni. Þau eru að mestu leyti unnin eftir munnlegum

heimildum og eru ekki eins nákvæm og landamerkjabréf eða þinglýst jarða-mörk. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar allar skráðar jarðir í sveitarfélaginu.

JÖRÐ	LANDNÚMÉR	JÖRÐ	LANDNÚMÉR
Blönduholt	125911	Írafell	126136
Bær (í eyði)	125953	Káranes	126138
Eilífsdalur	126024	Káraneskot	126142
Eyjar I	125954	Kiðafell	126143
Eyjar II	125987	Laxárnes	126160
Eyrarkot	126029	Meðalfell	126165
Eyri (í eyði)	126030	Miðdalur	126371
Fell	126037	Morastaðir	126374
Flekkudalur	126038	Möðruvellir I	126379
Fossá (í eyði)	126041	Möðruvellir II	126450
Fremri-Háls	126047	Neðri-Háls	126452
Grímsstaðir	126052	Reynivellir	126457
Griótreyri	126053	Sandur (í eyði)	126459
Háls	126085	Skorhagi (í eyði)	126466
Hjalli	126099	Sogn I (í eyði)	126469
Hjarðarholt (í eyði)	126102	Sogn II	126468
Hlíðarás	126103	Útskálahamar (í eyði)	126470
Hrísakot (í eyði)	126104	Valdastaðir I	126475
Hurðarbak	126105	Valdastaðir II	126478
Hvammsvík	126106	Vindás (í eyði)	126483
Hvammur (í eyði)	126107	Þorláksstaðir	126489
Hvítanes (í eyði)	(nr. vantar)	Þrándarstaðir	126490
Hækingsdalur	126130	Þúfa	126493
Ingunnarstaðir	126134	Þúfukot	126494

Landbúnaðarráðuneytið 2005

FJÁRHAGUR

Á undanförunum árum hefur fjárhagsstaða margra íslenskra sveitarfélaga þrengst og er Kjósarhreppur engin undantekning frá þeirri þróun. Töluverðar breytingar urðu á útgjaldahlutfalli sveitarfélaganna með yfirtöku þeirra á rekstri grunnskólanna. Á síðustu árum hefur um 60% allra rekstrarútgjalda Kjósarhrepps runnið til fræðslu- og uppeldismála; um 40% skiptist á fjölda annarra málaflokka. Aðeins rúmlega 20% rekstrarútgjalda fóru árið 2005 til fjögurra málaflokka sem einna mest varða skipulagsmál þ.e. skipulags- og byggingarmál, umhverfismál, umferðar- og samgöngumál, og hreinlætismál (Ársreikningur Kjósarhrepps 2005).

Á næstu árum stefnir í að fleiri verkefni verði færð frá ríki til sveitarfélaga, t.d. þau sem snúa að nærþjónustuverkefni á sviði heilbrigðisþjónustu, málefnum fatlaðra og ákveðnir hlutar opinbers eftirlits. Ljóst má vera að nokkrar af þeim framkvæmdum sem stefnt er að í aðalskipulagsáætlun eru kostnaðarsamar. Áhersla er lögð á að skipulagsáætlun sé raunhæf með tilliti til kostnaðar framkvæmda. Auðvelt hefði verið að setja fleiri mál á stefnuskrá en gert er í aðalskipulaginu en vitanlega er ekki hægt að framkvæma alla þá hluti sem vilji stendur til. Eitt skilgreindra meginmarkmiða aðalskipulagsins er að skipulagsáætlun sé raunhæf og að sem flest atriði hennar standist út skipulagstímabil; til þess að svo megi verða þarf augljóslega að taka mið af fjárhagslegum forsendum jafnt sem öðrum þáttum.

SKIPULAGSÁÆTLUN

ÍBÚÐARSVÆÐI

SKILGREINING ÍBÚÐARSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

Á skipulagsuppdrætti er ekkert íbúðarsvæði skilgreint

ÞÉTTBÝLI

SKILGREINING ÞÉTTBÝLIS Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

Á skipulagsuppdrætti er ekkert þéttbýli skilgreint

SAMGÖNGUR

SKILGREINING SAMGANGNA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólreiða- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki.

SKILGREINDAR SAMGÖNGUR Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

<u>SAMGÖNGUR</u>	<u>LENGD</u>	<u>TILVÍSUN</u>
Stofnvegir	31.75 km	SV
Tengivegir	39.03 km	TV
Safnvegir	20.14 km	—
Göngu- og reiðleiðir	—	—

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

VEGSAMGÖNGUR

- Bundið slitlag verði lagt á alla tengivegi sem eru með malarslitlagi.

- Ný tvíbreið brú verði byggð á sama stað og núverandi brú yfir Laxá á Hvalfjarðarvegi.
- Endurnýjaðir verði þeir vegvísar heim að bæjum sem ekki standast staðla Vegagerðarinnar.
- Vegir skulu lagðir samsíða hæðarlínum eins og kostur er í hallandi landi.
- Hindra aðkomu búfjár að stofn- og tengivegum með því að girða helgunarsvæði þeirra af.

GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR

- Byggt sé upp heildstætt göngu- og reiðleiðkerfi í sveitarfélaginu.
- Bæta aðgengi að núverandi göngu- og reiðleiðum.
- Umferð gangandi manna að og með Meðalfellsvatni þar sem frístundabyggð er þéttust verði gerð greiðfærari en nú er.
- Hlið skulu sett þar sem girðingar þvera skilgreindar göngu- og reiðleiðir.
- Gerðir verði áningastaðir með upplýsingaskilti og sorpiláti við upphaf og enda helstu gönguleiða.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF LÖGUM OG REGLUGERÐUM

VEGSAMGÖNGUR

- Haft skal samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá.
- Áhersla skal lögð á að við hönnun vega sé leitast við að þeir falli vel að náttúrulegu umhverfi.
- Ekki skal byggja nær stofn- og tengivegum en sem nemur 100 metrum og ekki nær safnvegum en 50 metrum.
- Húsbyggingar, veitur og önnur mannvirki er óheimilt að staðsetja nær miðlínu stofnvegum en sem nemur 30 metrum, og nær miðlínu annarra þjóðvega en sem nemur 15 metrum, nema að samþykki Vegagerðarinnar liggi fyrir.
- Framræsluskurði er óheimilt að grafa nær miðlínu stofnvegum en sem nemur 30 metrum, og nær miðlínu tengivegum en sem nemur 15 metrum, nema að samþykki Vegagerðarinnar liggi fyrir.
- Lausaganga búfjár er óheimil meðfram stofn- og tengivegum.
- Kortleggja skal hávaða við stóra vegi og hávaðamengun út frá þeim.
- Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri eru ávallt háðir mati á umhverfisáhrifum.
- Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning vega samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd er ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.
- Alla nýja vegi utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR

- Girðingu er óheimilt að setja niður að sjávar-, vatns- og árbakka þannig að hún hefti umferð gangandi manna.
- Hlið skulu sett á girðingu ef girða þarf yfir skipulagðan göngustíg, eða reiðveg.

VEGSAMGÖNGUR - ALMENN UMFJÖLLUN

Vegakerfi Kjósarhrepps samanstendur af þjóðvegum í umsjá Vegagerðarinnar og einkavegum þar sem veghald er yfirleitt í höndum landeigenda. Þjóðvegir innan hreppsins teljast ýmist til stofnvega, tengivega eða safnvega (sjá skilgreiningu vegflokka í kafla um "útlistun hugtaka"). Enginn landsvegur er í sveitarfélaginu.

Til stofnvega telst Hvalfjarðarvegur (47). Innan sveitarfélagsins nær hann frá sveitarfélagamörkum við Reykjavík við Kiðafellsá að mörkum við Hvalfjarðarveit í Botnsvogi, samtals 30.75 km. Hvalfjarðarvegur er allur með bundnu slitlagi enda hluti Hringvegarins fyrir tilkomu jarðganga undir Hvalfjörð. Veghelgunarsvæði Hvalfjarðarvegar er 30 m frá miðlínu vegar til beggja handa.

Til tengivega teljast Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur (461) og Eyrarfjallsvegur (460).

Kjósarskarðsvegur liggur milli Hvalfjarðarvegar við Laxvog og Pingvallavegar í Bláskógabyggð. Innan Kjósarhrepps, þ.e. að hreppamörkum við Stóröxl, er vegurinn 17.11 km langur. Kjósarskarðsvegur er með bundu slitlagi frá Hvalfjarðarvegi og inn fyrir Vindás við Möðruvallareyrar.

Meðalfellsvegur er 10.76 km langur og liggur alfarið innan sveitarfélagsins. Nær hann frá Hvalfjarðarvegi austan Skorár að Kjósarskarðsvegi sunnan Vindáshlíðar; vegurinn er með bundnu slitlagi frá Hvalfjarðarvegi og inn fyrir Hjalla.

Eyrarfjallsvegur liggur meðfram sunnan- og austanverðu Eyrarfjall og tengist Hvalfjarðarvegi beggja vegna fjallsins. Vegurinn er alls 11.16 km langur og liggur alfarið innan Kjósarhrepps að undanskildri um 1200 m vegalengd þar sem hann fer yfir í sveitarfélagamörk við Reykjavík; vegurinn er allur með malarslitlagi.


Helgunarsvæði allra tengivega er 15 m frá miðlínu vegar til beggja handa.

Safnvegir eru fjölmargir í sveitarfélaginu og er helgunarsvæði þeirra það sama og tengivega, þ.e. er 15 m frá miðlínu vegar til beggja átta. Á skipulagsuppdrætti ber að sýna alla stofn- og tengivegi, en auk þeirra eru allir safnvegir og helstu einkavegir sýndir til skýringar. Í meðfylgjandi töflu eru upplýsingar um alla þjóðvegi í Kjósarhreppi [Vegaskrá 2005].

VEGHEITI	NÚMER	VEGFLOKKUR	LENGD	SLITLAG
Hvalfjarðarvegur	47	stofnvegur	30.75 km	bundið slitlag
Kjósarskarðsvegur	48	tengivegur	17.11 km	bundið slitlag/möl
Eyrarfjallsvegur	460	tengivegur	11.16 km	malarslitlag
Meðalfellsvegur	461	tengivegur	10.76 km	bundið slitlag/möl
Neðri-Hálsvegur	4650	safnvegur	200 m	malarslitlag
Neðri-Hálsvegur	4650	safnvegur	30 m	malarslitlag
Miðdalsvegur	4671	safnvegur	50 m	malarslitlag
Hvammsvíkurvegur	4708	safnvegur	670 m	malarslitlag
Morastaðavegur	4803	safnvegur	250 m	malarslitlag
Kiðafellsvegur	4804	safnvegur	410 m	malarslitlag
Kiðafellsvegur 1	4807	safnvegur	90 m	malarslitlag
Púfuvegur	4814	safnvegur	150 m	malarslitlag
Blönduholtsvegur	4817	safnvegur	480 m	malarslitlag
Fellsvegur	4821	safnvegur	30 m	malarslitlag
Dælisárvegur	4823	safnvegur	700 m	malarslitlag
Porlaksstaðavegur	4824	safnvegur	1.33 km	malarslitlag
Káranesvegur	4827	safnvegur	880 m	malarslitlag
Hurðarbaksvegur	4828	safnvegur	440 m	malarslitlag
Meðalfellsvegur	4831	safnvegur	160 m	malarslitlag

Flekkudalsvegur	4834	safnvegur	2.28 km	bundið slitlag/möl
Ejyavegur	4837	safnvegur	270 m	malarslitlag
Borgarhólsvegur	4841	safnvegur	10 m	malarslitlag
Hvassnesvegur	4846	safnvegur	130 m	malarslitlag
Hlíðarásvegur	4847	safnvegur	1.10 km	malarslitlag
Hækingsdalsvegur	4851	safnvegur	110 m	malarslitlag
Írafellsvegur	4853	safnvegur	1.11 km	malarslitlag
Fremra-Hálsvegur	4854	safnvegur	490 m	malarslitlag
Vindáshlíðarvegur	4857	safnvegur	1.17 km	malarslitlag
Reynivallakirkjuvegur	4864	safnvegur	210 m	malarslitlag
Reynivallavegur	4867	safnvegur	10 m	malarslitlag
Sognsvegur	4871	safnvegur	40 m	malarslitlag
Valdastaðavegur	4874	safnvegur	90 m	malarslitlag
Grímsstaðavegur	4877	safnvegur	190 m	malarslitlag
Ásgarðsvegur	4881	safnvegur	20 m	malarslitlag
Ingunnarstaðavegur	4891	safnvegur	4.12 km	malarslitlag
Litlu-Tunguvegur	4893	safnvegur	120 m	malarslitlag
Laxárnesvegur	4894	safnvegur	180 m	malarslitlag
Lækjarbrautarvegur	4895	safnvegur	470 m	malarslitlag
Hreggnasavegur	4896	safnvegur	430 m	malarslitlag
Eyrarkotsvegur	4897	safnvegur	610 m	malarslitlag
Eyrarvegur	4899	safnvegur	90 m	malarslitlag

Engar almenningsamgöngur eru í sveitarfélaginu ef frá er talinn skólaakstur grunnskólanema. Umferðartalning í umsjá Vegagerðarinnar hefur farið fram á Hvalfjarðarvegi við Fossá um nokkurra ára skeið. Meðfylgjandi línurit sýnir talningu frá tveimur árum; annars vegar frá 1996 þegar Hvalfjarðargöng voru ekki komin til sögunnar og hins vegar frá árinu 2003.



Með tilkomu Hvalfjarðarganga 1998 dró verulega úr umferð um Kjósarhrepp. Fyrir komu ganganna var Hvalfjarðarvegur hluti af Hringveginum og gat umferð um hann orðið mjög þung. Mest er umferðin í sveitarfélaginu um helgar að sumarlagi þegar á ferð eru notendur frístundahúsa í hreppnum, ásamt ferðamönnum sem leggja leið sína fyrir Hvalfjörð eða milli hans og Þingvalla um Kjósarskarð; þess utan er umferð almennt tiltölulega lítil. Með hliðsjón af íbúafjöldaspá og væntanlegri fjölgun frístundahúsa í Kjósarhreppi, ásamt almennri

fjölgu ferðamanna um Ísland, má ljóst vera að umferð um sveitarfélagið mun aukast á næstu árum; hversu mikið er ekki gott að spá um. Ekki er þó gert ráð fyrir að um stórfellda umferðaraukningu verði að ræða.

Í ritinu **Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi** (Umhverfissráðuneytið; júlí 1998) eru sett fram eftirfarandi meginmarkmið í samgöngu- og ferðamálum: „Markmið með sjálfbærum samgöngum á Íslandi er að auðvelda hagkvæma nýtingu landsins í atvinnuskyni og að auðvelda okkur að njóta þess sem einstaklingar til útivistar og hagsældar án þess að nýra landgæði eða möguleika komandi kynslóða. Reynt verði að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum á landi, í lofti og á sjó til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Einnig verði leitast við að draga úr þörf fyrir flutninga, m.a. með notkun nýrrar tækni í fjarskiptum. Draga skal úr sjónmengun, jarðraski og annarri mengun samfara vegagerð og halda áfram uppgræðslu vegsvæða.” Stefnt skal að fyrrgreind markmið verði höfð að leiðarljósi á skipulagstímabili aðalskipulagsins og um ókomna framtíð.

Gróðurhúsaáhrif eru í dag talin vera ein helsta ógnunin við sjálfbæra þróun. Þar sem bifreiðar nota nánast eingöngu jarðefnaeldsneyti enn sem komið er eiga vegsamgöngur mikinn þátt í losun gróðurhúsalofttegunda (sérstaklega CO₂) og þar með loftlagsbreytingum og gróðurhúsaáhrifum. Þættir sem nefndir hafa verið upp sem mikilvægir séu til að ná árangri í minnkun losunar CO₂ frá bifreiðum eru m.a. þessir: Í fyrsta lagi að viðhorfsbreyting þurfi að verða hjá almenningi hvað varðar samdrátt í akstri og val á tegundum bifreiða (t.d. díselbíla í stað bensínbifreiða, og litla bíla í stað stórra). Í annan stað að dregið sé úr orkunotkun með því að leggja bundið slitlag á sem flesta malarveg; rannsóknir hafa leitt í ljós að eldsneytisnotkun fólksbifreiða sé a.m.k. 20% minni á vegum með bundnu slitlagi en þeim sem eru með malar slitlagi (munurinn fyrir stærri og þyngri bíla er enn meiri). Í þriðja lagi að skipulagsvinna miðist við að stytta akstursleiðir og draga úr akstursþörf. Hvað Kjósarhrepp áhrærir ætti jákvæð þróun viðkomandi fyrstu tveimur þáttunum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Hvað þriðja þáttinn snertir verður ekki auðvelt að breyta þar miklu um. Með hliðsjón af legu vegstæða er vegakerfið í sveitarfélaginu almennt gott. Fjölförnustu vegir (stofn- og tengivegir) eru hvergi óþarflega langir og engin áform eru að hálfu Vegagerðarinnar um byggingu nýrra tengivega í hreppnum.

GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR – ALMENN UMFJÖLLUN

Fjölmargar göngu- og reiðleiðir eru í Kjósarhreppi. Á sveitarfélagsuppdrætti hafa göngu- og reiðleiðir sams konar framsetningu. Á þemauppdrætti göngu- og reiðleiða er hins vegar gerður greinarmunur á göngu- og reiðleiðum. Þær göngu- og reiðleiðir sem færðar eru á sveitarfélags- og þemauppdrátt eru eftirfarandi:

Hvalfjarðarvegur – reiðleið meðfram Hvalfjarðarvegi með frávikum við Eyrarkot og Práandarstaðafjall.

Hvalfjarðareyri – gönguleið út á Hvalfjarðareyri.

Eyrarfjallsvegur – reiðleið meðfram öllum Eyrarfjallsvegi.

Eyrarfjall – gönguleið á Eyrarfjall frá Eyrarkoti um Bæjargil.

Dælisá – reiðleið meðfram Dælisá milli Eyrarfjallsvegar og Meðalfellsvegar, og milli Dælisár að Flekkudals.

Meðalfellsvegur – reiðleið meðfram öllum Meðalfellsvegi.

Meðalfell – gönguleið upp á Meðalfell, um Klauf að austanverðu og Sveppabala að vestanverðu.

Meðalfellsvatn – gönguleið meðfram öllu Meðalfellsvatni.

Kjósarskarðsvegur – reiðleið meðfram Kjósarskarðsvegi frá Hvalfjarðarvegi að Vindáshlíð.

Porláksstaðavegur – reiðleið með Porláksstaðavegi milli Meðalfellsvegar og Porláksstaða.

Laxá – reiðleið meðfram Laxá frá Porláksstöðum að sveitarfélagamörkum við Bláskógabyggð.

Leggjarbrjótur – forn þjóðleið milli Brynjudals og Þingvalla um Hrísháls, og milli Botnssúlna og Sandvatns – göngu- og reiðleið.

Brynjudalsá – gönguleið með Brynjudalsá milli Ingunnarstaða og Sandvatns.

Brynjudalur – reiðleið með Ingunnarstaðavegi milli Ingunnarstaða og Brynjudalsvogar.

Gíslagata - forn alfaraleið yfir Reynivallaháls frá mörkum Reynivalla og Vindáss við Gíslholt og að Fossá – gönguleið.

Kirkjustígur - forn alfaraleið yfir Reynivallaháls milli bæjanna Reynivalla og Fossár – göngu- og reiðleið.

Reynivallaháls – gönguleið eftir Reynivallahálsi milli Kirkjustígs og Hvalfjarðarvegar við Hálsenda.

Sandfell – gönguleið frá Vindáshlíð á Sandfell.

Svínaskarðsvegur – forn þjóðleið milli Kjósar og Reykjavíkur – liggur um Svínaskarð, Svínadal, Vindáshlíð, Hryggi, Dauðamannsbrekkur og Fossárdal - göngu- og reiðleið.

Skálafell – gönguleið á Skálafell úr Svínadal.

Móskarðshnúkar og Trana – gönguleið frá Svínadal eða Eyjadal á Trönu og Móskarðshnúka.

Eyjadalur – gönguleið inn í botn Eyjadals.

Esjuhorn og Seltindur – gönguleið um Sandsfjall á Esjuhorn og Seltind í Esju.

Skálatindur – gönguleið um Nónbungu á Skálatind í Esju.

Eilífsdalur og Eilífstindur – gönguleið inn Eilífsdal og upp á Eilífstind í Esju.

Pórnýjartindur – gönguleið um Múlarönd á Pórnýjartind í Esju.

Selfjall – gönguleið frá Miðdal á Selfjall í Esju.

Háabunga – gönguleið á Háabungu í Esju um Selfjall, Pórnýjartind, Skálatind eða Esjuhorn.



MEÐALFELLSVATN, SKÁLATINDUR OG PÓRNÝJARTINDUR Í ESJU

Kjósarhreppur hefur upp á fjölbreytta náttúru að bjóða. Þar er að finna fallegfjöll, vötn og vatnsföll, víðáttumikil heiðarlönd, birkiskóga, o.fl. Búast má við

vaxandi ásókn útivistarfólks á tiltekin svæðið innan sveitarfélagsins á skipulags-tímabili, ekki síst náttúruunnendur af höfuðborgarsvæðinu vegna nálægðar við hreppinn. Til að mæta líklegri fjölgun ferðafólks í hreppnum þarf að auka aðgengi frá því sem nú er. Stefna skal að því að leggja bílastæði við upphaf og enda þeirra gönguleiða þar sem þau eru ekki fyrir. Jafnframt skal stefnt að því að reisa skilti við bílastæði sem gefa til kynna helstu upplýsingar um tiltekna gönguleið, s.s. leiðarheiti, helstu örnefni, lengd leiða, hæð yfir sjávarmáli, og GPS-leiðarpunkta. Þar sem gönguleiðir fara um kjarri vaxin svæði þarf að sjá til þess að grisjun fari fram þar sem hennar er þörf. Þar sem gönguslóði er óljós og hætta er á að fólk fari út af leið ætti að merkja með stikum. Varast ber þó að nota stikur í óhófi þannig að þær verði ekki of áberandi í landslagi.

Í **Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024** segir m.a. um reiðleiðir: "Stefnt er að því að skipulagt verði reiðvegakerfi í útjaðri byggðar á svæðinu, aðgreint frá annarri umferð. Gert er ráð fyrir að tillaga að slíkum stíganetum liggja fyrir við fyrstu endurskoðun svæðisskipulagsins."

Til þess að hægt sé að ná fram heildstæðu kerfi reiðleiða á landinu öllu er nauðsynlegt að í hverju sveitarfélagi sé til framtíðaráætlun um reiðleiðir. Í **vegalögum (45/1944, 17. gr.)** segir m.a.: "Í vegáætlun skal veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög." Brýnt er að samræmi verði milli áætlana um reiðvegi og skipulagsáætlana sveitarfélaga. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að lega reiðvega sé ákveðin í aðalskipulagi. Samkvæmt gildandi reglum er fjármunum til reiðvegagerðar að hálfu hins opinbera aðeins úthlutað ef reiðvegir eru færðir inn á skipulagsuppdrætti.

Æskilegt er að aðskilnaður reiðvega og annarrar umferðar sé sem mestur, en þar sem því verður ekki komið við verður að leggja áherslu á öryggisþátt vegfarenda. Þar sem lágmarksfjarlægðir frá þjóðvegi nást ekki við núverandi aðstæður skal leitast við að finna reiðleiðinni annan stað fjær akvegi, eða tryggja öryggi bíla- og hestaumferðar með merkingum eða öðrum ráðstöfunum.

Reiðvegakerfi í hreppnum er víða ábótavant. Meðfram þjóðvegum hefur aðeins verið lagður reiðvegur með hluta af Eyrarfjallsvegi. Hestamenn hafa því oft á tíðum notað þjóðvegi með malarslitlagi sem reiðvegi. Reiðleiðir á skipulagsuppdrætti eru víða sýndar meðfram þjóðvegum en þó með fyrirvara um nákvæmni legu. Þar sem fyrirhugað er að byggja reiðvegi innan helgunarsvæða þjóðvega ber að hafa samráð við Vegagerðina um legu og frágang reiðleiða. Leggja skal áherslu á að reiðleiðir þveri þjóðvegi sem minnst og liggja utan vegsvæða þar sem slíkt er mögulegt. Í meðfylgjandi töflu eru viðmiðunartölur um þá lámarksfjarlægð sem reiðvegir skulu vera frá vegum og öðrum mannvirkjum sem fram eru setta í ritinu **Leiðbeiningar um gerð og uppbyggingu reiðvega** (Landssamband hestamannafélaga og Vegagerðin 2003); að öðru leyti er vísað til ritsins um upplýsingar um reiðvegagerð.

MANNVIRKI	RÝMISÞÖRF
Stofnvegir þar sem árdagsumferð er ≥ 2000 bílar á dag	15 metrar
Stofnvegir þar sem árdagsumferð er á milli 200 og 2000 bílar á dag	10 metrar
Stofnvegir þar sem árdagsumferð er ≤ 200 bílar á dag	5 metrar
Tengivegir með bundnu slitlagi	10 metrar
Tengivegir með malarslitlagi	5 metrar
Landsvegir með bundnu slitlagi	5 metrar
Landsvegir með malarslitlagi	5 metrar
Rafmagnsgirðing, árbakki, djúpur skurður	2.5 metrar
Byggingar, skilti, girðing, skurður	1.5 metrar

Leiðbeiningar um gerð og uppbyggingu reiðvega – LH og Vegagerðin

Þar sem fyrirhugað er að leggja reiðvegi á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá eða svæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt **37. gr. laga um náttúruvernd (44/1999)** ber að leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

Í **viðauka** má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi samgöngum sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

VEITUR

SKILGREINING VEITNA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Með stofnkerfi er í reglugerð þessari átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi.

SKILGREINDAR VEITUR Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

<u>VEITUR</u>	<u>TILVÍSUN</u>
Vatnsveita	Ⓧ
Hitaveita	Ⓜ
Rafveita	Ⓡ
Fjarskiptaveita	ⓕ
Endurvarpstöð	ⓔ

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

VATNSVEITA

- Meiri háttar vatnstaka á vatnasviði Laxár er ekki heimil nema að sýnt sé með rannsóknum að hún hafi ekki neikvæð áhrif á laxveiði og vistkerfi árinna.
- Gerðar séu úrbætur á þeim vatnsbólum sem ekki standast kröfur um frágang brunnsvæða.
- Helgunarsvæði vatnsveitna skal vera minnst 2 m beggja vegna lagnar.

HITAVEITA

- Áfram verði kannaðar forsendur fyrir lagningu hitaveitu um sveitarfélagið eða hluta þess.
- Hitaveita verði lögð víðar um sveitarfélagið en nú er.
- Helgunarsvæði hitaveitna skal ekki vera minna en 2 m beggja vegna lagnar.

RAFVEITA

- Smávirkjanir (rafali á bilinu 0-200 kVA) eru heimilar á skilgreindum landbúnaðarsvæðum.
- Heimilt er að nýta vind- og sólarorku til raforkuframleiðslu með allt 3 MW uppsett rafali á landbúnaðarsvæðum.
- Háspennulínur verði ekki fjölgað í sveitarfélaginu; frekar verði horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.
- Kannaðar verði forsendur fyrir lagningu þriggja fasa rafmagns víðar í sveitarfélaginu en nú er.

- Helgunarsvæði 220 kV háspennulína (BR 1) skal vera 33 m beggja vegna línustæðis.
- Helgunarsvæði 11kV háspennulína skal ekki vera minna en 5 m beggja vegna línu. Helgunarsvæði 11kV háspennustrengja skal ekki vera minna en 3 m beggja vegna strengs.
- Helgunarsvæði 230 volta strengja skal ekki vera minna en 2 m beggja vegna lagnar.

FJARSKIPTI

- Farsímasamband sé bætt í sveitarfélaginu þar sem samband er slæmt.
- Áfram verði unnið að því að koma á þráðlausu netsambandi sem víðast í sveitarfélaginu.
- Uppsetning fjarskiptasenda er heimil á eftirtöldum landnotkunarreitum: landbúnaðarsvæðum, svæðum fyrir frístundabyggð, og opnum svæðum til sérstakra nota.
- Helgunarsvæði fjarskiptastrengja skal ekki vera minna en 2 m beggja vegna lagnar.

FRÁVEITA

- Þar sem reglum um fráveitur og skólp er ekki fullnægt verði úr því bætt á fyrri hluta skipulagstímabils.
- Rotþrær séu tæmdar á a.m.k. tveggja til þriggja ára fresti.
- Tæming rotþróa verði kerfisbundin og helst á einni hendi í framtíðinni.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF LÖGUM OG REGLUGERÐUM

VATNSVEITA

- Sveitarfélagið hefur forgang á nýtingarrétt á mikilvægum lindum í hreppnum vegna vatnsveitu í almanna þágu.
- Vatnsleiðslur utan þéttbýlis á verndarsvæðum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Vinnslu grunnvatns og tilflutningur grunnvatns á verndarsvæðum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

HITAVEITA

- Sveitarfélagið hefur forgang á nýtingarrétt á jarðhita í hreppnum vegna hitaveitu í almanna þágu.

FRÁVEITA

- Hreinsa skal skólp með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka.
- Óheimilt er að veita skólpi í Hvalfjörð.

VATNSVEITA - ALMENN UMFJÖLLUN

Tvær vatnsveitur eru á vegum sveitarfélagsins. Önnur liggur frá vatnsbóli við Galtargil norðaustan í Eyrarfjalli og þjónar íbúðarbyggðinni í Harðbalahverfi; stefnt er að því að bæirnir Blönduholt og Fell tengist einnig inn á þá veitu. Hin vatnsveita hreppsins liggur úr vatnsbóli í hlíðum Reynivallaháls að Ásgarði og Félagsgarði. Að öðru leyti eru bæir með sín eigin vatnsból og litlar veitur frá þeim. Fyrir frístundabyggðir er yfirleitt eitt stórt vatnsból fyrir hvert hverfi.

Rannsóknir hafa sýnt að örveruástand neysluvatns er afar misjafnt eftir því hvernig vatn er fengið. Þannig stenst neysluvatn úr borholum gæðakröfur í 96% tilvika; úr brunnum í 84% tilvika; úr lindum (uppsprettum) í 80% tilvika; og yfirborðsvatn í 47% tilvika (Umhverfisvísar – Umhverfisstofnun 2002).

Um það hvernig staðið skuli að vatnsbólum og veitum í sveitarfélaginu (þar sem það á við, t.d. á bújörðum) er vísað til ritsins **Val og hönnun minni vatnsveitna** (Hollustuvernd ríkisins, 2002) þar sem m.a. eru fram settar leiðbeiningar sem almennt varða minni vatnsból og vatnsveitur.

Engin umfangsmikil vatnsveita er fyrirhuguð í sveitarfélaginu. Forsendur gætu breyst á skipulagstímabili og gerir aðalskipulagsáætlun ráð fyrir að til nýrra vatnsveitna geti komið á skipulagstímabili.

HITAVEITA - ALMENN UMFJÖLLUN

Borað hefur verið eftir heitu vatni í landi Hvammsvíkur og á Fremri-Hálsi og er heitt vatn nýtt á þeim stöðum; þess utan er engin hitaveita í hreppnum.

Orkuveita Reykjavíkur (OR) keypti árið 1986 um 600 ha land í Hvammsvík og Hvammi. Tilgangur kaupanna var ekki síst sá að virkja og nýta þann jarðhita sem á jörðunum er. Nokkrar tilraunaholur hafa verið boraðar í landi Hvammsvíkur en jarðhitasvæðið er þó ekki að fullu rannsakað. Ein holanna (nr. 10) er talin álitleg vinnsluhola. Sú hola var boruð í tveimur áföngum; árið 1991 var hún boruð niður á 1098 m dýpi og 1992 var hún dýpkuð niður á 1464 m. Áætlað er að hægt sé að vinna 25 l/s af 90°C heitu vatni við niðurdráttinn 85 m (Hitaveita í Kjós – Fjarhitun, 2003).

Niðurstöður skýrslunnar **Hitaveita í Kjós – Frumhönnun/Hagkvæmniathugun** (Fjarhitun, 2003), sem unnin var að beiðni OR, eru þær að hitaveita í Kjós sé ekki hagkvæm miðað við gefnar forsendur. Helstu forsenduþættir sem lagðir voru til grundvallar voru þessir: að hitastig vatns yrðu hvergi lægra en 60°C; stofnæðar lægju sem mest í jaðri þjóðvega og við einkavegi innan frístundabyggða; reiknað með hárrí gjaldskrá; reiknað með góðri þátttöku bújarða og í frístundabyggðum. Það sem mestu veldur um að hagkvæmniathugun kom ekki vel út er hversu dreifð byggðin er og þar með umfang hitaveitunnar. Að svo stöddu er rekstrargrundvöllur því ekki talin fyrir hitaveitu.

Þrátt fyrir niðurstöður hagkvæmniathugunar er það stefna sveitarstjórnar að hitaveita verði lögð um sveitarfélagið í framtíðinni, en ekki liggur fyrir hvenær af því verður né í hversu miklu mæli. Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að til nýrra hitaveitna komi á skipulagstímabili. Reikna má með að nýjar stofnlagnir verði að mestu leyti lagðar innan veghelgunarsvæðis stofn-, tengi- og safnvega í sveitarfélaginu.

RAFVEITA - ALMENN UMFJÖLLUN

Rafveitukerfi innan sveitarfélagsins samanstendur af veitum Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins (Rarik).

Veitukerfi Landsvirkjunar (LV) felst í svonefndri Brennimelslínu 1 (BR1) sem liggur frá Geithálsi að tengivirkinu við Brennimel í Hvalfjarðarsveit. Línan kemur inn í Kjósarhrepp austan Skálafells, fer um Kjósarskarð, upp á Hryggi austan Sandfells, yfir í Fossadal, fyrir Brynjudalsvog, og þaðan yfir Botnsvog yfir að Pýrilsnesi í Hvalfjarðarsveit. BR1 er rekin á 220 kV spennu og er öll í lofti. Helgunarsvæði BR1 er 33 m beggja vegna línustæðis.

Dreifikerfið sem liggur um hreppinn er í eigu Rarik; kerfið byggist hvort tveggja á línunum í lofti og strengjum í jörðu, og er rekstrarspenna 11 kV og 230 volt. Fæðing veitukerfis Rarik kemur frá spennistöðinni á Brennimel í Hvalfjarðarsveit yfir Hvalfjörð að Hvalfjarðareyri. 11 kV stofnkerfið er að mestu leyti byggt upp á loftlínunum. Rarik hefur endurnýjað línur að hluta og lagt þær í jörð. Búast má við að línurnar verði lagðar víðar í jörð samhliða endurnýjun á skipulags-

tímabili en nákvæm áætlun Rarik liggur ekki fyrir. Rafveita liggur að öllum bújörðum og flestum frístundabyggðum.

Miða skal við að helgunarsvæði 11 kV háspennulína sé minnst 5 m breitt belti beggja vegna línustæðis þar sem hún liggur í lofti, og ekki minna en 3 m þar sem hún liggur í jörðu. Rarik afhendir viðskiptavinum raforkuna á 230 volta spennu og miðar við að spennistöð við 11 kV línu sé almennt ekki fjær orkunotanda en 400 m. Miða skal við að helgunarsvæði 230 volta strengja sé ekki minna en 2 m beggja vegna lagnar.

Á undanförunum árum hefur bændum, svonefndum raforkubændum, sem framleiða raforku til eigin nota farið fjölgandi víðsvegar á landinu. Tæknilega er vel mögulegt að virkja bæjarlæki; sá kostur er umhverfisvænn og getur í sumum tilfellum verið hagkvæmur fyrir bújarðir. Enginn raforkubóndi er í hreppnum en á því getur orðið breyting á skipulagstímabili.

Smávirðjanir (rafali á bilinu 0-200 kVA) í bæjarlækjum eru yfirleitt umfangslitlar og umhverfisvænar og ættu ekki að hafa teljandi áhrif á aðra landnotkun. Að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar gerir aðalskipulagsáætlun ráð fyrir að virkjanir undir 200 kW séu heimilar á skilgreindum landbúnaðarsvæðum, að frátöldum þeim svæðum sem eru á náttúruminjasrá eða falla undir ákvæði **37. gr. laga um náttúruvernd (44/1999)**. Samkvæmt **lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000, 2. viðauki)** ber að tilkynna vatnsorkuver með uppsett rafafi 200 kW eða meira til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Fari uppsett rafafi upp fyrir 10 MW eru framkvæmdir ávallt háðar mati á umhverfiráhrifum.

Að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar gerir aðalskipulagsáætlun ráð fyrir að heimilt sé að nýta vind- og sólarorku til raforkuframleiðslu með allt að 3 MW uppsett rafafi á landbúnaðarsvæðum. Samkvæmt **lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000, 2. viðauki)** ber að tilkynna stöðvar sem nýta vindafi til raforkuframleiðslu með 2 MW uppsett afl eða meira til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Engin umfangsmikil rafveita er fyrirhuguð í sveitarfélaginu. Forsendur gætu breyst á skipulagstímabili og gerir aðalskipulagsáætlun ráð fyrir að til nýrra rafveitna geti komið á skipulagstímabili.

FJARSKIPTI – ALMENN UMFJÖLLUN

Fjarskiptakerfi innan sveitarfélagsins samanstendur af síma- og tölvustrengjum Símans, ásamt endurvarpsstöðvum, Símans, Vodafone, eMax og Ríkisútvarpsins (RÚV). Engin ljósleiðarlögn er í hreppnum og áætlun um lagningu hans liggur ekki fyrir.

Fjarskiptalagnir Símans liggja að öllum lögbýlum sveitarfélagsins; þær eru alls staðar lagðar í jörð og liggja víðast hvar meðfram vegum. Flest allir bæir hafa aðgang að ISDN-nettingu. Miða skal við að helgunarsvæði fjarskiptastrengja sé ekki minna en 2 m beggja vegna lagnar.

Á Skálafelli er endurvarpsstöðvar RÚV fyrir hljóð- og sjónvarp; einnig endurvarpsstöðvar Vodafone og Símans fyrir farsíma. Við Bæinn Púfu er Síminn með endurvarpsstöð fyrir farsíma. Farsímasamband er almennt gott í sveitarfélaginu; lélegt samband er þó í Brynjudal, og að hluta til í Kjósarskarði og Miðdal. Fyrirtækið eMax, sem sérhæfir sig í þráðlausu netsambandi, er með endurvarpssendi á Meðalfelli og til stendur að fjölga sendum í sveitarfélaginu.

Aðrar endurvarpsstöðvar sem nýtast í hreppnum að einhverju leyti en staðsettar eru utan hans eru eftirfarandi: stöð Símans í Hvalfjarðarsveit austan í Akrafjalli og á Lambhaga; stöð Vodafone og Símans á Svarfhlshálsi í Hvalfjarðarsveit; stöð Vodafone á Grundartanga; stöð RÚV við Kalastaðakot í Hvalfjarðarsveit.

Með auknum fjarskiptamöguleikum á síðustu árum hafa skapast fjölmörg tækifæri fyrir fólk til að búa fjarri vinnustað og eiga þannig kost á störfum við hæfi óháð búsetu. Fjölmörg störf í þekkingarsamfélagi nútímans eru þess eðlis að í stað þess að starfsmaður mæti daglega á vinnustað nægir að hann mæti aðeins hluta virkra vinnudaga hverrar viku. Þetta gerir að verkum að fólk getur ferðast lengri vegalengd á vinnustað sinn en ef því væri skylt að mæta þangað daglega. Einnig eykur fjarvinnsla möguleika á sveigjanlegum vinnutíma sem er kostur fyrir fjölskyldufólk.

Fjarskiptakerfi eru í stöðugri þróun og erfitt er að sjá fyrir hver þróun mála verður á því sviði á skipulagstímabili. Framtíðarmöguleikar í síma- og internetfjarskiptum virðast að miklu leyti felast í þráðlausum tengingum. Því má búast við að sendum eigi eftir að fjölga á komandi árum, en minna verði um nýlagnir og endurbætur á jarðstrengjum. Víða um land er hafin uppbygging á háhraða þráðlausu internetsambandi (jafngildi ADSL). Móttökubúnaður hefur verið settur upp á Meðalfelli og búast má við að slíkum búnaði muni fjölga í sveitarfélaginu á skipulagstímabili. Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að uppsetning fjarskiptasenda sé heimil á eftirtöldum landnotkunarreitum: landbúnaðarsvæðum, svæðum fyrir frístundabyggð og opnum svæðum til sérstakra nota.

Samkvæmt **Fjarskiptaáætlun 2005-2010** eiga allir landsmenn að geta tengst háhraðaneti árið 2007. Áætlunin gerir einnig ráð fyrir að aðgengi að GSM-farsímaþjónustu verði aukið á hringveginum og helstu stofnvegum, svo og á ferðamannastöðum. Jafnframt er gert ráð fyrir að háhraðaferþjónusta verði byggð upp um allt land og að því verði lokið árið 2006.

Engin umfangsmikil fjarskiptaveita er fyrirhuguð í sveitarfélaginu. Forsendur gætu breyst á skipulagstímabili og gerir aðalskipulagsáætlun ráð fyrir að til nýrra fjarskiptaveitna geti komið á skipulagstímabili.

FRÁVEITA – ALMENN UMFJÖLLUN

Í sveitarfélaginu er skólp frá flestum lögbýlum og frístundahúsum leitt í rotþræur um fráveitur sem flestar eru takmarkaðar við eitt býli eða hús. Í Harðbalahverfi er rotþró á hverri lóð fyrir sig. Tæming rotþróa er á vegum umráðamanna.

Skólp, þ.e. fljótandi úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum, hefur að geyma ýmiss efni og efnasambönd sem sum hver eru mengandi. Frá íbúðarbyggð berast helst lífræn efni, næringarefni og gerlar. Í iðnaðarfrárennsli er einnig algengt að ýmis önnur efni eins og þungmálmar, olíuefni og þrávirk lífræn efni finnist. Mengunaráhrif skólps fara að miklu leyti eftir fráveitubúnaði, en ekki síður hæfni þess svæðis sem tekur við menguninni og þynnir hana eða eyðir; slíkt svæði er nefnt viðtaki. Sjór ræður vel við að þynna og eyða þeirri mengun sem í hann kemur og er því talinn góður viðtaki. Aðstæður inn í landi þar sem jarðvegur, vatnsföll eða vötn eru notuð sem viðtakar eru ekki eins góðar og þær eru við sjávarströndina.

Reglur gera ráð fyrir að hreinsibúnaður frá einstökum íbúðar- og frístundahúsum sé svonefnd tveggja þrepa hreinsun; þ.e. fyrst sé skólp leitt í rotþró (fyrsta þrep) og síðan um siturlögn (annað þrep).

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gerði árið 1996 úttekt á flest öllum fráveitum þeirra lögbýla þar sem stundaður er hefðbundinn búskapur. Ástand fráveitna reyndist vera fullnægjandi í innan við 20% tilvika; Rotþræur voru við nær alla bæi en tíðni tæminga þeirra og frágangi við frárennsli frá rotþróum reyndist í mörgum tilvikum ábótavant. Dæmi eru um að rotþræur séu of litlar og að siturlagnir sem eiga að taka við afrennsli þróna vanta. Á nokkrum stöðum var skólp veitt beint í skurð sem ekki stenst kröfur um frágang fráveitna. Í skýrslunni **Úttekt á stöðu fráveitumála á Íslandi** (Umhverfissráðuneytið; 2003), sem unnin var af fráveitunefnd Umhverfissráðuneytis, kemur fram að í Kjósarhreppi teljast rotþræur frístundahúsa í lagi í 64% tilvika.

Mikilvægt er að fylgjast með uppsöfnun úrgangs í rotþróum og tæma þær reglulega; stærð þeirra og uppsöfnun í þeim er mismunandi og því ekki hægt að tilgreina tímalengd milli tæminga. Þar sem loftslag á Íslandi er frekar kalt er virkni örvera í rotþróum oft lítil og lífræn efni brotna því hægar niður. Með tilliti til íslenskra aðstæðna ætti að miða við að rotþrær séu a.m.k. tæmdar á tveggja ára fresti. Séu rotþrær ekki tæmdar áður en þær fyllast hætta þær að þjóna tilgangi sínum, þ.e. að brjóta niður lífræn efni seyrunnar. Frárennsli sem rennur úr rotþróum getur verið mengað sýklum (svo sem Salmonella og Campylobacter) og sníkjudýrum sem geta valdið fólki og búfénaði heilsutjóni. Hætta er á að ár og lækir mengist af bakteríum ef frágangur og tæming rotþróa er ekki eins og reglur gera ráð fyrir.

Í ritinu **Starfsreglur um góða búskaparhætti** (Umhverfissráðuneytið; 2002) er m.a. greint frá hvernig staðið skuli að fráveitum frá hinum ýmsu byggingum; hluti þeirrar útlistunar er færð í meðfylgjandi töflu.

FRÁVEITUR FRÁ MISMUNANDI BYGGINGUM
<p>Fráveita frá íbúðarhúsum og sumarbústöðum</p> <p>Við íbúðarhús og sumarbústaði í dreifbýli á að vera rotþró með tilheyrandi siturlögn. Fylgjast þarf með uppsöfnun úrgangs í rotþróum og hreinsa þær reglulega, t.d. á tveggja ára fresti. Seyru úr rotþróum þarf að farga á ábyrgan hátt t.d. með afhendingu á viðurkennda urðunarstaði eða meðhöndla sérstaklega ef fyrirhugað er að nýta hana. Vatn sem berst út úr rotþró er aðeins grófhreinsað og það er enn saurmengað. Þess vegna er það leitt í siturlögn. Þar eyðast örverur en vatnið rennur áfram burt. Fylgjast þarf með því að vatnið flæði með eðlilegum hætti um lögnina og frá henni í jarðveg.</p>
<p>Fráveitur frá búfjárhúsum</p> <p>Almenna reglan er sú að ekkert frárennsli komi frá slíkum húsum heldur sé því öllu safnað í haughús eða safnþrær til síðari dreifingar.</p>
<p>Fráveitur frá mjólkurhúsum</p> <p>Frárennsli þetta hefur aðallega að geyma sápur og sótthreinsiefni sem hamla verkun í rotþró en ekki föst efni og best er að leiða það beint um siturlögn í jarðveg. Þar brotna þessi efni niður og verða óskaðleg.</p>
<p>Fráveitur frá votheysgeymslum</p> <p>Vökvinn frá votheyi er afar mengandi ef hann kemst í vatn. Hann veldur þar súrefniskorti og fiskadauða. Þetta frárennsli þarf að leiða í sérstaka siturlögn en þess ber að gæta að safnin er mjög súr og tærandi og getur skemmt bæði steypu og stál.</p>
<p>Fráveitur frá gróðurhúsum</p> <p>Frárennsli frá niðurföllum í gróðurhúsum er best að leiða í sérstaka siturlögn. Gæta verður þess við meðhöndlun illgresis- og skordýraeiturs að það berist ekki í niðurföllin, og sé þá t.d. á þeim sérstakur lokubúnaður. Affall hitaveitu gæti þurft að leiða í jöfnunarþró til kælingar áður en það er leitt í viðkvæman viðtaka.</p>
<p>Fráveitur frá vélageymslum</p> <p>Nauðsynlegt er að setja olíuskilju á frárennsli þessara húsa til að taka við olíu sem lekið getur niður. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir upplýsingar um olíuskiljur.</p>
<p>Fráveitur frá fiskeldi</p> <p>Í fiskeldi er gerð kröfu um að allt frárennsli sé leitt í fellingarker þar sem saur og fóðurleifar eiga að botnfalla eða síubúnað sem síar burt þennan úrgang. Seyruna má síðan dreifa á jörð enda er áburðargildi þess talsvert.</p>

Í meðfylgjandi töflu eru tilgreind leiðbeinandi atriði varðandi lagningu rotþróa og siturlagna frá þeim. Um það hvernig staðið skuli að fráveitum er að öðru leyti vísað til nitsins **Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir** (Umhverfisstofnun; 2004) þar sem settar eru fram leiðbeiningar sem almennt varða meðferð skólps utan þéttbýlis.

ATRÍÐI SEM HUGA BER AÐ VIÐ LAGNINGU ROTPRÓA OG SITURLAGNA

Í rotpró skal veita frárennsli frá salernum, eldhúsum og þvottahúsum. Í rotpró skal ekki veita: hitaveituvatni; regnvatni af þaki húsa; fráveitur frá gripahúsum, mjólkurhúsum, votheysgeymslum, vélageymslum, og gróðurhúsum.

Nota skal þrískiptar rotþrær, þ.e. byggðar með þremur hólfum.

Rotþrær við íbúðarhús og þar sem fólk dvelur að staðaldri ættu ekki að vera minni en 3000 lítrar. Sama gildi um orlofshús sem notuð eru stóran hluta ársins. Við önnur fristundahús ætti lágmarksstærð rotþróa að vera 2200 lítrar. Að öðru leyti fer stærð rotþróa eftir fjölda notenda og notkun húsnæðis.

Pegar rotpró er valinn staður ætti að hafa eftirfarandi í huga:

- rotpró standi lægra í landi en hús sem veitt er frá (2-5 cm á hvern metra)
- minnst 10 m fjarlægð sé milli rotþróa og hýbýlis
- rotpró sé ekki lögð nálægt vatnsbóli (háð samþykki heilbrigðisfulltrúa Kjósarsvæðis).
- taka tillit til ríkjandi vindáttar vegna lyktar sem getur borist frá rotpró
- þurr jarðvegur æskilegri en votur til eyðingar mengunarefnum
- aðgengi stórra bifreiða sé gott til tæmingar.

Siturlögn fyrir íbúðarhús ætti að jafnaði vera um 30–40 m löng en 15–20 m fyrir fristundahús (reyndar breytilegt eftir gerð jarðvegs og vatnsnotkun á hverjum stað).

Siturlögn ætti að jafnaði að vera lögð með um 2‰ halla á hvern metra.

Til þess að binda og eyða örverum úr skólpinu ætti malarlag undir siturlögn að vera minnst 30 cm þykkt. Siturlögn skal leggja efst í malarbeð; æskilegt er að kornastærð sé um 16–25 mm. Undir malarbeðinu þarf að vera 50–100 cm þykkt lekt jarðvegslag (t.d. mólendisjarðvegur).

Ekki skal nota drenrör í stað siturlagnar þar sem þau eru ekki hönnuð með meðhöndlun skólpmatns í huga og eru gjörn á að stíflast.

Leita skal til sérfróðra ráðgjafa (t.d. heilbrigðisfulltrúa Kjósarsvæðis) um val á lausnum til skólphreinsunar í þeim tilvikum þar sem ekki er hægt að uppfylla fyrrgreind skilyrði.

Í viðauka má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi veitum sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR**SKILGREINING SVÆÐA FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR Í SKIPULAGSREGLUGERÐ**

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

ÞJÓNUSTUSTOFNANIR	STÆRÐ	TILVÍSUN
Félagsgarður - Hreppsskrifstofa og félagsheimili	0.2 ha	PS 1
Ásgarðsskóli/bókasafn	1.6 ha	PS 2
Reynivallakirkja	0.1 ha	PS 3

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Ásgarðsskóla verið fundin hentug nýting til framtíðar.
- Aðgengi fatlaðra verði bætt þar sem þess er þörf.

ALMENN UMFJÖLLUN

Félagsheimilið Félagsgarður var tekið í notkun árið 1946 og stendur það á lóð í eigu Ungmennafélagsins Drengs. Auk þess að vera nýtt sem samkomuhús við ýmis tilefni er skrifstofa sveitarfélagsins þar til húsa. Þegar Ásgarðsskóli var starfræktur sem grunnskóli var félagsheimilið Félagsgarður notað til leikfimi-kennslu.



FÉLAGSGARÐUR – FÉLAGSHEIMILI OG HREPPSSKRIFSTOFA

Kennsla lagðist af í Áskarðsskóla 2003 vegna fækkunar barna í hreppnum; börn á grunnskólaaldri sækja nú nám í Klébergsskóla á Kjalarnesi, þar sem Kjósarhreppur hefur gert samkomulag um slíkt fyrirkomulag við Reykjavíkurborg. Óljóst er hver framtíðarnotkun Ásgarðsskóla verður en stefnt er að því að finna heppilega heilsársstarfsemi sem henta mun byggingunni. Bókasafn sveitarfélagsins er hýst í Ásgarðsskóla.

Reynivallakirkja var reist 1859 og er ein elsta timburkirkja landsins. Kirkjunni hefur verið breytt lítið eitt frá upphaflegri mynd, m.a. var forkirkju bætt við vesturenda hennar. Reynivallakirkja er eina kirkjan í sveitarfélaginu þar sem reglubundnar guðspjónustur fara fram. Reynivallakirkja er á skrá hjá Húsafríðunarnefnd ríkisins yfir friðuð hús. Í **lögum um húsafriðun (104/2001, 6. gr.)** segir m.a.: "Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur fyrir 1918." Kirkjan var friðuð árið 1990 samkvæmt ákvæði **þjóðminjalaga (88/1989)**.

Í **viðauka** má sjá útvaldar málsgreinar reglugerða viðkomandi svæðum fyrir þjónustustofnanir sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI**SKILGREINING VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ**

Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efrum hæðum bygginga.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI	STÆRÐ	TILVÍSUN
Kaffi Kjós – Veitingastaður við Meðalfellsvatn	0.1 ha	VP 1
Aðstaða Veiðifélags Kjósarhrepps	1.4 ha	VP 2
Verslunar- og þjónustusvæði í Hvammsvík	0.6 ha	VP 3
Verslunar- og þjónustusvæði í landi Eyja II	1 ha	VP 4

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Mannvirki það sem áður hýsti barnaskólann (Ásgarðsskóla) verði fundin heppileg starfsemi.
- Heimilt er að staðsetja sorpgáma á svæðum fyrir þjónustustofnanir.

ALMENN UMFJÖLLUN

Veitinga- og verslunarstaðurinn Kaffi Kjós var opnaður árið 1998 og stækkaður um helming 2004. Staðurinn er í senn kaffihús, krá og verslun. Í Kaffi Kjós eru fánlegar helstu nauðsynjavörur til heimilishalds. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis veitti starfsleyfi fyrir rekstri Kaffi Kjósar í október 2003 sem gildir til okt. 2007. Í starfsleyfinu segir m.a.: "Aðbúnaður og rekstur skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 og reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit. Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis."

Á lóð Veiðifélags Kjósarhrepps stendur gistihús fyrir laxveiðimenn. Fyrirhugað er að breyta því í starfsmannahús og byggja nýtt veiðihótel á lóðinni.

Á útivistarsvæðinu í Hvammsvík er rekin fjölbreytt ferðaþjónusta; þar er m.a. í boðið upp 9 holu golfvöll, kajakferðir, skemmtisiglingar, sjóstangveiði, hestaleigu, grillveislur, tjaldstæði. Verslunar- og þjónustusvæði í landi Hvammsvíkur tekur til þiggja húsa sem nýtt eru í tengslum við starfsemi staðarins. Í einu húsanu er rekinn veitingastaður með vínveitingarleyfi; í öðru húsi er kajakverslun; í því þriðja er aðstaða til veisluhalds fyrir fjölmenna hópa. Stefnt er að því að útrunnið starfsleyfi fyrir reksturinn á Hvammsvík verði endurnýjað af Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis.

Útfærsla á verslunar- og þjónustusvæði við Meðalfellsveg í landi Eyja II liggur ekki fyrir en þar er gert ráð fyrir möguleikum á alhliða ferðaþjónustustarfsemi þar sem m.a. verði starfrækt veitinga- og bensínsala.

Í viðauka má sjá útvaldar málsgreinar reglugerða viðkomandi verslunar- og þjónustusvæðum sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

MÍÐSVÆÐI**SKILGREINING MÍÐSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ**

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

Á skipulagsuppdrætti er ekkert miðsvæði skilgreint

LANDBÚNAÐARSVÆÐI**SKILGREINING LANDBÚNAÐARSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ**

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

Allt sveitarfélagið að frádregnum öðrum landnotkunarflokkum

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Á landbúnaðarsvæðum sem eru innan skráðra lögbýla í Jarðaskrá 2005 (Landbúnaðarráðuneytið) er heimilt að standi allt að fimm íbúðarhús. Leggja skal áherslu á að íbúðarhús séu staðsett í grennd hvers annars.
- Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að standi allt að þrjú frístundahús á hverri jörð (bújörð/eyðijörð). Leggja skal áherslu á að frístundahús séu staðsett í grennd hvers annars.
- Byggingar sem tengjast annarri atvinnustarfsemi eru ekki heimilar á landbúnaðarsvæðum ef undan eru skildar byggingar vegna minniháttar verkastarfsemi út frá bújörðum, og mannvirki tengdum smávirkjunum.
- Landbúnaðarsvæði ofan 220 metra hæðar yfir sjávarmáli skulu óbyggð mann- virkjum öðrum en fjallaskálum, neyðarskýlum og þeim sem tengjast raf- og fjarskiptaveitum.
- Viðhöfð sé beitarstýring búfjár á landbúnaðarlandi þannig að ágangur búfjár á gróður og jarðveg taki mið af beitarþoli lands.
- Land sé grætt upp á þeim svæðum þar sem jarðvegsrof er til staðar.
- Á náttúruverndarsvæðum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirkomulag landgræðslu.
- Á vatnsverndarsvæðum sem taka til grannsvæða skal haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis um uppgæðsluaðferðir við landgræðslu.
- Varðveita skal þau votlendissvæði sem enn eru ósnortin.
- Tilraunir verði gerðar með endurheimt votlendis með því að fylla ofan í framræsluskurði sem ekki er lengur þörf fyrir.
- Skógrækt er heimil á skilgreindum landbúnaðarsvæðum.
- Gerðar séu skógræktaráætlanir á þeim svæðum þar sem ræktun skóga er fyrirhuguð og þær unnar í samvinnu við til þess bærri fagaðila, s.s. Vesturlandsskóga eða Skógræktarfélag Íslands.
- Skógrækt skal ekki viðhöfð innan 10 m frá bökkum vatna, árfarvega og sjávarsíðu. Meta skal í hverju tilfelli fyrir sig hvort ástæða sé til að auka fjarlægðamörk enn frekar ef aðstæður eru metnar þannig, t.d. vegna sérstakra landslagseinkenna eða búsvæða fugla.
- Tryggja skal að skógrækt spilli ekki ásýnd merkra staða.
- Einungis er heimilt að gróðursetja plöntur sem tilheyra íslensku flórunni í náttúrulega birkiskóga.
- Á náttúruverndarsvæðum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar um skógræktaráætlanir.
- Á vatnsverndarsvæðum sem taka til grannsvæða skal haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis um skógræktaráætlanir og uppgæðsluaðferðir við landgræðslu.
- Stuðlað verði að lífrænum framleiðsluferlum matvæla og nytjajurta.
- Ræktun erfðabreyttra matvæla og fóðurjurta eru óheimil í sveitarfélaginu.
- Stuðlað verði að skynsamlegri nýtingu búfjáraburðar, hvort tveggja til áburðar á ræktað og óræktað land.

- Óheimilt er að losa búfjáráburð beint í læki, ár, skurði og vötn. Ekki skal dreifa búfjáráburði nær vatnsbólum, lindum, brunnum eða borholum en 50 m.
- Hindra skal aðgang búfjár að stofn- og tengivegum með girðingum.
- Stefnt verði að því að nýta enn frekar tækifæri sem liggja á sviði ferðaþjónustu bænda.
- Stefnt verði að því að efla sögu- og menningartengda ferðaþjónustu.
- Að fengnu framkvæmda- og starfsleyfi er heimilt að stunda fiskeldi á landbúnaðarsvæðum.
- Smávirkjanir (rafali á bilinu 0-200 kVA) eru heimilar á landbúnaðarsvæðum.
- Heimilt er að nýta vind- og sólarorku til raforkuframleiðslu með allt að 3 MW uppsett rafafli á landbúnaðarsvæðum.
- Uppsetning fjarskiptasenda er heimil á landbúnaðarsvæðum.
- Heimilt er að staðsetja sorpgáma á landbúnaðarsvæðum.
- Heimilt er að skilgreina búgarðabyggð á landbúnaðarsvæðum.
- Á svæðum fyrir búgarða er heimilt að vera með lítilsháttar frístundabúskap sem ekki krefst mikils landrýmis.
- Búgarðalóð skal að lágmarki vera 1 hektari að stærð.
- Þéttleiki byggðar á svæðum fyrir búgarða skal ekki vera meiri en 0.67 íbúð á hvern hektara.
- Á hverri búgarðalóð er heimilt að byggja eitt íbúðarhús ásamt bílgeymslu og einni byggingu í tengslum við frístundabúskap.
- Samanlögð stærð bygginga á búgarðalóð skal ekki fara yfir 500 m². Byggingar skulu vera lágreistar.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF LÖGUM OG REGLUGERÐUM

- Byggingar skulu ekki reistar nær Hvalfirði en sem nemur 50 metrum frá sjávarkambi; ekki nær vötnum en sem nemur 50 metrum frá vatnsbakka; ekki nær helstu vatnsföllum en sem nemur 50 metrum frá árfarvegi.
- Íbúðarhúsnæði skal ekki byggt nær alifuglabúi, svínabúi eða loðdýrabúi en sem nemur 500 metrum, að undanskildu íbúðarhúsi sem tengist viðkomandi búrekstri.
- Haft skal samráð við Vegagerðina um tengingar nýrra safn- og einkavega við stofn- og tengivegi í tengslum við framkvæmdir á landbúnaðarsvæðum.
- Framræsluskurði er óheimilt að grafa nær miðlínu stofnvegur en sem nemur 30 metrum, og nær miðlínu tengivegar en sem nemur 15 metrum, nema að samþykki Vegagerðarinnar liggja fyrir.
- Gripahús og áburðargeymslur skulu ekki standa nær vatnsbóli en sem nemur 100 metrum.
- Við stofnun nýs lögbýlis skal tryggt að það sé í samræmi við staðfest skipulag og að búrekstraraðstöðu nálæggra jarða sé ekki raskað.
- Allt afmarkað land skal bera fast landnúmer sem auðkenni landskika í Landskrá fasteigna.
- Áhersla skal lögð á að við hönnun landbúnaðarbygginga sé leitast við að þau falli vel að náttúrulegu umhverfi.
- Forðast skal eins og kostur er röskun flóa og mýra sem eru stærri en 3 ha.

- Á jörðum sem fara í eyði skal ganga þannig frá húsum, girðingum og öðrum mannvirkjum að ekki sé til lýta, og að fólki og skepnum stafi ekki hætta af.
- Leggja skal áherslu á að skógrækt, uppgræðsla lands og túnrækt falli vel að náttúrulegu umhverfi og raski ekki náttúru- og menningarminum.
- Ræktun útlendra plöntutegunda er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar (37. gr. náttúruverndarlaga), og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó, nema að fenginni undanþágu Umhverfisstofnunar.
- Tryggja skal að fornleifum sé ekki raskað vegna framkvæmda í tengslum við landbúnað nema að fengnu leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
- Áður en deiliskipulag er gert á búgarðasvæðum sem eru yfir 20 ha að stærð skal tilkynna viðkomandi svæði til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýtinn landbúnað ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Áveitu- og framræsluframkvæmdir á 10 ha svæði eða stærra, eða á verndarsvæðum, ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Uppgræðsla lands á verndarsvæðum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

ALMENN UMFJÖLLUN

Landnotkun í Kjósarhreppi fellur að mestu leyti undir landbúnað. Samkvæmt **Jarðaskrá 2005** eru 47 jarðir í hreppnum, búið er á 35 þeirra en 12 jarðir eru í eyði. Landbúnaður hefur haft víðtækari áhrif á umhverfi Kjósarhreppi en önnur landnotkun, einfaldlega af þeirri ástæðu að mestur hluti lands er nýttur til landbúnaðar. Þannig hefur t.d. búfjárbætt, túnrækt og framræsla mýra ráðið miklu um ásýnd lands í hreppnum. Nautgripærækt og sauðfjárrækt hafa um langt skeið verið undirstöðugreinar landbúnaðar í Kjósarhreppi; land innan hreppsins hentar vel til þess háttar búskapar.

Í Kjósarhreppi voru árið 2003 níu bú með mjólkurframleiðslu; Eyjar I, Grjóteyri, Káranes, Káraneskot, Meðalfell, Miðdalur, Neðri-Háls, Valdastaðir, Þorlaksstaðir. Til samanburðar voru kúabú 15 talsins árið 1990. Á Hálsi, Sogni og Kiðafelli er stunduð nautgripærækt til kjötframleiðslu.

Fjárbú með yfir 50 ærgildisafurðir voru 13 talsins árið 2003; Eyjar I, Eyjar II, Fell, Flekkudalur, Fremri-Háls, Grímsstaðir, Hjalli, Hækingsdalur, Ingunnarstaðir, Írafell, Kiðafell, Meðalfell, Valdastaðir. Til samanburðar voru 20 sauðfjárbú með yfir 50 ærgildisafurðir árið 1990 (Bændasamtök Íslands 2004).

Hross eru á nokkrum bæjum en hrossahald telst þó meira til áhugamáls en sem tekjubúgrein. Skipulögð hrossarækt er þó stunduð á nokkrum bæjum, til að mynda Flekkudal, Meðalfelli, Miðdal, Þorlaksstöðum og Púfu.

Alifuglabú eru í Eilífsdal, Felli og Grímsstöðum. Svínabú eða loðdýrabú er ekki í hreppnum, né heldur garðyrkjubú með framleiðslu að einhverju marki. Alhliða ferðaþjónusta er starfrækt á Eyrarkoti, Hjalla, Hvammsvík og Kiðafelli, Fossá og Ingunnarstaði má skilgreina sem skógræktarbyli.

Fjölmargar jarðir sem liggja að ám hafa að því veiðihlunnindi, sér í lagi þau býli sem eiga land að Laxá, Bugðu og Brynjudalsá. Þeir bæir sem land eiga að Meðalfellsvatni hafa hlunnindi af silungsveiði. Í landi Þrándarstaða í Brynjudal er stundað minni háttar seiðaeldi í tengslum við seiðasleppingar í Laxá. Nokkrir

bæir sem land eiga að Hvalfirði geta haft hlunnindi af kræklingi og æðarfugli, en lítið er þó um að þau hlunnindi séu nýtt að einhverju marki.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hefur gefið út eftirfarandi starfsleyfi í tengslum við landbúnaðarstafssemi í sveitarfélaginu:

Alifuglabú á Felli - gildir frá des. 2004 til des. 2016

Alifuglabú á Grímsstöðum - gildir frá des. 2003 til des. 2013

Alifuglabú í Eilífsdal - gildir frá des. 2003 til des. 2013

Alifuglabú á Valdastöðum - gildir frá des. 2002 til des. 2012

Í starfsleyfum segir m.a.: "Fyrirhugaðar meiri háttá breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis. Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og einnig laga nr. 93/1995, um matvæli ef um starfsemi er snertir matvæli er að ræða."



NAUTGRIPIR Á BEIT Í LANDI MEDALFELLS

LANDNÝTING

Þar sem búfjárbreit er viðhöfð er mikilvægt að hún taki mið af ástandi gróðurs. Í aðalatriðum er talið að tegundasamsetning og ástand gróðurþekju ráðist af nokkrum samspilandi þáttum; jarðvegsgæði, loftslagi, landslagi, áburðargjöf og síðast en ekki síst búfjárbreit. Af þessum þáttum er áburðargjöf og beitarstýring þeir þættir sem maðurinn getur stjórnað. Misjafnt er hverjar þarfir búfjartegunda eru til landrýmis og beitar; þar af leiðandi eru áhrif þeirra á gróðurfar ólík. Nautgripisækt til mjólkurframleiðslu er að mestu háð ræktuðu landi og er landþörf búgreinarinnar þess utan tiltölulega lítil. Öðru máli gegnir um sauðfjartegundir sem þarfnast mikils landrýmis. Sauðfé er að mestu leyti beitt á úthaga en beit á ræktað land er almennt ekki viðhöfð nema á vorin og haustin. Hross þurfa mikið beitaland og geta haft mikil áhrif á gróðurþekju. Ef fjöldi hrossa er af mikill miðað við landrými geta þau valdið miklum skaða á beitalöndum á stuttum tíma. Aðrar búgreinar þurfa lítið landrými og hafa því ekki teljandi áhrif á gróðurfar. Í Kjósarhreppi var árið 2005 skráð 2336 sauðfé, 1211 nautgripir og 671 hross (Hagstofa Íslands, 2005).

Beitarþol svæða er afar mismunandi. Með beitarþoli er átt við hve margt búfé er hægt að hafa í hógum án þess að ástand gróðurs rýrni á viðkomandi svæði. Í aðalatriðum ákvarðast beitarþol af þrennu; ástandi gróðurs og jarðvegs, fjölda búfjár miðað við stærð svæðis, og tegund búfjár. Varðandi búfjartegundir hefur það t.d. nokkuð ólík áhrif á gróður í úthögum hvort um beit hrossa eða kindra er að ræða. Sauðfé sækir í tiltekna tegundir sem sniðgengnar eru af hrossum. Til að mynda sniðganga hross yfirleitt kjarr og lauftrjágróður sem sauðfé sækir eftir. Tegundasamsetning getur þannig þróast í mismunandi áttir eftir því hvaða skepnur ganga á tilteknu beitalandi. Rannsóknir hafa sýnt að mikil beit fækkar gróðurtegundum en hófleg beit viðheldur fjölbreytni tegunda. Jafnframt

hefur komið í ljós að friðun fyrir beit stuðlar líkt og mikil beit að fækkun tegunda. Mikilvægt er að bændur sem beita búfé á jörðum sínum séu meðvitaðir um áhrif beitar á tegundasamsetningu gróðurs; þannig geta þeir haft meira að segja um framvindu gróðurfars í eigin landi.

Landnýting á bújörðum þarf að vera með skynsamlegum hætti og marka þarf stefnu um hvernig staðið skuli að henni. Verkefnið **Betra bú** sem upphaflega var þróað af Landgræðslu ríkisins, en er nú komið í hendur samstarfshóps nokkurra stofnana landbúnaðarins, hefur staðið yfir frá árinu 2000. Auk Landgræðslu ríkisins koma nú að verkefninu Bændasamtök Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands og skógræktarstofnanir. Að auki leggja fyrrgreindar stofnanir áherslu á samstarf við aðrar stofnanir, t.d. Búnaðarsambönd, Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins og Örnefnastofnun Íslands.

Verkefnið Betra bú miðast við að bændur geri áætlun um alla landnýtingu sem tengist viðkomandi búrekstri. Eftir því sem við á tekur áætlunin til túnræktar, beitarstýringar, skógræktar og uppgræðslu. Segja má að landnýtingaráætlun sé þýðingarmikill liður í því að koma á sjálfbærum búskaparháttum; hún er grunnur að góðum búskaparháttum og ætti ekki að vera síður viðhöfð en fóður- og fjárhagsáætlun í búrekstri. Landbúnaður getur lagt mikið af mörkum til sjálfbærrar þróunar en til þess að svo verði þarf landnotkun að vera ábyrg. Nauðsynlegt er að landnotkun sé skipulögð þannig að ekki sé gengið á þá miklu auðlind sem í landinu býr. Æskilegt er að á skipulagstímabili verði gerð landnýtingaráætlun á sem flestum bújörðum í sveitarfélaginu.

SKÓGRÆKT

Í Kjósarhreppi eru skilyrði til skógræktar almennt góð. Merki um náttúrulegan birkiskóg frá fyrri tímum er víða að finna; ber þar helst að nefna Brynjudal, Fossárdal og í Vindáshlíð. Á þessum svæðum eru nú mestu skógræktarsvæðin þar sem hvort tveggja gætir náttúrulegs birkiskógs og annars konar trjátegunda.

Í seinni tíð hefur skógrækt á landbúnaðarsvæðum aukist töluvert um allt land. Í **lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni (56/1999)** er kveðið á um að landshlutaverkefni í skógrækt skuli sjá til þess að á 40 árum skuli ræktaður skógur á 5% lands undir 400 m hæðarlínu. Í lögnum er skógrækt skipt í tvennt, annars vegar fjölnytjaskógrækt og hins vegar skjólbelti. Greint er á milli tveggja greina fjölnytjaskógræktar, í annan stað eru það timburskógar þar sem framleiðsla viðarafurða er meginmarkmiðið, og á hinn bóginn landbótaskógar þar sem lögð er áhersla á markmið eins og jarðvegsvernd og aukna beitarhæfni landsins. Fegurð skógarins og gildi hans til útivistar eru höfð í huga jafnt við nytjaskógrækt sem landbótaskógrækt. Umfjöllun um skógrækt hér á eftir tekur til allra tegunda skógræktar.

Á síðustu árum hafa fjölmargir bændur gert samning við Vesturlandsskóga um skógrækt. Í Kjósarhreppi hefur nú þegar verið gerður samningur um skógrækt á tveimur jörðum, Bæ og Möðruvöllum. Að auki er stunduð skógrækt á jörðunum Fossá (Skógræktarfélag Kjósarsýslu og Skógræktarfélag Kópavogs), Ingunnarstöðum (Landgræðslusjóður), og Vindáshlíð (Hlíðarmeyjar). Reikna má með að skógræktarbændum fjölgi á skipulagstímabili en ógerlegt er að sjá fyrir hvar skógræktarsvæði verði skipulögð í framtíðinni. Af þeirri ástæðu er ekki talið æskilegt að skógræktarsvæði séu undandregin öðru landbúnaðarlandi á skipulagsuppdrætti.

Þar sem skógrækt er langtímaráðstöfun á landi þarf að vanda vel til undirbúnings hennar. Æskilegt er að þeir bændur sem hyggjast fara út í umfangsmikla skógrækt geri það í samvinnu við Vesturlandsskóga. Samningur Vesturlandsskóga við skógræktarbændur miðast við að gerð sé sérstök ræktunaráætlun. Slík áætlun

tekur mið af mörgum þáttum, m.a. undirbúningi lands, vali og blöndun tegunda, og hvernig best sé að fella skóginn að landslagi.

Mikilvægt er að skógrækt sé vel skipulögð og í samræmi við **lög um náttúruvernd (44/1999)** og aðrar skuldbindingar sem Íslendingar hafa samþykkt, t.d. samninginn um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Í því sambandi þarf að taka sérstakt tillit til náttúruverndarsvæða og tryggja að þar sem verið er að endurheimta upprunaleg vistkerfi sé það aðeins gert með innlendum tegundum t.d. birki og víðitegundum. Í **reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda (583/2000, 10. gr.)** segir: “Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.” Auk þess hefur sveitarstjórn markað þá stefnu að óheimilt sé að gróðursetja erlendar trjátegundir í náttúrulega birkiskóga. Með þessu ákvæði er verið að stuðla að varðveislu vistkerfis íslensku birkiskóganna í Kjósarhreppi.

Skógrækt skal ekki viðhöfð innan 10 m frá bökkum vatna, árfarvega og sjávar til að stuðla að góðu aðgengi almennings meðfram vatnsborði. Auk þess er mikilvægt að ekki sé gróðursett nærri vatnsborði en 10 m til að stuðla að eðlilegri þróun kantskógar; í kantskógum er lífríki fjölbreytt og því mikilvægur þáttur í vistkerfi og framþróun skóga.

Heildstæðar upplýsingar um afmörkun núverandi og framtíðar skógræktarsvæða liggja ekki fyrir í sveitarfélaginu. Skógræktarsvæði eru því ekki sýnd á uppdrætti enda yrði slík framsetning fljót að úreldast vegna þeirra öru þróunar sem er í greininni. Skógræktaráætlanir þurfa engu að síður að vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreind nokkur leiðbeinandi atriði sem taka ber mið af sé skógrækt fyrirhuguð. Um skógrækt gilda að öðru leyti ákvæði **laga um skógrækt (3/1955)** með síðari breytingum.

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR OG LAGAÁKVÆÐI

Framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar þarf fyrir skógrækt á verndarsvæðum (sbr. skilgreiningu í 3. viðauka laga nr. 106, 2000) og skógræktarsvæðum sem eru 200 ha eða stærri.

Skylt er að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum (sbr. skilgreiningu í 3. viðauka laga nr. 106, 2000), svo og ruðning á náttúrulegum skógi.

Á náttúruverndarsvæðum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og um skógræktaráætlanir.

Þar sem landbúnaðarsvæði eru auk þess skilgreind sem grannsvæði vatnsverndar skal haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis um skógræktaráætlanir.

Gróðursetning trjáplantna er ekki heimil á svæðum sem taka til jarðmyndana og vistkerfa sem getið er um í 37. gr. laga um náttúruvernd (44/1999) nema að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

Skógrækt með innfluttum trjátegundum er ekki heimil ofan 500 metra hæðar yfir sjó, á friðlýstum svæðum, og landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar sbr. 37. gr. laga um náttúruvernd (44/1999).

Gróðursetning trjáplantna sem ekki tilheyra íslenskri flóru er óheimil á svæðum þar sem náttúrulegur birkiskógur vex.

Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna nema í samráði við skógarvörð; skóga eða kjarssvæði má ekki rjóðurfella nema með samþykki skógræktar ríkisins.

Skógrækt skal ekki viðhöfð innan 10 m frá bökkum vatna, árfarvega og sjávarsíðu. Meta skal í hverju tilfelli fyrir sig hvort ástæða sé til að auka fjarlægðamörk enn frekar ef aðstæður eru metnar þannig, t.d. vegna sérstakra landslagseinkenna eða búsvæða fugla.

Gæta skal þess að skógrækt spilli ekki ásýnd merkra staða og útsýni að og frá þeim.



SKÓGRÆKT Í LANDI INGUNNARSTAÐA Í BRYNJUDAL

LANDGRÆÐSLA

Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að landgræðsla sé heimil hvarvetna sem hennar er talin þörf í sveitarfélaginu en meta verður hvaða aðferðir eru taldar hentugastar í hverju tilviki fyrir sig. Á stærri uppgræðslusvæðum er æskilegt að unnið sé í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Á vatnsverndarsvæðum sem taka til grannsvæða vatnslinda skal haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis um uppgræðsluaðferðir. Ef landgræðsla er í formi skógræktar er mikilvægt að hún sé vel skipulögð og í samræmi við lög um náttúruvernd og aðrar skuldbindingar sem Íslendingar hafa samþykkt, t.d. samninginn um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Í því sambandi þarf að taka sérstakt tillit til náttúruverndarsvæða og tryggja að þar sem verið er að endurheimta upprunaleg vistkerfi sé það aðeins gert með innlendum tegundum t.d. birki og víðitegundum. Samanber **10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda (583/2000)** er ræktun útlendra tegunda óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Að öðru leyti gilda um landgræðslu ákvæði **laga um landgræðslu (17/1965)** og **laga um náttúruvernd (44/1999)**.

Í skýrslunni **Jarðvegsrof á Íslandi** frá árinu 1997, sem unnin var af Landgræðslu ríkisins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins, kemur fram hversu umfangsmikið jarðvegsrof er í einstökum sveitarfélögum. Flokkunarkerfið sem stuðst er við í skýrslunni byggir í aðalatriðum á tvennu; annars vegar rofmyndum sem skipt er niður í 13 flokka, og hins vegar rofástandi sem skipt er niður í 5 flokka. Með fylgjandi tafla sýnir niðurstöður fyrir Kjósarhrepp sem er alls 302 km² að stærð.

ROFMYNDIR	LÍTIÐ	NOKKURT	TALSVERT	MIKIÐ	MJÖG MIKIÐ
Áfoksgeirar	0	0	0	0	0
Rofabörð	11	20	9	2	0
Urðir	0	9	7	9	0
Rofdilar	13	47	4	0	0
Jarðsil	10	72	54	4	0
Skriður	15	14	0	0	0
Vatnsrásir	0	19	3	0	0
Melar	15	51	36	0	0
Sandar	0	0	0	0	0
Sandmelar	0	0	0	0	0
Sandhraun	0	0	0	0	0
Moldir	0	0	0	0	0
Hraun	0	0	0	0	0

Jarðvegsrof á Íslandi – Landgræðsla ríkisins og Rala 1997

Í fyrrgreindri skýrslu segir jafnframt um Kjósarhrepp: “Í heild telst jarðvegs-eyðing ekki vera mikil í Kjósarhreppi. Stærsti hluti þeirra 15 km² sem fá rofeinkunn 4 eru urðir í bröttum hliðum Esjunni (9 km²). Land með rofeinkunn 3 er nokkuð útbreitt, eða 35%, meðal annars í hliðum (jarðsil) og á hálendi austast í hreppnum (melar). Mjög varhugavert er að beita hrossum í hliðar fjallanna, sérstaklega á vorin, en skemmdir af völdum hrossabeitar eru umtalsverðar á nokkrum stöðum í Kjósinni.”

Í **Landgræðsluáætlun 2003-2014** er lagt til að landgræðslustörf verði færð meira frá Landgræðslu ríkisins til heimamanna í héraði. Formlegt samstarfsverkefni Landgræðslu ríkisins og bænda um uppgræðslu heimalanda hefur staðið yfir frá árinu 1990; nefnist verkefnið **Bændur græða landið**. Tilgangur verkefnisins er að styrkja bændur til landgræðslu á jörðum sínum þar sem þess þarf með. Þrjú býli í sveitarfélaginu voru árið 2005 þátttakendur í verkefninu Bændur græða landið; Meðalfell, Vindás, og Púfa.

Stór votlendissvæði í sveitarfélaginu hafa verið ræst fram og land þurrkað með skurðgreftri, oftast í þeim tilgangi að vinna beitar- eða ræktarlönd. Þessi þróun hófst um 1950 og stóð nær óslitið fram til 1980-90. Eftir 1990 hefur dregið mjög úr framræslu votlendis; hefur land af þeim sökum víða blotnað upp aftur þar sem skurðum er ekki haldið við eða vegna þess að skurðir hafa verið fylltir til að flýta þróuninni. Það verður að teljast jákvæð þróun að þurrkuð svæði, sem ekki er lengur þörf fyrir sem ræktar- eða beitarland, séu þannig færð aftur til upprunalegs horfs. Með endurheimt votlendis stækka búsvæði fyrir plöntur og fugla sem þrífast á votlendissvæðum.

Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að endurheimt votlendis sé heimil hvarvetna í sveitarfélaginu. Votlendissvæði eru sérstæð og hafa mikla þýðingu fyrir vatnsbúskap í jarðvegi. Stefna skal að því að halda í þau votlendissvæði sem enn eru óröskuð í hreppnum. Aðstæður til endurheimtar votlendis teljast víða góðar, sérstaklega á framræstum mýrum sem nýttar hafa verið sem úthagi. Á þeim svæðum er gróður víða blandaður votlendistegundum og frærförði mýrarplantna því yfirleitt til staðar í jarðvegi.

FERÐAÞJÓNUSTA

Ferðaþjónusta í dreifbýli er ein þeirra greina innan ferðaþjónustunnar sem hefur verið í miklum vexti héraðs undanfarin ár. Á fjölda bújarða í Kjósarhreppi fer fram ferðaþjónusta í einhverri mynd. Þegar talað um ferðaþjónustu bænda er ekki aðeins átt við þá bæi sem eru á skrá hjá samtökum Ferðaþjónustu bænda. Hér teljast þeir einnig til ferðaþjónustubænda sem tekjur hafa af sölu á landi undir frístundahús og hafa jafnvel atvinnu af uppbyggingu þess; einnig þeir landeigendur sem eiga og leigja út frístundahús. Þrátt fyrir að litið sé á ferðaþjónustu á vegum bænda sem eina grein landbúnaðar fellur starfsemi hennar ekki alltaf undir þann landnotkunarflokk á skipulagsupprætti. Nokkrir aðrir landnotkunarreitir eru skilgreindir á skipulagsupprætti í tengslum við ferðaþjónustu bænda, til að mynda svæði undir frístundabyggð, opin svæði til sérstakra nota og verslunar- og þjónustusvæði.

Þeir bæir í Kjósarhreppi sem eru innan vébanda Ferðaþjónustu bænda eru Eyrarkot, Hjalli og Kiðafell. Á þessum bæjum er boðið upp á gistingu, máltíðir og ýmsa afþreyingu. Í Hvammsvík, sem eru í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, er boðið upp á fjölbreytta ferðaþjónustu, svo sem siglingar, veiði og golf. Aðrir bæir sem stunda ferðaþjónustu sem tengist frístundabyggð með einum eða öðrum hætti eru fjölmargir; þeir helstu eru Blönduholt, Eyjar, Grjóteyri, Háls, Meðalfell, Neðri-Háls og Möðruvellir.

Búast má við að ferðaþjónusta innan hreppsins eigi eftir að vaxa á skipulags-tímabili. Skilgreind hafa verið ný svæði undir frístundabyggð á jörðum sem slíkt var ekki fyrir, einnig hefur aukið land verið tekið frá undir frístundabyggð á nokkrum jörðum þar sem byggð er þegar risin.

Ferðaþjónusta í dreifbýli á eflaust eftir að taka breytingum í framtíðinni en erfitt er að spá fyrir um hver þróunin nákvæmlega verður. Innan ferðaþjónustu bænda liggja fjölmörg sóknarfæri, ekki síst sé þess gætt að varðveita þá sérstöðu sem þessi tegund ferðaþjónustu felur í sér. Ferðaþjónusta bænda hefur skapað sér ákveðna ímynd og mikilvægt er að hún sé styrkt enn frekar, ekki síst svonefnd menningartengd ferðaþjónusta. Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að stefnt verði markvisst að því kortleggja enn frekar möguleika og tækifæri á sviði ferðaþjónustu sem til staðar eru í sveitarfélaginu.

UMFJÖLLUN Í SVÆÐISSKIPULAGI

Í **Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024** segir m.a. um landbúnaðarsvæði: "Þau svæði sem sýnd eru sem landbúnaðarsvæði á skipulagsuppdrættinum skulu vera það áfram. Þetta þýðir að í gildi er sú meginregla að ekki skuli reistar byggingar eða önnur mannvirki á þessum svæðum önnur en þau sem nauðsynleg eru vegna búskapar. Með þessu er reynt að sporna gegn óskipulagðri og tilviljunarkenndri þróun á svæðum þar sem lítið er um áberandi mannvirki önnur en þau sem þar eru augljóslega í notkun. Þessi ráðstöfun á sér stoð í meginmarkmiðum um vel afmarkaða byggð, skýr skil milli þéttbýlis og hins byggða og viðleitni til sjálfbærrar þróunar. Til greina getur komið að skipuleggja á landbúnaðarsvæðum hverfi með stórum lóðum þar sem unnt er að reka tómstundabúskap sem viðbót við aðalstarf í þéttbýli. Einnig getur komið til greina að heimila byggingu einstakra íbúðarhúsa og þyrpinga íbúðarhúsa án tengsla við búskap. Til greina kemur einnig að heimila stækkanir stofnanna og meðferðarheimila þar sem slíkar stofnanir eru í dag. Slíkar undantekningar koma til ákvörðunar í aðalskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélags þar sem nánari útfærsla byggðar fer fram." Aðalskipulagsáætlun staðfestir þessa stefnumörkun svæðisskipulags.

Sú jákvæða þróun hefur á síðustu árum orðið í sveitarfélaginu að ungt fólk er í auknu mæli að setjast að á ættjörðum sínum og sækir vinnu út fyrir sveitarfélagið. Með hliðsjón af þeirri þróun gerir aðalskipulagsáætlun ráð fyrir að á skilgreindu landbúnaðarsvæði sé heimilt að standi allt að fimm íbúðarhús á hverri bújörð sem er skráð sem lögbýli í Jarðaskrá 2005 (Landbúnaðarráðuneytið). Þetta samræmist stefnumörkun um landbúnaðarsvæði/dreifbýli í **Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024** þar sem segir: "Einnig getur komið til greina að heimila byggingu einstakra íbúðarhúsa og þyrpinga íbúðarhúsa án tengsla við búskap."

Í **Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024**, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir að fjöldi íbúðarhúsa í Kjósarhreppi geti orðið allt að 110 í lok ársins 2024, sé miðað við að fjölgun íbúa sé 3% á ári. Ef stefnir í að fjöldi íbúðarhúsa fari yfir 110 á skipulagstímabili aðalskipulags þarf að gera nýja áætlun um fjölda íbúðarhúsa á sveitarfélaginu, með tilheyrandi breytingur á aðal- og svæðisskipulagi.

SVÆÐI FYRIR BÚGARÐA

Á skipulagsuppdrætti eru ellefu landbúnaðarsvæði afmörkuð fyrir svonefnda búgarðabyggð. Upplýsingar um á hvaða jörðum búgarðasvæðin tilheyra, stærð þeirra og tilvísunarnúmer á skipulagsuppdrætti má sjá í meðfylgjandi töflu.

SVÆÐI FYRIR BÚGARÐA	STÆRD	TILVÍSUN
úr landi Eyrarkots - Harðalahverfi	27 ha	B 1
í landi Eyrar	45 ha	B 2
í landi Púfukots	26,4 ha	B 3
úr landi Morastaða	6,6 ha	B 4
í landi Eyja II	16,5 ha	B 5

í landi Eyja II	7 ha	B 6
í landi Eyja II	15.7 ha	B 7
í landi Eyja II	1.2 ha	B 8
í landi Þorlaksstaða	35.7 ha	B 9
í landi Grjóteyrar	11.3 ha	B 10
í landi Neðra-Háls	5.6 ha	B 11

Á svæðunum er gert ráð fyrir heilsársbyggð þar sem íbúi/ábúandi getur verið með lítills háttar frístundabúskap sem ekki krefst mikils landrýmis. Með frístundabúskap er átt við hvers konar búskap með skepnur eða ræktun þar sem lóðarhafi hefur ekki atvinnu eða tekjur af búskapnum; þannig er ekki gert ráð fyrir að frístundabúskapur feli í sér framleiðslu landbúnaðarafurða á markað. Hver búgarðalóð skal ekki vera minni en 1 ha. Á hverri lóð er heimilt að byggja eitt íbúðarhús ásamt bílgeymslu og einni byggingu fyrir þann frístundabúskap sem á lóðinni er stundaður. Byggingar skulu vera lágreistar og heildar grunnflötur þeirra má ekki fara yfir 500 m² á hverri lóð. Þéttleiki byggðar á svæðunum skal ekki vera meiri en 1,5 íbúð á hvern ha lands. Nánari útfærsla á svæðunum skal ákvörðuð í deiliskipulagi. Svæði fyrir búgarða samræmist stefnumörkun um landbúnaðarsvæði/dreifbýli í **Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024** þar sem segir: "Til greina getur komið að skipuleggja á landbúnaðarsvæðum hverfi með stórum lóðum þar sem unnt er að reka tómstundabúskap sem viðbót við aðalstarf í þéttbýli."

Í meðfylgjandi töflu eru nánari upplýsingar um skilgreind svæði fyrir búgarða, þ.e. um umhverfi svæða, á hvaða stigi uppbygging er, og hvort deiliskipulag hafi verið gert.

TILVÍSUN	UMHVERFI	DEILISKIPULAG	UPPBYGGING
B 1	hálfgróið land/ hálfdeigja /melur	tiltækt	langt komin
B 2	hálfgróið land/ melur /hálfdeigja	ekki tiltækt	ekki hafin
B 3	hálfdeigja/ hálfgróið land /melur	ekki tiltækt	ekki hafin
B 4	hálfgróið land/mólendi	ekki tiltækt	ekki hafin
B 5	ræktað land/framræst land/holt	ekki tiltækt	ekki hafin
B 6	ræktað land/framræst land	ekki tiltækt	ekki hafin
B 7	hálfdeigja/graslendi/hálfgróið land	ekki tiltækt	ekki hafin
B 8	ræktað land	ekki tiltækt	ekki hafin
B 9	hálfgróið land/hálfdeigja/holt	ekki tiltækt	ekki hafin
B 10	ræktað land/framræst land	ekki tiltækt	ekki hafin
B 11	graslendi/skógrækt/framræst land	ekki tiltækt	stakt hús

Skilgreind svæði fyrir búgarða eru öll í einkaeigu. Einungis eitt svæðanna hefur verið deiliskipulagt, þ.e. svæðið úr landi Eyrarkots (B 1) sem sveitarfélagið keypti árið 1987. Svæðið gengur almennt undir nafninu Haróbalahverfi og tekur það til níu íbúðarlóða á 27 ha svæði. Svæðið liggur milli Laxvogar og Eyrarfjalls beggja vegna Hvalfjarðarveggar. Um stórar eignarlóðir er að ræða (1 – 4.5 ha) og er öllu því landi sem hreppurinn hafði til umráða raðstafað. Svæðið var skipulagt í tveimur áföngum; árið 1995 voru skipulagðar 4 lóðir norðan Hvalfjarðarveggar og árið 2000 voru skipulagðar aðrar fjórar lóðir sunnan Hvalfjarðarveggar. Árið 2001 var svo einni lóð bætt við í eldra skipulaginu. Öllum lóðunum níu hefur verið úthlutað og á átta þeirra hefur verið byggt. Í skilmálum deiliskipulags fyrir nyrðri hluta svæðisins kemur fram að reisa megj eitt eða fleiri útihús sem nýta megj til gripahalds eða annarrar tómstundaiðju, eða jafnvel umhverfisvænan iðnað; jafnframt kemur fram að

samanlagður grunnflötur útihúsa skuli ekki vera meiri en tvöfaldur grunnflötur íbúðarhúss. Í skilmálum deiliskipulags fyrir syðri hluta svæðisins kemur fram að reisa megi minniháttar útihús sem sé allt að 50 m² að stærð.

Búgarðabyggðir í landi Eyrarkots (B1), Eyrar (B2) og Púfukots (B3) munu fá kalt vatn við Galtargil í norðvestanverðu Eyrarfjalli. Aðrar búgarðabyggðir eru sjálfbærar um vatnstöku innan þeirra jarða sem þær eru skilgreindar á. Gert er ráð fyrir að fráveitu verði fyrirkomið með rotþróm og siturlögnum innan byggðanna.

SJÁLFBÆR PRÓUN Í ÍSLENSKU SAMFÉLAGI

Í ritinu **Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi** (Umhverfisráðuneytið, 1998) segir m.a. um landbúnað: "Sjálfbær þróun íslensks landbúnaðar á að fela í sér að hann geti eflst og arður af honum aukist án þess að af hljótist skaðleg mengun eða gengið sé á gróður, jarðveg eða aðrar náttúruauðlindir. Landnotkun þarf að vera háð skipulagi og taki tillit til líffræðilegrar fjölbreytni. Gróður- og jarðvegsvernd þarf að vera eitt helsta forgangsverkefni þjóðarinnar. Landeyðingu þarf að stöðva og endurheimta eftir megni það sem tapast hefur af skógi, gróðri og jarðvegi. Landnotendur beri ábyrgð á ástandi lands sem nýtt er til beitar. Beitarnýting skal vera hófleg og skipuleg og ekki fara fram á svæðum þar sem gróður er viðkvæmur og jarðvegsrof á sér stað eða hætta er á jarðvegsrofi. Stuðla skal að verndun og endurheimt votlendis og nýtt land verði ekki tekið til framræslu nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Nýtjar af innlendum tegundum fugla og spendýra verði þannig að stofnum þeirra stafi ekki hætta af og ekki verði röskun á náttúru landsins. Stuðla skal að bættri nýtingu og eflingu hlunninda í lax- og silungsveiði í sátt við náttúru landsins og villta fiskistofna. Fiskeldi leiði ekki til þess að sjúkdómar og mengun berist út í náttúruna og fiskeldisstöðvar séu ekki í námunda við frjósöm og viðkvæm vistkerfi. Koma skal í veg fyrir mengun grunnvatns, vatna og áa af völdum áburðar- notkunar og annarrar landbúnaðarstarfsemi." Aðalskipulagsáætlun staðfestir þessa stefnumörkun.

Í **viðauka** má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi landbúnaðarsvæðum sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

ATHAFNASVÆÐI

SKILGREINING ATHAFNASVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vöruhegrymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRAETTI

<u>ATHAFNASVÆÐI</u>	<u>STÆRÐ</u>	<u>TILVÍSUN</u>
Athafnasvæði í landi Eyrar	1.7 ha	A 1

ALMENN UMFJÖLLUN

Á athafnasvæði í landi Eyrar, sem staðsett er á Torfamel, er gert ráð fyrir allt að 1000 m² geymsluhúsnæði. Auk þess er gert ráð fyrir að á svæðinu sé mögulegt að stunda aðra starfsemi sem fellur undir skilgreiningu athafnasvæðis.

IÐNAÐARSVÆÐI

SKILGREINING IÐNAÐARSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólþælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

<u>IÐNAÐARSVÆÐI</u>	<u>STÆRÐ</u>	<u>TILVÍSUN</u>
Sorpmóttökusvæði í landi Meðalfells	0.5 ha	1

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Starfsemi á skilgreindu iðnaðarsvæði í landi Meðalfells er takmörkuð við sorpmóttöku.
- Umfangsmikið fiskeldi í Hvalfirði er ekki heimilt vegna hættu á skaðlegum áhrifum á lífríki Laxár.

ALMENN UMFJÖLLUN

Fiskeldi var starfrækt í Hvalfirði út af jörðinni Eyrarkoti fram til ársins 2005. Vegna ótta við mengun á lífríki Laxvogs og Laxár í Kjós hafnaði Heilbrigðis- eftirlit Kjósarsvæðis umsókn um stækkun fiskeldisstöðvarinnar í Hvalfirði. Laxvogur er á náttúruminjaskrá og vistkerfið er viðkvæmt fyrir röskun af völdum mengunar. Fjölbreytt fuglalíf er einnig í hættu vegna mengunar sem hugsanlega dregur til sín vargfugl. Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að í framtíðinni verði umfangsmikið fiskeldi ekki stundað í Hvalfirði innan lögsögu Kjósarhrepps vegna hættu á skaðlegum áhrifum á lífríki Laxár.

Í viðauka má sjá útvaldar málsgreinar reglugerða viðkomandi iðnaði sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

HAFNARSVÆÐI

SKILGREINING HAFNARSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almenn skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

Á skipulagsuppdrætti er ekkert hafnarsvæði skilgreint

ALMENN UMFJÖLLUN

Tvær litlar bryggjur eru í sveitarfélaginu en starfsemi þeim tengdum samræmist ekki skilgreiningu hafnarsvæða í skipulagsreglugerð. Bryggja í Hvammsvík er nýtt í tengslum við þá ferðaþjónustu sem þar er stunduð. Í Hvítanesi er gömul og illa farin bryggja frá stríðsárunum.

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

SKILGREINING SVÆÐA FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til svæða fyrir frístundabyggð teljast einnig svæði fyrir fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskjóli.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

<u>FRÍSTUNDABYGGÐ – JÖRÐ</u>	<u>STÆRÐ</u>	<u>TILVÍSUN</u>
Kiðafell	7.7 ha	F 1
Morastaðir	24 ha	F 2
Miðdalur	3,5 ha	F 3
Flekkudalur	1.1 ha	F 4
Blönduholt	25,7 ha	F 5
Hvítanes	22.5 ha	F 6
Púfa	9.8 ha	F 7
Bær	152 ha	F 8
Eilífsdalur	14.7 ha	F 9
Meðalfell	96.3 ha	F 10a
	48.8 ha	F 10b
	1.3 ha	F 10c
	2 ha	F 10d
	10.6 ha	F 10e
	4.8 ha	F 10f
	1.4 ha	F 10g
Eyjar I	17.5 ha	F 11a
	4 ha	F 11b
Eyjar II	1.8 ha	F 12a
	3.3 ha	F 12b
	5.8 ha	F 12c
	16.8 ha	F 12d
	1 ha	F 12e
Grjóteyri	13.1 ha	F 13a
	5.3 ha	F 13b
Hvassnes	10.2 ha	F 14
Möðruvellir	69.3 ha	F 15a
	2.7 ha	F 15b
	10.2 ha	F 15c
Fremri-Háls	13.6 ha	F 16
Vindás	39.1 ha	F 17a
	6.8 ha	F 17b
	14 ha	F 17c
Valdastaðir	66.7 ha	F 18
Neðri-Háls	27.2 ha	F 19

Háls	29.6 ha	F 20a
	20.6 ha	F 20b
Hvammur/Hvammsvík	20.5 ha	F 21a
	1.2 ha	F 21b
	1 ha	F 21c
Skorhagi	39.2 ha	F 22a
	11.4 ha	F 22b
Eyri	30.2 ha	F 23
Sandur	23.2 ha	F 24a
	2.8 ha	F 24b
	14.6 ha	F 24c
	0.7 ha	F 24d
	2 ha	F 24e
	20.9 ha	F 24f
Hjalli	2.9 ha	F 25
Þorlaksstaðir	10.1 ha	F 26
Hurðarbak	10 ha	F 27

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Skipulags- og byggingarskilmálar deiliskipulags fyrir nýjar frístundabyggðir skulu vera skýrir og stuðla að samræmi í heildaryfirbragði byggðar.
- Samfelld frístundabyggðasvæði skal skipuleggja í heild sinni en ekki í mörgum áföngum ef mögulegt er.
- Þéttleiki byggðar í nýjum frístundabyggðasvæðum skal almennt ekki vera meiri en tvö hús á hektara.
- Þegar deiliskipulag er gert af nýjum frístundabyggðasvæðum skal gera ráð fyrir að a.m.k. 25% af skipulagssvæðinu sé nýtt til útivistar og fyrir vegi og veitulagnir.
- Skipuleggja skal aðgengilegan urðunarstað fyrir garðúrgang innan hvernar frístundabyggðar.
- Heimilt er að endurbyggja gömul frístundahús sem eru innan 50 metra frá vatnsbakka (ár, vörn og sjór) ef grunnflötur fer ekki upp fyrir þá stærð sem fyrir var, og mænishæð húss fer ekki upp fyrir þá hæð sem fyrir var.
- Óheimilt er að byggja bátaskýli innan 50 metra frá vatnsbakka Meðalfellsvatns.
- Fyrir utan skilgreind svæði fyrir frístundabyggð er ekki gert ráð fyrir frístundahúsum á öðrum landnotkunarreitum að undanskildum landbúnaðarsvæðum fari fjöldi þeirra ekki yfir þrjú hús á hverri jörð.
- Tryggja þarf að röskun vegna framkvæmda við uppbyggingu frístundabyggða sé sem allra minnst á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá og þar sem náttúrulegur birkiskógur vex.
- Tryggja þarf að engin röskun vegna framkvæmda við uppbyggingu frístundabyggða verði á svæðum sem þar sem til staðar eru jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd.

- Vegir í frístundabyggð skulu lagðir samsíða hæðarlínur eins og kostur er í hallandi landi.
- Leitast skal við að samnýta aðkeyrslur, veitulagnir og rotþrær eins og kostur er á nýjum frístundabyggðasvæðum.
- Heimilt er að staðsetja sorpgáma á svæðum fyrir frístundabyggð.
- Uppsetning fjarskiptasenda er heimil á frístundabyggðasvæðum.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF LÖGUM OG REGLUGERÐUM

- Við deiliskipulag svæða fyrir frístundabyggð skal leggja áherslu á að byggð falli sem best að svipmóti lands og nægt svigrúm sé til útivistar.
- Frístundahús skulu ekki byggð nær Hvalfirði en sem nemur 50 metrum frá sjávarkambi.
- Frístundahús skulu ekki byggð nær Meðalfellsvatni en sem nemur 50 metrum frá vatnsbakka.
- Frístundahús skulu ekki byggð nær vatnsföllum (ám) en sem nemur 50 metrum frá árfarvegi.
- Frístundahús skulu ekki byggð nær stofn- og tengivegum en sem nemur 100 metrum og ekki nær safnvegum en 50 metrum.
- Haft skal samráð við Vegagerðina um tengingar nýrra safn- og einkavega við stofn- og tengivegi í tengslum við nýja frístundabyggð.
- Í deiliskipulagi svæða fyrir frístundabyggð skal gæta þess að hefta ekki aðgang að vötnum og strandsvæðum eða öðrum svæðum sem sérstök eru vegna náttúrufars.
- Frístundahús skulu aðeins byggð á svæðum þar sem ekki má búast við ofanflóðum sem hættuleg geta reynst fólki.
- Tryggja skal að fornleifum sé ekki raskað vegna uppbyggingar svæða fyrir frístundabyggð nema að fengnu leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
- Uppbygging frístundabyggða á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá og þar sem náttúrulegur birkiskógur vex er aðeins heimil að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.
- Áður en deiliskipulag er gert af svæðum fyrir frístundabyggð sem eru yfir 20 ha að stærð skal tilkynna viðkomandi svæði til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

ALMENN UMFJÖLLUN

Á skipulagsuppdrætti eru skilgreind 52 svæði fyrir frístundabyggð á 27 jörðum (merkt F-1 til F-27). Uppbygging svæðanna er á mismunandi stigi, allt frá því að vera óskipulögð í það að vera nær fullbyggð. Umhverfi svæðanna er mjög breytilegt, svo og stærð og lögun þeirra. Á skipulagsuppdrætti er ekki gerður greinarmunur á þegar byggðum og óbyggðum svæðum fyrir frístundabyggð, öll svæði hafa sams konar framsetningu. Hjá Fasteignamati ríkisins voru 557 frístundahús skráð í sveitarfélaginu árið 2004. Engir fjalla- og gangnamannaskálar né neyðarskýli eru í hreppnum.

Langt er um liðið frá því að menn hófust handa að byggja sér litil sumarhús í Kjósarhreppi. Mörg þessara húsa voru byggð þannig að þau eru yfirleitt aðeins í notkun yfir sumartímann. Í seinni tíð hefur borið nokkuð á því að minni hús séu endurbyggð og jafnvel stækkuð og þau gerð að heilsárs frístundahúsum. Þar sem hús byggð á árunum 1960 til 1980 eru almennt minni en þau frístunda-

hús sem nú eru byggð, auk minni krafna lóðarhafa um stærð lóða áður fyrr, er þéttleiki frístundabyggða víða mikill.

Í meðfylgjandi töflu eru nánari upplýsingar um skilgreind svæði fyrir frístundabyggð, þ.e. um umhverfi svæða, á hvaða stigi uppbygging er, og hvort deiliskipulag hafi verið gert.

TILVÍSUN	UMHVERFI	DEILISKIPULAG	UPPBYGGING
F 1	hálfgróið land/skógur	ekki tiltækt	langt komin
F 2	melar/hálfdeigja	ekki tiltækt	stök hús
F 3	hálfgróið land	ekki tiltækt	stök hús
F 4	graslendi	ekki tiltækt	lokið
F 5	hálfdeigja/melar/framræst land	skipulagt að hluta	hafin
F 6	graslendi	ekki tiltækt	ekki hafin
F 7	melar/hálfdeigja	ekki tiltækt	hafin
F 8	mólendi/melar/hálfdeigja	ekki tiltækt	ekki hafin
F 9	graslendi/hálfgróið land/melar	skipulagt	langt komin
F 10a	hálfdeigja/melar/mólendi/graslendi	ekki tiltækt	langt komin
F 10b	framræst land/ræktað land/mólendi	ekki tiltækt	langt komin
F 10c	mólendi/hálfgróið land	ekki tiltækt	ekki hafin
F 10d	graslendi/mólendi	ekki tiltækt	stök hús
F 10e	ræktað land/graslendi	ekki tiltækt	hafin
F 10f	graslendi	ekki tiltækt	ekki hafin
F 10g	graslendi/ræktað land	ekki tiltækt	lokið
F 11a	ræktað land/framræst land	ekki tiltækt	hafin
F 11b	ræktað land/framræst land	ekki tiltækt	stök hús
F 12a	hálfdeigja/graslendi	ekki tiltækt	langt komin
F 12b	ræktað land/graslendi	ekki tiltækt	ekki hafin
F 12c	ræktað land/graslendi	ekki tiltækt	ekki hafin
F 12d	ræktað land/hálfgróið land	skipulagt að hluta	hafin
F 12e	hálfgróið land	ekki tiltækt	ekki hafin
F 13a	ræktað land/framræst land	ekki tiltækt	hafin
F 13b	ræktað land/framræst land	ekki tiltækt	hafin
F 14	melar/hálfdeigja/hálfgróið land	ekki tiltækt	ekki hafin
F 15a	framræst land/hálfdeigja/melar	ekki tiltækt	langt komin
F 15b	ræktað land	ekki tiltækt	ekki hafin
F 15c	mólendi/graslendi	ekki tiltækt	stök hús
F 16	hálfdeigja/melar/framræst land	ekki tiltækt	stök hús
F 17a	mólendi/hálfgróið land	ekki tiltækt	ekki hafin
F 17b	kjarr/hálfgróið land/melar	ekki tiltækt	hafin
F 17c	kjarr/hálfgróið land/melar	ekki tiltækt	stök hús
F 18	mólendi/hálfdeigja/hálfgróið land	ekki tiltækt	stök hús

F 19	hálfdeigja/melar	skipulagt	hafin
F 20a	framræst land/hálfdeigja/mólendi	skipulagt	hafin
F 20b	hálfgróið land/mólendi/graslendi	ekki tiltækt	hafin
F 21a	melar/hálfdeigja/framræst land	skipulagt	langt komin
F 21b	graslendi/ræktað land	skipulagt	stök hús
F 21c	graslendi/ræktað land	skipulagt	ekki hafin
F 22a	mólendi/hálfgróið land/hálfdeigja	skipulagt að hluta	hafin
F 22b	framræst land/hálfdeigja	ekki tiltækt	ekki hafin
F 23	hálfdeigja/hálfgróið land	ekki tiltækt	stök hús
F 24a	ræktað land/hálfdeigja	ekki tiltækt	ekki hafin
F 24b	hálfgróið land	ekki tiltækt	stök hús
F 24c	hálfdeigja/hálfgróið land/graslendi	ekki tiltækt	ekki hafin
F 24d	hálfgróið land	ekki tiltækt	ekki hafin
F 24e	ræktað land	ekki tiltækt	hafin
F 24f	framræst land/ræktað land	ekki tiltækt	ekki hafin
F 25	holt/hálfdeigja/framræst land	ekki tiltækt	stök hús
F 26	hálfgróið land/holt	ekki tiltækt	ekki hafin
F 27	hálfgróið land/holt	ekki tiltækt	ekki hafin

Með hliðsjón af fjölda og stærð fyrirhugaðra svæða fyrir frístundabyggð er ljóst að huga þarf að vatnstöku og fráveitu fyrir byggðirnar. Öll svæðin eru í nálægð fjalla eða hálsa og því eru góðir möguleikar á vatnstöku fyrir frístundabyggðir innan viðkomandi jarða. Gert er ráð fyrir að fráveitu verði fyrirkomið með rot-þróum og siturlögnum innan byggðanna.

Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að á hverri jörð (bújörð/eyðijörð) sé heimilt að standi allt að þrjú frístundahús á landbúnaðarsvæðum.



FRÍSTUNDABYGGÐ Í LANDI EYJA VIÐ MEÐALFELLSVATN

Frístundabyggð breytir óneitanlega umhverfisámynd þar sem hún ris. Sjónræn áhrif frístundabyggðar felast einkum í gerð og þéttleika frístundahúsa, hönnun vegakerfis, og trjárækt umhverfis húsín. Mikilvægt er að á þeim svæðum sem deiliskipulag verður gert af á skipulagstímabili verði frístundabyggð látin falla sem best að umhverfi.

Í meðfylgjandi töflu eru tilgreind helstu atriði sem taka þarf tillit til þegar deiliskipulag fyrir frístundabyggðasvæði er gert.

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR OG LAGAÁKVÆÐI

Við uppbyggingu frístundabyggða sé lögð áhersla á að byggð falli sem best að umhverfi.

Miða skal við að deiliskipulag sé gert af svæðum í heild sinni en ekki í mörgum áföngum.

Byggingarskilmálar séu skýrir og stuðli að samræmi í heildaryfirbragði byggðar.

Péttleiki byggðar í nýjum frístundabyggðasvæðum skal ekki vera meiri en tvö hús að meðaltali á hektara.

Gera skal ráð fyrir að a.m.k. 25% af heildarstærð skipulagssvæðis sé nýtt til úti-
vistar og fyrir vegi og veitulagnir.

Miða skal við að vegir séu sem mest lagðir samsíða hæðarlínunum í hallandi landi.

Samráð sé haft við Vegagerðina um vegtengingu við þjóðveg þar sem það á við.

Samnýta aðkeyrslur, veitulagnir og rotþrær eins og kostur er.

Gera ráð fyrir rúmum svæðum fyrir gönguleiðir.

Tryggja aðgengi að vatnsföllum, vötnum og sjávarsíðu þar sem slíkt á við.

Fornleifum skal ekki raska sé þær að finna innan skipulagssvæða.

Óæskilegt er að með lóðarmörkum sé girt eða trjáplöntur gróðursettar í beinar línur.

Gróðursetning trjáplantna sem ekki tilheyrja íslenskri flóru er óheimil á frístunda-
byggðasvæðum þar sem náttúrulegur birkiskógur vex.

Ekki er æskilegt að gerðar séu breytingar á deiliskipulagi vegna einstakra frístundalóða.

Tryggja þarf að engin röskun vegna framkvæmda við uppbyggingu frístundabyggða verði á svæðum sem þar sem til staðar eru jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd.

Tryggja þarf að röskun vegna framkvæmda við uppbyggingu frístundabyggða sé sem allra minnst á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá og þar sem náttúrulegur birkiskógur vex; ekki er heimilt að rjóðurfella skógar- eða kjarrsvæði nema með samþykki skógræktar ríkisins.

Í **viðauka** má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi svæðum fyrir frístundabyggð sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA**SKILGREINING OPINNA SVÆÐA TIL SÉRSTAKRA NOTA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ**

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallbrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

<u>OPIÐ SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA</u>	<u>STÆRÐ</u>	<u>TILVÍSUN</u>
Útivistarsvæði við Félagsgarð	5 ha	0 1
Reynivallakirkjugarður á Reynivöllum	0.27 ha	0 2
Gæludýragrafreitir í landi Hurðarbaks	3.4 ha	0 3
Vindáshlíð – svæði á vegum KFUK	35.8 ha	0 4
Tjaldsvæði í landi Hjalla	0.4 ha	0 5
Útivistarsvæði í landi Grjóteyrar	6.7 ha	0 6a
Útivistarsvæði í landi Grjóteyrar	10 ha	0 6b

Kirkjugarður á Meðalfelli	0.05 ha	0 7a
Reiðvöllur í landi Meðalfells	0.8 ha	0 7b
Siglingaaðstaða í landi Meðalfells	0.2 ha	0 7c
Útivistarsvæði í landi Meðalfells	7.7 ha	0 7d
Útivistarsvæði í landi Bæjar	42.6 ha	0 8
Útivistarsvæði á Hvalfjarðareyri	16.5 ha	0 9
Útivistarsvæði í landi Hvammsvíkur	27 ha	0 10a
Bátabryggja í landi Hvammsvíkur	0.2 ha	0 10b
Siglingaaðstaða í landi Skorhaga	0.2 ha	0 11
Siglingaaðstaða í landi Eyrarkots	0.2 ha	0 12

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Þjónusta er heimil í litlu mæli í tengslum við þá starfsemi sem fyrir er á opnum svæðum til sérstakra nota.
- Ekki er heimilt að reisa frístundahús innan opinna svæða til sérstakra nota.
- Heimilt er að staðsetja sorpgáma á opnum svæðum til sérstakra nota.
- Uppsetning fjarskiptasenda er heimil á opnum svæðum til sérstakra nota.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF REGLUGERÐUM

- Áður en deiliskipulag er gert af opnum svæðum til sérstakra nota sem eru yfir 20 ha að stærð skal tilkynna viðkomandi svæði til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Uppbygging á opnum svæðum til sérstakra nota sem jafnframt eru á náttúruminjaskrá og þar sem náttúrulegur birkiskógur vex er aðeins heimil að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

ALMENN UMFJÖLLUN

Í Vindáshlíð hafa frá árinu 1947 verið starfræktar sumarbúðir KFUK fyrir stúlkur, gjarnan nefndar Hlíðarmeyjar. KFUK eru frjáls félagasamtök sem starfa innan þjóðkirkjunnar en eru þó sjálfstæð og lúta eigin stjórn. Á hverju sumri dveljast í Vindáshlíð hundruð stúlkna í nokkrum dvalarflokkum. Starfsemi KFUK fer fram á 40 ha eignarlandi sem samtökunum var gefið úr jörðinni Vindási.



SUMARBÚÐIR KFUK Í VINDÁSHLÍÐ

Í Vindáshlíð standa nú nokkur mannvirki. Aðalskálinn var tekinn í notkun árið 1951 og viðbygging við hann sumarið 2003. Árið 1957 var Hlíðarmeyjum gefin

gamla Hallgrímskirkja í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd sem byggð var 1878. Kirkjan var flutt í Vindáshlíð og endurvígð þar sumarið 1958 eftir að hafa verið endurbyggð að innanverðu. Á svæðinu eru auk þess allstórt íþróttahús og starfsmannabústaðir. Í Vindáshlíð er íþróttavöllur og þar eru fjölbreyttar gönguleiðir.

Kirkjugarðurinn á Reynivöllum er um 2700 m² að stærð og hefur um þriðjungur hans enn ekki verið nýttur. Með hliðsjón við fjölda greftrana á síðustu árum mun ekki vera þörf fyrir stækkun kirkjugarðsins á skipulagstímabili. Meðalfellskirkja stóð á Meðalfelli allt til aldamóta 18. og 19. aldar en þá var hún lögð niður og hefur kirkjugarðurinn á Meðalfelli tilheyrð Reynivallasókn síðan. Í garðinum eru nokkur leiði og var síðast jarðsett í honum á níunda áratug síðustu aldar.

Gæludýragrafreiturinn að Hurðarbaki var tekinn í notkun sumarið 2003. Þar gefst fólki kostur á að greftra hús- og gæludýr. Sífellt meiri eftirspurn hefur verið um þess háttar þjónustu á síðustu árum þar sem gæludýraeign hefur aukist til muna. Gert er ráð fyrir að greftrunarsvæði anni eftirspurn fram yfir skipulagstímabil.

Skilgreint útivistarsvæði við Félagsgarð er í eigu Ungmennafélagsins Drengs. Þar eru nú íþróttavöllur og skógræktarreitur. Engin frekari áform eru um notkun svæðisins.

Hvalfjarðareyri er að 2/3 hluta í landi Eyrar og 1/3 hluta í eign sveitarfélagsins. Eyrin hefur lengi verið vinsælt útivistarsvæði fyrir almenning og stefnt er að því að svo verði áfram. Vitinn á Hvalfjarðareyri, sem byggður var 1948, stendur nyrst á eyrinni; ekki eru áform um að byggja önnur mannvirki á eyrinni.

Á skilgreindum útivistarsvæðum í landi Hvammsvíkur er rekin fjölbreytt ferðaþjónusta. Níu holu golfvöllur og hestaleiga er á svæðinu; þar er jafnframt hægt að fara í kajakferðir, skemmtisiglingar, sjóstangveiði og silungsveiði. Tjaldstæði er einnig á svæðinu.

Á skilgreindu útivistarsvæði í landi Meðalfells er gert ráð fyrir möguleika á uppbyggingu golfvallar.

Á skilgreindu svæði í landi Bæjar er gert ráð fyrir fjölbreyttu útivistarsvæði, m.a. skógrækt og hugsanlega golfvelli.

Á skilgreindum svæðum í landi Grjótreyrar er gert ráð fyrir útivistarsvæði, ef til vill golfvelli.

Á nokkrum hinna skilgreindu opnu svæða til sérstakra nota má segja að starfsemi falli að vissu leyti undir þjónustu. Í skipulagsreglugerð (1.3 skilgreiningar) segir m.a.: "Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarflokks í 4. kafla. Önnur notkun en sú sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun." Með tilliti til þessa er þjónusta í tengslum við þá starfsemi sem fyrir er heimil í litlu mæli á opnum svæðum til sérstakra nota. Mannvirkjavirkjagerð skal jafnframt vera í tengslum við þá starfsemi sem fram fer á svæðunum.

Í **viðauka** má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi opnum svæðum til sérstakra nota sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

VATNSVERNDARSVÆÐI

SKILGREINING VATNSVERNDARSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar og reglugerðar um neysluvatn vegna grunnvatns og varna gegn sjávarmengun og vatnsmengun.

Vatnsverndarsvæði skulu flokkuð í eftirfarandi flokka, sbr. ákvæði reglugerðar um neysluvatn:

- I. flokkur. Brunnsvæði.
- II. flokkur. Grannsvæði.
- III. flokkur. Fjarsvæði.

Strandsvæði skulu flokkuð í eftirfarandi flokka vegna varna gegn sjávarmengun, sbr. ákvæði mengunarvarnareglugerðar:

- Flokkur I. Strandsvæði mikilvæg vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana og útivistar.
- Flokkur II. Önnur strandsvæði.

Vatnasvæði skulu flokkuð í eftirfarandi flokka vegna varna gegn vatnsmengun, sbr. ákvæði mengunarvarnareglugerðar:

- Flokkur I. Svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar.
- Flokkur II. Vötn, ár og lækir sem nýta má til afrennslis.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

<u>VATNSVERNDARSVÆÐI</u>	<u>STÆRÐ</u>	<u>TILVÍSUN</u>
Brunnsvæði vatnsbóls við Galtargil í Eyrarfjalli	0.2 ha	VB 1
Grannsvæði vatnsbóls við Galtargil í Eyrarfjalli	5.4 ha	VG 1
Fjarsvæði vatnsbóls við Galtargil í Eyrarfjalli	106 ha	VF 1
Brunnsvæði vatnsbóls við Ásgarð	0.1 ha	VB 2
Grannsvæði vatnsbóls við Ásgarð	4.5 ha	VG 2
Brunnsvæði í landi Neðra-Háls	0.01 ha	VB 3
Brunnsvæði í landi Valdastaða	0.01 ha	VB 4
Brunnsvæði í landi Káraness/Káraneskots	0.01 ha	VB 5
Brunnsvæði í landi Meðalfells	0.01 ha	VB 6
Brunnsvæði í landi Þorláksstaða	0.01 ha	VB 7
Brunnsvæði við Kaffi Kjós	0.01 ha	VB 8
Brunnsvæði í landi Eyja	0.01 ha	VB 9
Brunnsvæði í landi Eyja	0.01 ha	VB 10
Brunnsvæði í landi Grjóteyrar	0.01 ha	VB 11
Brunnsvæði í landi Miðdals	0.01 ha	VB 12

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Ganga frá vatnsbólum sem ekki standast ákvæði reglugerða um frágang brunnsvæða á fyrri hluta skipulagstímabils.
- Komið verði á reglubundnu eftirliti með vatnsbólum þannig að tryggt sé að vatnsgæði séu eins góð og kostur er.
- Heildarúttekt verði gerð á vatni innan sveitarfélagsins sem nýtanlegt er til neyslu og/eða hvers konar starfsemi.
- Koma í veg fyrir sóun og mengun grunnvatns og vatnsbóla.

- Ekki skal dreifa búfjáraburði nær vatnsbólum, lindum, brunnum eða borholum en 50 m. Ef aðstæður eru á einhvern hátt óhagstæðar getur verið þörf fyrir meiri fjarlægð frá þessum stöðum.
- Innan grannsvæða vatnsbóla sem jafnframt eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði skal landnotkun aðeins vera í formi búfjárbeitar eða skógræktar.
- Á vatnsverndarsvæðum sem taka til grannsvæða skal haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis um skógræktaráætlanir og uppgræðslu- aðferðir við landgræðslu.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF REGLUGERÐUM

- Skilgreina skal vatnsverndarsvæði (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) umhverfis öll vatnsból.
- Girða skal af brunnsvæði umhverfis bæjarlindir í a.m.k. 5 m fjarlægð út frá vatnstökustað þar sem þörf er brýnust.
- Vatnsból skulu vera í minnst 100 metra fjarlægð frá mannvirkjum eða starfsemi sem mögulega gæti mengað vatnsbólið.
- Á fyrri hluta skipulagstímabils verði vatnasvæði kortlögð sem talin eru viðkvæm fyrir köfnunarefnismengun, svo og þau svæði sem eru menguð eða gætu mengast af völdum köfnunarefnis.

ALMENN UMFJÖLLUN

Ein megin forsenda þess að byggð fái þrífist er að aðgengi að góðu neysluvatni sé tryggt. Með tilliti til þess er verndun vatnsbóla og svæða umhverfis þau mjög mikilvæg og því hafa vatnsverndarsvæði yfirleitt forgang umfram aðra landnotkun í skipulagsmálum. Með afmörkun vatnsverndarsvæða er reynt að tryggja að vatnsmagni og vatnsgæðum mikilvægra linda verði ekki raskað. Stærð og lögun verndarsvæða ræðst af land- og jarðfræðilegum aðstæðum.

Í **reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999, 13. gr.)** er vatnsverndarsvæðum skipt í þrenns konar flokka: brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Skilgreining þeirra í reglugerðinni er eftirfarandi:

Brunnsvæði - Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Grannsvæði - Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eitrefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

Fjarsvæði - Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Tvö vatnsból eru í umsjá sveitarfélagsins; annað þeirra er við Galtargil í norð-vestanverðu Eyrarfjalli, og hitt í Reynivallahálsi norðan Ásgarðs.

Vatnsból við Galtargil er notað fyrir íbúðarbyggðina í Harðalahverfi. Í tengslum við aðalskipulagsvinnu var gerð úttekt (Árni Hjartarson, ÍSOR; 2004) á möguleikum vatnbólsins til að anna vaxandi íbúðarbyggð milli Laxvogs og Eyrarfjalls í framtíðinni. Niðurstöður eru þær að lindin neðan við Galtargil ætti með góðu móti að geta annað aukinni byggð. Vatn er tekið úr smálindum sem liggja í skriðu í hlíðum Eyrarfjalls. Vatni er safnað saman í 4 m³ safntank með því að veita því um drenlagnir. Aflla má meira vatns með því að lengja drenlagnir í átt að Galtargili. Einnig má reikna með að hægt sé að fá meira vatn í skriðukeilu sem Galtarlækur hefur myndað neðan Galtargils. Vatn sígur út í keiluna frá læknum þar sem það síast og hreinsast og fær eiginleika grunnvatns; væri þar að öllum líkindum hægt að ná neysluvatni með brunnum. Einnig er mögulegt að auka innrennsli vatns í keiluna með íveitu frá Galtarlæk. Lindirnar við Galtargil eru næmar fyrir tíðarfari og gefa töluvert meira af sér í vætutíð. Vatnsverndarsvæði vatnbólsins er tæpir 112 ha, þ.e. samanlögð stærð brunns, grunn- og fjarsvæðis.

Vatnsból norðan Ásgarðs liggur ofarlega í hlíðum Reynivallaháls. Á því svæði eru smálindir en þær eru ekki vatnsríkar. Með viðeigandi aðgerðum er hugsanlega hægt að ná þar meira vatni; hins vegar verður ekki séð að sérstök þörf verði á því á skipulagstímabili.

Auk fyrrgreindra vatnsbóla hreppsins eru fjölmörg vatnsból í einkaeigu sem tilheyra og þjóna einstökum jörðum. Í sveitarfélaginu eru nokkur stór frístundabyggðahverfi sem þarfnast góðra vatnsbóla. Neysluvatn fyrir frístundabyggðir við Meðalfellsvatn er t.d. tekið úr lindum í hlíðum Meðalfells, og úr nokkrum borholum í malarkeilu við Grjótreyri.

Berglög í Kjósarhreppi eru almennt þétt og þar með illa vatnsleiðandi. Vegna þess er almennt ekki auðvelt að ná miklu neysluvatni með borunum þó það dugi í mörgum tilfellum fyrir einstaka bæi eða frístundahús. Í sveitarfélaginu eru víða litlar lindir (< 1 l/s) sem gjarnan liggja í lausum yfirborðslögum, t.d. skriðum, áreyrum og aurkeilum. Þeir staðir sem líklegastir eru til að gefa af sér góð vatnsból ef á þarf að halda í framtíðinni eru auk lindanna við Galtargil, eyrar Flekkudalsár á Grjótreyrinni, eyrar við Laxá á svæðinu frá Reynivöllum og inn fyrir Trönudalsá, og eyrar Dælisár innan við bæinn í Eilífsdal.

Varðandi takmörkun á landnotkun á vatnsverndarsvæðum er vísað til útlistunar á vatnsverndarflokkum í **reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999, 13. gr.)**. Við þá skilgreiningu má bæta að á grannsvæðum sem jafnframt eru skilgreind sem landbúnaðarsvæði skal miða við að landnotkun sé aðeins í formi búfjárbeitar eða skógræktar.

Samkvæmt **reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla (522/1994, 2. gr.)** telst neysluvatn til matvæla. Með tilliti til þess þarf að koma upp eftirliti með vatnsbólum þannig að tryggt sé að vatnsgæði séu ávallt eins góð og kostur er. Slíkt eftirlit getur m.a. falið í sér reglulega sýnatöku ásamt viðhaldi á veitukerfi og girðingum. Vatnsból sem nýtt eru til matvælaframleiðslu þurfa að standast staðla um vatnsgæði sem tilgreind eru í **reglugerð um neysluvatn (536/2001)**, og fá vottun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Samkvæmt **reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnisambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri (804/1999, 9. gr.)** skal kortleggja vatnasvæði sem talin eru viðkvæm og hafa lítið viðnám gegn köfnunarefnismengun frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri; einnig ber að flokka þau svæði sem eru menguð eða gætu mengast af völdum köfnunarefnis. Flokkun vatnasvæða hefur ekki farið fram í sveitarfélaginu; stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið á fyrri hluta skipulagstímabils.

Samkvæmt **reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999, 8-9. gr. og ákvæði til bráðabirgða)** átti flokkun vatns að vera lokið árið 2003 á öllu landinu. Flokkun vatns er lokið í Kjósarhreppi; vatn Bugðu, Laxár, Fossár, Brynjudalsár og Meðalfellsvatns var mælt og flokkað (Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis og Háskólasetrið í Hveragerði, 2003-4). Mæld voru 13 mismunandi gildi; í vatnsföllum voru gildi þau sömu, en í Meðalfellsvatni var magn blaðgrænu einnig mælt. Í meðfylgjandi töflu eru niðurstöður um hvernig vatn í fyrrgreindum vatnsföllum og Meðalfellsvatni flokkast með tilliti til **9. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun vatns**. Til frekari útlistunar er vísað til skýrslna um **Flokkun vatna á Kjósarsvæði** sem Háskólasetrið í Hveragerði vann fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

SKÝRINGAR A = ósnortið vatn B = líðið snortið vatn – = flokkun ekki gerð	MEÐALFELLSVATN	BUGÐA	LAXÁ	FOSSÁ	BRYNJUDALSÁ	KIBAFELLSÁ
MÆLING						
Saurkólí	A	A	B	A	A	A
Fosfór (P)	A	A	A	A	A	A
Fosfat (PO ₄ -P)	–	A	A	A	A	B
Köfnunarefni (N)	A	A	A	A	A	A
Ammóníak (NH ₄ -N)	A	A	A	A	A	B
Blaðgræna	B	–	–	–	–	–
Lífrænt kolefni (TOC)	A	A	A	A	A	B
Kopar (Cu)	A	A	A	A	A	A
Zink (Zn)	A	A	A	B	A	B
Kadmíum (Cd)	A	A	A	A	A	A
Bly (Pb)	A	A	A	A	A	A
Króm (Cr)	A	A	A	A	A	A
Nikkel (Ni)	A	A	A	A	A	B
Arsen (As)	A	A	A	A	A	A

Tryggvi Þórðarson, 2004



MEÐALFELLSVATN

Í **reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999, 1. og 2. mgr., 8. gr.)** er kveðið á um að skilgreind séu langtímamarkmið fyrir vatn í því skyni að varðveita náttúrulegt ástand þeirra. Í meðfylgjandi töflu eru tillögur að langtímamarkmiðum fyrir Meðalfellsvatn og þau vatnsföll sem flokkuð hafa verið.

SKÝRINGAR < = markmiðsgildi U = markmið uppfyllt – = flokkun ekki gerð () = mæligildi Meðalfellsvatns	MEÐALFELLSVATN	BUGÐA	LAXA	FOSSA	BRYNJUDALSÁ	KIÐAFELLSÁ
MÆLING						
Saurkólí í 100 ml	<14 U	<14 U	<14 U	<14 U	<14 U	<14 U
P - mg/l (µg/l)	<10 U	<0.02 U	<0.02 U	<0.02 U	<0.02 U	<0.02 U
PO4-P - mg/l	–	<0.01 U	<0.01 U	<0.01 U	<0.01 U	<0.01 úr 0.011
Köfnunarefni - mg/l (µg/l)	<300 U	<0.3 U	<0.3 U	<0.3 U	<0.3 U	<0.3 U
Ammóníak - mg/l (µg/l)	<10 U	<0.01 U	<0.01 U	<0.01 U	<0.01 U	<0.01 úr 0.012
Blaðgræna - (µg/l)	<5 U	–	–	–	–	–
Lífrænt kolefni - mg/l (µg/l)	<6 U	<3 U	<3 U	<1.5 U	<1.5 U	<1.5 úr 1.9
Kopar - ug/l (µg/l)	≤0.5U	≤3 U	≤3 –	≤3 U	≤3 U	≤3 U
Zink - ug/l (µg/l)	≤5 U	<20 –	<20 U	<60 úr 98.4 U	<60 U	<60 úr 157.8 U
Kadmíum - ug/l (µg/l)	<0.1 U	<0.1 U	<0.1 U	<0.1 U	<0.1 U	<0.1 U
Blý - ug/l (µg/l)	≤0.2 U	<0.2 –	<0.2 –	≤0.2 U	≤0.2 U	≤0.2 –
Króm - ug/l (µg/l)	<5 U	<5 U	<5 U	<5 U	<5 U	<5 U
Nikkel - ug/l (µg/l)	≤0.7 U	<0.7 U	<0.7 –	≤0.7 U	≤0.7 U	≤0.7 úr 0.71 U
Arsen - ug/l (µg/l)	≤0.4 U	≤0.4 U	≤0.4 U	≤0.4 U	≤0.4 U	≤0.4 U

Tryggvi Þórðarson, 2004

Í viðauka má sjá útvallar málsgreinar reglugerða viðkomandi vatnsverndar-svæðum sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI

SKILGREINING NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hins vegar svæði á náttúruminjasrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru eða landslags.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRAETTI

NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI	STÆRÐ	TILVÍSUN
Stedji (Staupasteinn) á Skeiðhóli	7 ha	NF 1
Laxvogur og vatnasvið Laxár	um 16.900 ha	N 2
Hvalfjarðareyri og strandlengjan að Kiðafellsá	um 169 ha	N 3
Brynjudalur og fjörur Brynjudals- og Botnsvogar	um 2856 ha	N 4

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Gróðursetning trjáplantna er ekki heimil á svæðum sem taka til jarðmyndana og vistkerfa sem getið er um í 37. gr. laga um náttúruvernd (44/1999), nema að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.
- Kortlögð verði þau svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd.
- Varðveitaskal votlendissvæði sem enn eru ósnortin.
- Gerðar verði tilraunir með að loka framræsluskurðum sem ekki eru nýttir.
- Vistkerfi og ásjúnd náttúrulegra birkiskóga innan sveitarfélagsins verði fyrir sem minnstri röskun.
- Einungis er heimilt að gróðursetja plöntur sem tilheyra íslensku flórunni í náttúrulega birkiskóga.
- Á náttúruverndarsvæðum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar um skógræktaráætlanir.
- Viðhöfð sé beitarstýring búfjár á landbúnaðarlandi.
- Land sé grætt upp á þeim svæðum þar sem jarðvegsrof er til staðar.
- Á náttúruverndarsvæðum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirkomulag landgræðslu sé hún fyrirhuguð í miklu mæli.
- Hvalfjarðareyri og Laxvogur verði í framtíðinni friðlýst sem “búsvæði” eins og tillaga Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun gerir ráð fyrir.
- Í samráði við landeigendur í Brynjudal verði kannaður sá möguleiki að stofnaður verði fólkvangur í Brynjudal, þ.e. innan þess svæðis sem skilgreint er í Náttúruinjasrá.
- Þar sem við á í Kjósarhreppi skulu ákvæði í alþjóðegum náttúruverndarsamningum sem Ísland hefur samþykkt uppfyllt eins og kostur er.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF LÖGUM OG REGLUGERÐUM

- Leggja skal áherslu á að skógrækt, uppgræðsla lands, túnrækt falli vel að náttúrulegu umhverfi og raski ekki náttúru- og menningarminjum.
- Áhersla skal lögð á að við hönnun vega og annarra mannvirkja sé leitast við að þau falli vel að náttúrulegu umhverfi.
- Forðast skal eins og kostur er röskun sjávarfitja og leira, stöðuvatna og tjarna sem eru stærri en 0.1 ha, og flóa og mýra sem eru stærri en 3 ha.
- Í deiliskipulagi svæða fyrir íbúðar- og frístundabyggð skal leggja áherslu á að byggð falli sem best að svipmóti lands og nægt svigrúm sé til útivistar.
- Aðgangur skal ekki heftur að vötnum og strandsvæðum eða öðrum svæðum sem sérstök eru vegna náttúrufars.
- Ræktun útlendra plöntutegunda er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar (37. gr. náttúruverndarlaga), og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó, nema að fenginni undanþágu Umhverfisstofnunar.
- Óheimilt er að brenna sinu þar sem slíkt getur skaðað mosagróður, lynggróður, trjágróður eða fuglalíf. Óheimilt er að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert nema að höfðu samráði við sýslumann og Umhverfissráðuneytið.
- Á jörðum sem fara í eyði skal ganga þannig frá húsum, girðingum og öðrum mannvirkjum að ekki sé til lýta, og að fólki og skepnum stafi ekki hætta af.

- Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Áveitu- og framræsluframkvæmdir á 10 ha svæði eða stærra, eða á verndarsvæðum, ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Uppgræðsla lands á verndarsvæðum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Efnistöku, þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra, eða er 50.000 m³ eða meiri, ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Efnistöku, þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra, ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Efnistöku á verndarsvæðum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Alla nýja vegi utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

ALMENN UMFJÖLLUN

Lýsing þeirra fimm náttúruverndarsvæða sem skilgreind eru á skipulagsuppdætti er svohljóðandi í **Náttúruminjaskrá** frá árinu 1996:

Steðji: "Steðji (Staupasteinn) á Skeiðhóli, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 218/1974. Stærð 7 ha. Sérkennilegur klettur á mjóum stöpli eins og staup í laginu. Ber mörg nöfn en er af flestum nefndur Staupasteinn. Skeiðhóll hefur verið vinsæll áningarstaður ferðamanna. Friðlýstur 1974."

Laxvogur og Laxá: "Laxvogur og Laxá í Kjós, Kjósarhreppi, Þingvallahreppi, Kjósarsýslu, Árnassýslu. [1] Grunnssævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stiflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesseg og Hurðarbaksseg. [2] Í Laxvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf."

Pórufoss: "Pórufoss, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu. [1] Pórufoss í Laxá ásamt nánasta umhverfi. [2] Tilkomumikill foss í fögru gljúfri. Vinsæll áningarstaður."

Brynjudalur: "Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur (201), Kjósarhreppi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu. [1] Lönd Litla- og Stóra-Botns, Hrisakots, Ingunnarstaða, Práandarstaða og Skorhaga. Svæðið tekur yfir fjörur í Botnsvogi og Brynjudalsvogi, svo og Brynjudal og Botnsdal, allt upp fyrir Hvalvatn. [2] Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins, er í Botnsá."

Hvalfjarðareyri: "Ósmelur og Hvalfjarðareyri, Kjósarhreppi, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. [1] Fjörur, sjávarlón, grunnssævi og strandlengja utan ræktaðs lands neðan þjóðveggar frá Norðurkotinu inn að vík neðan við Eyrarkot. [2] Ósmelur er

stór og fagur jökulgarður frá síðjökultíma. Meðfram ströndinni eru jarðlög með fornskeljum. Hvalfjarðareyri er fundarstaður baggalúta. Svæði í nánd við þéttbýli með mikið útivistar- og fræðslugildi.”

Aðeins tvö svæðanna fimm eru alfarið innan Kjósarhrepps, þ.e. Steðji og næsta umhverfi, og Þórufoss. Hin þriðju svæðin teygja sig yfir í aðliggjandi sveitarfélög eins og fram kemur í lýsingu svæðanna í Náttúruminjaskrá. Uppgefin stærð náttúruverndarsvæða miðast við það svæði sem þau taka til innan hreppsins.

Steðji og næsta umhverfi er eina svæðið sem friðlýst hefur verið í hreppnum; svæðið er friðlýst sem “náttúruvætti”. Í meðfylgjandi töflu má sjá þær reglur sem gilda um Steðja og næsta umhverfi og tilgreindar voru í auglýsingu um friðlýsingu í B-deild Stjórnartíðinda í febrúar 1974.

REGLUR SEM GILDA UM NÁTTÚRUVÆTTIÐ STEÐJA Á SKEIÐHÓL

Akstur er aðeins leyfður á vegi og afmörkuðu bílastæði.

Gangandi fólki er heimil dvöl á svæðinu, en bannað er að breyta náttúruvættinu á nokkurn hátt, eða skaða gróður umhverfis það.

Mannvirkjagerð og jarðrask við náttúruvættið er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.



STEÐJI (STAUPASTEINN) – FRIÐLÝSTUR SEM NÁTTÚRUVÆTTI

Samkvæmt **lögum um náttúruvernd (44/1999, 65. gr.)** skal umhverfisráðherra láta vinna náttúruverndaráætlun á a.m.k. fimm ára fresti fyrir allt landið. Árið 2003 lagði Umhverfisstofnun fram tillögu að náttúruverndaráætlun þar sem lagt er til að 75 svæði verði friðlýst, þar af eru 68 svæði tilgreind í náttúruminjaskránni frá 1996 sem alls hefur 328 skráð svæði.

Hluti tveggja fyrrgreindra svæða sem eru á náttúruminjaskrá í Kjósarhreppi eru meðal þeirra 77 svæða sem tilgreind eru í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun, þ.e. Hvalfjarðareyri og Laxvogur sem lagt er til að verði friðlýst sem “búsvæði”. Lýsing svæðisins í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun er eftirfarandi: “Viðáttumiklar leirur og grunnsævi með fjölbreyttu lífríki, svo sem kræklingi og gróðri. Laxvogur er eitt frjósamasta grunnsævi við sunnanverðan Faxafloa. Á Hvalfjarðareyri er fundarstaður baggalúta. Þar má sjá setmyndunar- og rofferli án mikilla áhrifa mannsins. Mariuhöfn við Laxvogur er forn verslunarstaður frá miðöldum og mun hafa verið mesta þéttbýli á landinu á 14. öld. Blómaskeið verslunar var þar fram yfir 1400.” Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um svæðið segir m.a.: “Svæðið hýsir sjaldgæfar tegundir og er viðkvæmt fyrir röskun; svæðið er mikilvægt vegna viðhalds sterkra stofna og hefur alþjóðlegt verndargildi; svæðið hefur jafnframt verulegt vísindalegt gildi.”

Vorið 2004 var samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar um **Náttúruverndaráætlun 2004–2008**. Alþingi ályktar að á næstu fimm árum skuli unnið að frið- lýsingu 14 þeirra 75 svæða sem tilgreind eru í tillögu Umhverfisstofnunar. Svæðið sem tekur til Hvalfjarðareyrar og Laxvogar (samtals 6 km²) er ekki meðal þeirra 14 svæða sem Umhverfisstofnun mun vinna að friðlýsingu á tímabilinu 2004-2008. Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að stefnt verði að friðlýsingu svæðisins í framtíðinni. Í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun kemur fram að forsenda friðlýsingar sé samkomulag við alla réttihafa, landeigendur og ábúendur. Með tilliti til þess gerir aðalskipulagsáætlun ráð fyrir að friðlýsing Hvalfjarðareyrar og Laxvogs verði aðeins gerð með fullu samþykki landeigenda. Landnotkun innan svæðisins er mjög fjölbreytt (frístundabyggð, efnistaka, laxveiði, æðarrækt, kræklingatekja) og ef til friðlýsingar á að koma þarf að setja fram skýrar reglur um landnýtingu og meðferð lands sem landeigendur gera fallist á samhliða friðlýsingu.

Í **37. gr. laga um náttúruvernd (44/1999)** segir: "Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a - eldvörp, gerviggar og eldhraun,
- b - stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
- c - mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d - fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- e - sjávarfitjar og leirur."

Í sveitarfélaginu hafa þess háttar jarðmyndanir og vistkerfi ekki verið kortlögð og heildstæð samantekt því ekki tiltæk. Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að stefnt verði að skráningu slíkra svæða. Þar sem hættu er á að fyrrgreindar jarðmyndanir og vistkerfi raskist vegna framkvæmda skal í öllum tilvikum leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdir hefjast.

Skógrækt hefur verið að ryðja sér til rúms í seinni tíð og mikilvægt er að hún sé vel skipulögð og í samræmi við lög um náttúruvernd og aðrar skuldbindingar sem Íslendingar hafa samþykkt, t.d. samninginn um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Í því sambandi þarf að taka sérstakt tillit til náttúruverndarsvæða og tryggja að þar sem verið er að endurheimta upprunaleg vistkerfi sé það aðeins gert með innlendum tegundum t.d. birki og víðitegundum. Í **reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda (583/2000, 10. gr.)** segir: "Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sérfræðinganeftdarinnar." Lögð er sérstök áhersla á að vistkerfi og ásynd náttúrulegra birkiskóga innan sveitarfélagsins verði fyrir sem minnstri röskun. Einungis er heimilt að gróðursetja plöntur sem tilheyra íslensku flórunni í náttúrulega birkiskóga. Varðandi skógrækt er að öðru leyti vísað til töflu um skógræktarskilmála í kafla um "landbúnað" og ákvæði **laga um skógrækt (3/1955)** með síðari breytingum.

Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að landgræðsla sé heimil hvarvetna sem hennar er talin þörf í sveitarfélaginu en meta verður hvaða uppgræðsluáferðir eru taldar hentugastar í hverju tilviki fyrir sig. Á náttúruverndarsvæðum skal haft samráð við Umhverfisstofnun um fyrirkomulag landgræðslu. Á stærri uppgræðslusvæðum er æskilegt að unnið sé í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Um landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði **laga um landgræðslu (17/1965)** með síðari breytingum.

Mikilvægt er að vernda þau fáu ósnortnu votlendissvæði sem eftir eru í hreppnum. Votlendi hefur sem landslagseining mikilvægt gildi þar sem það hefur afgerandi áhrif á hringrás vatns og næringarefna, ásamt því að auka við líffræðilega fjölbreytni viðkomandi svæðis. Segja má að votlendi hafi þrenns konar gildi í náttúrunni:

Vatnsfræðilegt gildi: Í úrkomutið taka votlendissvæði til sín vatn sem þau miðla svo frá sér í þurrkatíð, þannig kemst á gott vatnsjafnvægi í jarðveginum.

Næringarfræðilegt gildi: Þar sem grunnvatnsstaða votlendissvæða er há er niðurbrot jurtaeifa hægfara og með tímanum getur safnast fyrir mikið kolefnismagn (mólög) í slíkum vistkerfum. Lækkun vatnstöðu með framræslu getur haft afdrifarík áhrif á kolefnisbúskap votlendissvæða og jafnvel leitt til losunar kolefnis út í andrúmsloftið.

Vistfræðilegt gildi: Fjölmargar tegundir plantna og fugla byggja tilvist sína á votlendissvæðum sem eykur verulega við líffræðilega fjölbreytni viðkomandi svæðis.

Í **Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 (fylgirit 5, Umhverfismál)** segir m.a. um náttúrufar: "Lagt er til að byggð og önnur mannvirki verði ekki skipulögð á votlendissvæðum (flóa, mýra og flæðilanda við ströndina). Mælt er með að takmarka mannvirkjagerð á strandsvæðum. Ennfremur að byggð eða önnur mannvirki verði ekki skipulögð á svæðum sem eru mikilvæg vegna gróðurs eða fuglalífs." Aðalskipulagsáætlun staðfestir þessa stefnumörkun svæðisskipulags.

Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindir þeir alþjóðlegu samningar um náttúruvernd sem Ísland hefur samþykkt. Stefna skal að því að þau ákvæði sem samningar þessir kveða á um og eiga við í sveitarfélaginu skulu uppfyllt.

ALPJÓÐLEGIR SAMNINGAR UM NÁTTÚRUVERND SEM ÍSLAND HEFUR SAMÞYKKT
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd
Árórsarsamningurinn
Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu
Bókun um erfðabreyttar lífverur
Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna
Ramsarsamningurinn um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf
Samningur um líffræðilega fjölbreytni
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heims
Samningur um verndun NA-Atlantshafsins
Samningur Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndum í löndum
Samþykkt um alþjóðaverslun með tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu

Í **viðauka** má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi náttúruverndarsvæðum sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

HVERFISVERNDARSVÆÐI

SKILGREINING HVERFISVERNDARSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

HVERFISVERNDARSVÆÐI	STÆRÐ	TILVÍSUN
Félagsgarður – félagshemili Kjósarhrepps	0.1 ha	H 1
Vitinn á Hvalfjarðareyri	0.1 ha	H 2

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Tryggja skal varðveislu þeirra mannvirkja sem sett eru undir hverfisvernd.
- Stuðlað verði að því að færa mannvirki sem sett eru undir hverfisvernd í upprunalegt horf.
- Ef gera á breytingar á mannvirki, t.d. í formi viðbyggingar, skal þess gætt að framkvæmdin falli vel að viðkomandi byggingu og nánasta umhverfi.

ALMENN UMFJÖLLUN

Félagsgarður, félagsheimili Kjósarhrepps, var tekið í notkun 1946. Hönnuður þess er Karl Andrésón frá Neðra-Hálsi. Félagsgarður var byggður af Ungmennafélaginu Dreng. Félagshemilið hefur verið nýtt til ýmissa nota í gegnum tíðina, t.d. sem hreppsskrifstofa, til leikfímkennslu og fyrir ýmis konar samkomuhald í hreppnum.

Vitinn á Hvalfjarðareyri, sem er málmsteyptur, var byggður árið 1948. Hönnuður hans er S.H. Lund & Co. í Kristjaníu í Noregi.

Í viðauka má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi hverfisvernd sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI**SKILGREINING ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ**

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI	STÆRÐ	TILVÍSUN
Reynivallakirkja á Reynivöllum	0.1 ha	Þ 1
Hallgrímskirkja í Vindáshlíð	0.1 ha	Þ 2
Friðlýstar fornleifar í landi Eilífsdals	0.05 ha	Þ 3
Friðlýstar fornleifar í landi Neðra-Háls	0.05 ha	Þ 4
Friðlýstar fornleifar í landi Fossár	0.05 ha	Þ 5
Friðlýstar fornleifar í landi Ingunnarstaða	0.05 ha	Þ 6

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Umhverfis fornleifar skal ekki hróflað við jarðvegi innan 20 m fjarlægðar frá ystu mörkum þeirra nema að fengnu leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
- Hlúa skal að merkum fornleifum og upphefja menningarlegt gildi þeirra.
- Merkingar eyðibýla í hreppnum verði lokið á fyrri hluta skipulagstímabils.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF LÖGUM

- Tryggja skal að fornleifum sé ekki raskað vegna mannvirkjagerðar eða annarra framkvæmda nema að fengnu leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
- Frá ystu sýnilegu mörkum friðlýstar fornleifar skal vera 20 metra friðhelgað svæði til allra átta.
- Breytingar á Reynivallakirkju og Hallgrímskirkju eru ekki heimilar nema að fengnu leyfi Húsafríðunarnefnd ríkisins.

ALMENN UMFJÖLLUN

Samkvæmt þjóðminjalögum (107/2001, 11. gr.) er skylt að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá aðalskipulagi. Skráning fornleifa með þeim hætti sem ætlast er til í aðalskipulagi hefur ekki farið fram en sveitarfélagið hefur gert samning við Fornleifastofnun Íslands um fornleifaskráningu; sú vinna mun hefjast vorið 2007 og verði lokið árið 2012.

Á sveitarfélags- og þemauppdrætti verndaðra svæða eru aðeins sýndar friðlýstar fornleifar, auk Reynivallakirkju og Hallgrímskirkju. Kirkjurnar tvær eru á skrá hjá Húsafriðunarnefnd ríkisins yfir friðuð hús. Í lögum um húsafriðun (104/2001, 6. gr.) segir m.a.: "Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur fyrir 1918." Kirkjurnar voru friðaðar árið 1990 samkvæmt ákvæði þjóðminjalaga (88/1989). Í meðfylgjandi töflu eru tilgreind þau þjóðminjavernðarsvæði sem sýnd eru á uppdráttum (merktir P1–P6).

TILVÍSUN	LÝSING OG STAÐSETNING	FRIÐUN
P 1	Reynivallakirkja – timburhús reist 1859 – Reynivellir	1990
P 2	Hallgrímskirkja – timburhús reist 1878 – Vindáshlíð	1990
P 3	Orustuhóll – sandhóll – Eilífsdalur	1962
P 4	Búðarústir – verslunarstaður hjá Búðasandi í Hálsnesi – Neðri-Háls	1975
P 5	Fjárrétt – hlaðin rétt úr grjóti við Fossá og Hringveg – Fossá	1972
P 6	Gullhlaðsvellir (Gulllandsvellir) – forn rúst sunnan við Brynjudalsá – Ingunnarstaðir	1938



REYNIVALLAKIRKJA Í LAXÁRDAL

Þegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar þar sem hrófla þarf við jarðvegi ber að taka mið af staðsetningu skráðra fornleifa þannig að tryggt sé að þeim verði ekki raskað. Þrýnt er að komið sé í veg fyrir röskun þess umhverfis sem hefur að geyma búsetuminjar; á þeim svæðum eru varðveittar heimildir um byggðasögu landsins sem er áhugavert komandi kynslóðum. Stefna skal að því að hlúa að merktum fornleifum og upphefja menningar- og sögulegt gildi þeirra.

Mannvirkjagerð á svæðum þar sem fornleifar er að finna er ekki heimil nema með sérstöku leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Umhverfis fornleifar skal ekki hróflað við jarðvegi innan 20 m fjarlægðar frá ystu mörkum þeirra nema að fengnu leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Áætlanir að hálfu Fornleifaverndar ríkisins um friðlýsingar þjóðminja í sveitarfélaginu liggja ekki fyrir.

Í viðauka má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi þjóðminjavernðarsvæðum sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

EFNISTÖKUSVÆÐI

SKILGREINING EFNISTÖKUSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Íbúðir eru ekki heimilaðar á efnistökusvæðum.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

<u>EFNISTÖKUSVÆÐI - JÖRÐ</u>	<u>STÆRÐ</u>	<u>TILVÍSUN</u>
Kiðafell	2.5 ha	E 1
Eilífsdalur	0.1 ha	E 2
Meðalfell	0.4 ha	E 3a
	0.2 ha	E 3b
	1 ha	E 3c
Grjóteyri	1 ha	E 4
Sandur	0.5 ha	E 5
Möðruvellir	0.4 ha	E 6a
	0.2 ha	E 6b
Vindás	1 ha	E 7
Fremri-Háls	1.5 ha	E 8a
	0.5 ha	E 8b
Laxárnes	0.1 ha	E 9
Valdastaðir	0.1 ha	E 10
Neðri-Háls	0.3 ha	E 11a
	0.2 ha	E 11b
Háls	0.4 ha	E 12
Hvammsvík	0.1 ha	E 13
Hvammur	0.2 ha	E 14
Hvítanes	0.5 ha	E 15
Fossá	0.3 ha	E 16
Prándarstaðir	0.4 ha	E 17
Skorhagi	0.2 ha	E 18
Ingunnarstaðir	0.2 ha	E 19
Reynivellir, Þorláksstaðir	2.3 ha	E 20
Káranes	0.6 ha	E 21
Hlíðarás, Hækingsdalur, Írafell	2.6 ha	E 22
Eyjar I	0.2 ha	E 23
Káraneskot	0.3 ha	E 24
Eyri	0.6 ha	E 25a
	0.8 ha	E 25b

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Ef fyrirhugað er að hefja efnistöku á nýju svæði, eða að nýju á frágengnum námusvæðum, þarf að afla nýs framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar.
- Sækja þarf um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir efnistöku á öllum skilgreindum námusvæðum.
- Jarðefni í námum skal nýtt á skipulegan hátt og í samræmi við áætlun um nýtingu viðkomandi svæðis.
- Áætlanir um efnistöku og frágang náma í sveitarfélaginu verið gerðar á fyrri hluta skipulagstímabils og þær áætlanir lagðar fram til Umhverfisstofnunar.
- Stuðlað verði að því að fleiri aðilar sameinist um nýtingu einstakra svæða með það fyrir augum að fækka svæðum sem numin eru á hverjum tíma. Námur í notkun verði nýttar að eins miklu leyti og mögulegt er, í stað þess að hefja efnistöku á nýjum svæðum.
- Efnistaka í fiskgengum ám skal ekki fara fram á hrygningartíma, né þegar veiðitímabil stendur yfir. Forðast skal efnisnám við þekktu veiðistaði.
- Virkt eftirlit sé með námuvinnslu og frágangi svæða að henni lokinni.
- Uppdæling malarefna úr Hvalfirði er óheimil.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF LÖGUM OG REGLUGERÐUM

- Áætlun námuréttarhafa um efnistöku, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði, skal liggja fyrir áður en leyfi sveitarstjórnar til efnistöku er veitt.
- Ganga skal þannig frá efnistökusvæði að vinnslutíma loknum að sem best falli að umhverfi.
- Efnistökusvæði skal ekki standa ófrágengið eða ónotað lengur en þrjú ár nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.
- Eftir 1. júlí 2008 þarf framkvæmdaleyfi fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eftirtalin atriði eiga við um efnistökkuna: stækkun efnistökusvæðis er 25.000 m² eða meira; áætluð efnistaka er 50.000 m³ eða meiri; efnistaka fer fram á núverandi eða fyrirhuguðu verndarsvæði.
- Eftir 1. júlí 2012 þarf framkvæmdaleyfi fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999.
- Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri er ávallt háð mati á umhverfisáhrifum.
- Efnistöku, þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra, eða er 50.000 m³ eða meiri, ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.
- Efnistöku, þar sem fleiri en einn efnistökkustaður ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra, ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

ALMENN UMFJÖLLUN

Í meðfylgjandi töflu eru nánari upplýsingar um skilgreind efnistökusvæði, þ.e. um jarðmyndun og efnisgerð, staðsetningu (þar sem vegur inn á námusvæði endar), og hvort efnistaka sé hafin eða ekki.

TILVÍSUN	JARÐMYNDUN OG EFNISGERÐ	LANDSHNIT - ÍSN93	EFNISTAKA
E 1	setnáma - setlög/blönduð mól	365397 - 425403	hafin
E 2	setnáma - dalfylla/sandur	370743 - 423979	hafin
E 3a	setnáma - áreyrar/blönduð mól	371153 - 424020	hafin
E 3b	setnáma - setlög/blönduð mól	371488 - 424341	hafin
E 3c	setnáma - áreyrar/fin mól	373112 - 426713	hafin
E 4	setnáma - áreyrar/blönduð mól	374476 - 424685	hafin
E 5	setnáma - áreyrar/blönduð mól	376806 - 424197	hafin
E 6a	setnáma - áreyrar/blönduð mól	379495 - 424440	hafin
E 6b	setnáma - áreyrar/blönduð mól	380953 - 422880	hafin
E 7	setnáma - áreyrar/blönduð mól	379803 - 424201	hafin
E 8a	setnáma - áreyrar/blönduð mól	384105 - 419937	hafin
E 8b	bergnáma - gosberg/grjót	384806 - 420575	hafin
E 9	setnáma - setlög/fin mól	373450 - 428461	hafin
E 10	setnáma - malarhjalli/blönduð mól	374878 - 429344	hafin
E 11a	setnáma - sjávarströnd/fin mól	371056 - 430212	hafin
E 11b	setnáma - setlög/blönduð mól	371718 - 430866	hafin
E 12	setnáma - sjávarströnd/fin mól	371131 - 430101	hafin
E 13	setnáma - malarhjalli/blönduð mól	373953 - 431780	hafin
E 14	setnáma - setlög/blönduð mól	375644 - 432820	hafin
E 15	bergnáma - gosberg/grjót	380133 - 430623	hafin
E 16	bergnáma - gosberg/grjót	382042 - 430273	hafin
E 17	setnáma - aurkeila/gróf mól	384247 - 430320	hafin
E 18	setnáma - áreyrar/blönduð mól	384211 - 430685	hafin
E 19	setnáma - áreyrar/blönduð mól	386632 - 431009	hafin
E 20	setnáma - áreyrar/blönduð mól	378687 - 427208	hafin
E 21	setnáma - áreyrar/fin mól	374599 - 428734	hafin
E 22	setnáma - áreyrar/blönduð mól	382995 - 423340	hafin
E 23	setnáma - áreyrar/fin mól	375223 - 425327	hafin
E 24	setnáma/blönduð mól	374844 - 427422	hafin
E 25a	setnáma/blönduð mól	370080 - 428527	hafin
E 25b	setnáma/fin mól	368139 - 429362	hafin

Samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (7/1998), og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun (875/1999), þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna vinnslu jarðefna þ.m.t. malar, vikur og grjótnáms. Tilgangur starfsleyfisins er fyrst og fremst að koma í veg fyrir eða draga úr mengun; eðli og markmið starfsleyfa er því annað en framkvæmdaleyfa. Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að sótt verði um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir efnistöku á skilgreindum námusvæðum, en slíkt leyfi hefur ekki verið veitt fram til þessa.

Umhverfisáhrif á efnistöku í hreppnum eru fyrst og fremst sjónræn áhrif. Nokkuð er um að námusvæði sé staðsett við fjölfarna þjóðvegi, sbr. námur í landi Fossár [E 16] við Hvalfjarðarveg, og efnistöku í landi Vindáss [E 7], og Hlíðaráss og Hækingsdals [E 22] við Kjósarskarðsveg. Nokkrar aðrar námur liggja nálægt þjóðvegum en sjást lítið eða ekki.

Meirihluti allra efnistökusvæða eru á svæðum sem eru jafnframt á náttúru-minjaskrá. Kemur það til af því að mest allt land sveitarfélagsins er á náttúru-minjaskrá; ræður þar mestu um að land sem tekur til alls vatnasviðs Laxár, ásamt Brynjudal, eru á náttúru-minjaskrá. Í öllum tilvikum er um minni háttar námur að ræða og hefur efnistaka lítil sem engin áhrif á lífríki á viðkomandi stöðum.

Efnistaka fer á nokkrum stöðum fram á áreyrum vatnsfalla en ætti að hafa lítil sem eingin áhrif á lífríki sé rétt að efnistöku staðið. Uppdæling malarefna af sjávarbotni í Laxvogi og Hvalfirði hefur verið stunduð frá því um 1960. Uppdæling malarefna hefur haft þau áhrif að fjaran á Hvalfjarðareyri hefur minnkað og sjávarkamburinn orðið brattari. Þessar landslagsbreytingar hafa einnig haft þau áhrif að erfitt er að stunda netalagnir í sjó.



MALARRUÐNINGUR Á ÁREYRUM LAXÁR Í LANDI VINDÁSS

Ef talin er þörf á að hefja efnistöku á nýjum svæðum, sem ekki fellur undir það að vera minni háttar efnistaka til eigin nota og er ekki á þegar skilgreindum efnistökusvæðum á skipulagsupprætti, þarf að koma til breytinga á aðalskipulagi. Sveitarstjórn er í slíkum tilfellum óheimilt að veita framkvæmdaleyfi nema að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Nauðsynlegt er að áður en framkvæmdaleyfi er veitt til efnistöku skal námurétthafi hafa lagt fram áætlun um fyrirhugaða efnistöku þar sem gert er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, efnisgerð og efnismagni, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Við val á nýjum efnistökusvæðum ber að huga að ýmsum atriðum. Sé vinnslutími námu skammur er æskilegt að efnistökusvæði sé valið með tilliti til þess hversu auðvelt er að ganga frá námu eftir að vinnslu lýkur. Ef vinnslutími er á hinn bóginn langur er eðlilegt að valinn sé staður þar sem sýnileiki námunar frá fjölförnum stöðum er lítill. Æskilegt er að áfangaskipta efnistöku þar sem vinnslutími er langur, þ.e. ganga jafnóðum frá þeim hluta svæðisins þar sem efnistöku er lokið. Við frágang efnisnáma þarf að sjá til þess að svæðið falli vel að umhverfi sínu og líkist sem mest landformum í nágrenni þess.

Efnistaka úr vatnsföllum getur leitt til röskunar á búsvæðum nytjafiska. Röskun á búsvæðum þeirra getur ýmist ýtt undir skamm- eða langtímabreytingar á umhverfi fiskanna. Uppvaxtarskilyrði fiska geta skerast sem getur haft neikvæð áhrif á veiði seinna meir. Með tilliti til þess er vert að hafa nokkur atriði í huga við efnistöku úr vatnsföllum. Fyrir það fyrsta er heppilegra að efni sé tekið úr áreyrum þar sem efnið er yfirleitt fingert, frekar en í grýttum farvegi þar sem líklegra sé að finna frjósöm búsvæði. Í annan stað er æskilegra að efnistaka fari ekki fram á meðan veiðitími stendur yfir, frekar að vori og hausti. Í þriðja lagi skal efnisnám ekki fara fram við þekktu veiðistaði svo að veiðihlunnindi skerðist ekki. **Samkvæmt lögum um lax- og silungsvæði (76/1970, 43. gr.)** er efnistaka úr vatnsföllum háð leyfi veiðimálastjóra.

Í meðfylgjandi töflu eru teknir saman helstu þættir sem taka þarf tillit til áður en ný efnistökusvæði eru tekin í notkun.

ATRÍÐI SEM HUGA BER AÐ ÞEGAR VELJA Á EFNISTÖKUSVÆÐI
<p>Hversu mikils efnismagns er þarfnast</p> <p>Efnistökuastaður hafi sem lægst verndargildi</p> <p>Hvort vinnslutími námu sé langur eða stuttur</p> <p>Hvort efnisgerðin henti vel í fyrirhugaða notkun</p> <p>Náma sé lítt áberandi frá fjölförnum stöðum</p> <p>Auðvelt sé að ganga frá námu eftir notkun</p>
AÐILAR SEM KOMA AÐ LEYFISVEITINGU FYRIR EFNISTÖKU
<p>Sveitarstjórn ef fyrirhuguð efnistaka fellur ekki undir 47 gr. og 3. mgr. laga um náttúruvernd</p> <p>Umhverfisstofnun veitir leyfi fyrir námum á friðlýstum svæðum; stofnunin veitir umsögn um námur á svæðum á náttúruminjasrá, svo og á svæðum sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd; stofnunin veitir umsögn ef efnistökusvæði er ekki skilgreint í aðalskipulagsáætlun viðkomandi sveitarfélags</p> <p>Náttúruverndarnefnd viðkomandi sveitarfélags þarf að gefa umsögn um efnistöku í öllum tilfellum</p> <p>Skipulagsstofnun ef fyrirhuguð efnistaka fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum</p> <p>Fornleifavernd ríkisins ef friðlýstar minjar eða fornleifar eru á fyrirhuguðum efnistökuastað</p> <p>Veioðimálastjóri ef fyrirhuguð efnistaka er í fallvötnum og vötnum eða við þau</p> <p>Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna ef efnistaka flokkast undir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun</p>
ATRÍÐI SEM SKÝRA ÞARF FRÁ Í ÁÆTLUN UM EFNISTÖKU
<p>Hvernig framkvæmd falli að gildandi skipulagsáætlunum</p> <p>Landslagi og gróðurfari á námusvæði áður en efnistaka hefst</p> <p>Hver umhverfisáhrif efnistökkunnar koma til með að verða</p> <p>Gerð og magni efnis ásamt vinnslutíma námunnar</p> <p>Hvernig staðið verði að frágangi námusvæðisins</p> <p>Fyrirhuguðu útliti svæðisins að efnistöku lokinni</p> <p>Fyrirhugaðri landnotkun eftir að efnistöku lýkur</p>

Í lögum um náttúruvernd (44/1999, ákvæði til bráðabirgða) segir: "Umhverfisráðherra skal fela Umhverfisstofnun í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og framkvæmdaraðila, að gera tillögur um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og eftir atvikum þeirra sem nú eru í notkun og ekki liggur fyrir áætlun um frágang á. Skal stofnunin gera áætlun um frágang svæðanna og kostnað við hann, svo og tillögur um greiðslu kostnaðar. Þá skal stofnunin enn fremur hafa umsjón með frágangi svæðanna. Skal honum lokið eigi síðar en árið 2003." Áætlun um frágang efnistökusvæða sem ekki eru lengur í notkun hefur ekki verið gerð í sveitarfélaginu; stefna skal að því að sú áætlun liggi fyrir á fyrri hluta skipulagstímabils. Jafnframt liggur ekki ljóst fyrir hvenær efnistöku verður hætt í þeim námum sem nú er í notkun. Miða skal við að gengið verði frá fullnýttum námusvæðum innan þriggja ára eftir að efnistöku lýkur. Ef fyrirhugað er að hefja efnistöku að nýju á frágengnum námusvæðum þarf að afla nýs framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar.

Vegagerðin hefur gefið út ritið **Langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018**. Þar eru tilgreindar þær námur sem Vegagerðin ber að mestu eða öllu leyti ábyrgð á og hyggst ganga frá á næstu 15 árum. Í Kjósarhreppi stefnir Vega-

gerðin að því að ganga frá námum á eftirtöldum fimm jörðum: Laxárnesi (E 9), Valdastöðum (E 10), Hvammi (E 14), Fossá (E 16), Práandarstöðum (E 17). Uppbygging og viðhald vega í Kjósarhreppi mun verða í stöðugri þróun. Til að mynda er fyrirhugað er að leggja bundið slitlag á allan Kjósarskarðsveg, og þjóðvegum með malarslitlagi þarf að halda við með ofaniburði. Vegagerðin mun taka mið af þeirri uppbyggingu þegar ákvörðun verður tekin um forgangsroðun við frágang efnisnáma. Þess ber að geta að frágangur námu kemur ekki í veg fyrir að efni sé tekið úr henni síðar, enda byggir efnistaka úr frágenginni námu á sama lagalegum grunni og efnistaka úr ófrágenginni námu.

Um það hvernig staðið skuli að efnistöku og frágangi á námusvæðum í sveitarfélaginu er að öðru leyti vísað til ritsins **Námur - Efnistaka og frágangur** (Náttúruvernd ríkisins, Vegagerðin, o.fl.; apríl 2002).

Í **viðauka** má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi efnistöku-svæðum sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

SORPFÖRGUNARSVÆÐI

SKILGREINING SORPFÖRGUNARSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla. Íbúðir eru ekki heimilar á sorpförgunarsvæðum.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

Á skipulagsuppdrætti er ekkert sorpförgunarsvæði skilgreint

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Sorp sé í auknu mæli flokkað og þannig stuðlað að aukinni endurvinnslu þess.
- Stefna skal að því að flokka öll spilliefni frá öðru sorpi og flytja til söfnunar- og móttökustöðva sem hafa fengið starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni.
- Koma af stað fræðsluferð fyrir almenning og fyrirtæki sem beinist að því að fá neytendur til að hugsa um flokkun úrgangs sem sjálfsagðan hlut en ekki skyldu.
- Sorphirðugjöld verði innheimt til að þau hvetji íbúa og atvinnulíf til þess að flokka úrgang og skila honum til móttökustöðva.
- Landbúnaðarplasti sé safnað saman og því komið til endurvinnslu.
- Heimilt er að staðsetja sorpgáma á landbúnaðarsvæðum, svæðum fyrir frístundabyggð, opnum svæðum til sérstakra nota, og verslunar- og þjónustusvæðum.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF LÖGUM OG REGLUGERÐUM

- Draga skal úr úrgangsmýndun eins og kostur er. Úrgangur sem til fellur verði endurnýttur eins og hægt er.
- Ávallt sé til staðar aðgengileg móttöku- og söfnunarstöð fyrir úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu.
- Óheimilt er að urða úrgang í sveitarfélaginu. Óheimilt er að brenna úrgang í sveitarfélaginu að undanskildum skipulögðum brennum (t.d. áramóta-brennum) sem starfsleyfi hefur verið veitt fyrir.

- Sorpílát (gámar) séu staðsett við allar frístundabyggðir þar sem frístundahús eru 20 eða fleiri, og að aðgengi að þeim sé gott.
- Sveitarstjórn geri 12 ára áætlun um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu sem byggist á markmiðum landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni skal gera grein fyrir leiðum til að draga úr myndun úrgangs, endurnýtingu úrgangs og förgunarleiðum.

ALMENN UMFJÖLLUN

Í sveitarfélaginu er ekkert skipulagt sorpförgunarsvæði skilgreint þar sem urðun eða brennsla fer fram á sorpi eða öðrum úrgangi. Sorptunnur eru staðsettar á flestum bæjum, en sorpgámar eru við stærri frístundabyggðahverfi og í Harðalahverfi. Í þá gáma er einungis gert ráð fyrir að sett sé heimilissorp. Í landi Meðalfells er móttökusvæði (gámaplan) fyrir flokkaðan úrgang (merkt I1 á skipulagsuppdraetti), t.d. málma, timbur, plast, og pappír. Gámapjónustan hf sér um sorphirðu í sveitarfélaginu og er sorp að jafnaði sótt á tveggja vikna fresti á sumrin en mánaðarlega á veturna. Sorp er urðað á Álfsnesi á Kjalarnesi. Sorpurðun hófst þar árið 1989 og er gert ráð fyrir að sá staður verði í notkun fram til 2014; ekki liggur fyrir hvar sorp og annar úrgangur frá höfuðborgarsvæðinu verður urðað eftir 2014.

Magn sorps og annars úrgangs sem til fellur hefur aukist talsvert í seinni tíð, þrátt fyrir að stefna stjórnvalda hafi verið að draga úr úrgangsmyndun. Á síðustu árum hefur umræðan um nauðsyn þess að flokka og endurnýta sorp farið vaxandi. Hingað til hefur mest allt sorp héraendis verið urðað, þó sumu hafi verið brennt. Í raun má segja að urðun sorps sé það sama og að geyma það. Sorp rotnar lítið á slíkum urðunarstöðum þar sem meirihluti sorpefna eru ólífræn. Því hefur verið farin sú leið að endurnýta þau efni sem hægt er. Til að hægt sé að endurvinnna efni þarf að einangra efnin í sorpinu. Best er að flokka þessi efni hvert frá öðru þar sem sorpið verður til, m.a. á heimilum. Öflokkað sorp þýðir einfaldlega að urða þarf meira sorp sem telst ekki vænlegur kostur. Hlutfallslega er enn lítið um að sorp sé flokkað heima fyrir í sveitarfélaginu. Stefna skal að því að á skipulagstímabili verði sorp í auknu mæli flokkað og endurunnið.

Á síðustu árum hefur notkun á svokölluðu landbúnaðarplasti aukist mikið með tilkomu innpökkunar á heyi. Urðun eða brennsla plasticsins heima fyrir er óheimil og því er mikilvægt að safna því saman og flytja það til endurvinnslu. Spilliefni eru úrgangur sem vegna eðlis síns getur haft neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu manna. Magn spilliefna sem til falla hefur vaxið undanfarið ár. Slíkum úrgangi má ekki blanda saman við annan úrgang og krefst hann sérhæfðrar förgunar, allt eftir því hvers eðlis úrgangurinn er. Öll spilliefni skulu því flokkuð frá öðru sorpi og skila þeim til móttökustöðva sem hafa starfsleyfi fyrir meðhöndlun á spilliefnum.

Í **viðauka** má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi sorpförgun sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

ÓBYGGÐ SVÆÐI

SKILGREINING ÓBYGGÐRA SVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

<u>ÓBYGGÐ SVÆÐI</u>	<u>STÆRÐ</u>	<u>TILVÍSUN</u>
Óbyggt svæði með strönd Hvalfjarðar	205 ha	Ó 1
Helgunarsvæði stofn- og tengivega	285 ha	Ó 2
Óbyggt svæði með háspennulínu BR1	107 ha	Ó 3
Óbyggt svæði með helstu vötnum og vatnsföllum	--	--

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Heimilt er að leggja reiðvegi og stofnveitur innan helgunarsvæðis þjóðvega ef samþykki Vegagerðarinnar liggur fyrir.
- Beggja vegna Brennimelslínu 1 (BR1) skal vera 33 metra óbyggt belti.
- Óheimilt er að hindra umferð gangandi manna á óbyggðum svæðum meðfram, vötnum, vatnsföllum og strönd Hvalfjarðar.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF LÖGUM OG REGLUGERÐUM

- Húsbyggingar, veitur og önnur mannvirki er óheimilt að staðsetja innan helgunarsvæða þjóðvega nema að samþykki Vegagerðarinnar liggja fyrir.
- Ekki skal byggja nær Hvalfirði en sem nemur 50 metrum frá sjávarkambi.
- Þar sem byggð er ekki þegar risin meðfram Meðalfellsvatni og stærri vatnsföllum skal ekki byggja nær en 50 metrum frá vatnsbakka.
- Óheimilt er að hindra umferð gangandi manna á óbyggðum svæðum meðfram, vötnum, vatnsföllum og strönd Hvalfjarðar.

ALMENN UMFJÖLLUN

Á þeim hluta sveitarfélagsuppdráttar **svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024** sem tekur til Kjósarhrepps er skilgreint 50 m breitt belti sem óbyggt svæði meðfram helstu vötnum, vatnsföllum og strönd Hvalfjarðar. Nokkur eldri frístundabyggðasvæði eru nær vötnum, vatnsföllum og sjávarströnd en sem nemur 50 m. Í þeim tilfellum er í aðalskipulagstillögu skilgreint óbyggt svæði milli frístundahúsa annars vegar og vatna, vatnsfalla og sjávarstrandar hins vegar. Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að heimilt sé að endurbyggja frístundahús sem standa innan 50 m frá vötnum, vatnsföllum og sjávarströnd svo framarlega sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: staðsetning húss sé söm og áður; grunnflötur húss stækki ekki; mænishæð húss hækki ekki. Slík stefnumörkun samræmist þeirri stefnu sem sett er um landnotkun óbyggðra svæða svæðisskipulaginu.

Í **viðauka** má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi óbyggðum svæðum sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

VÖTN, ÁR OG SJÓR

SKILGREINING VATNA, ÁA OG SJÁVARSVÆÐA Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Undir þennan flokk falla vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar.

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

<u>VÖTN, ÁR OG SJÓR</u>
Sjór - Hvalfjörður
Vötn - öll vötn stærri en 1 ha
Vatnsföll - öll helstu vatnsföll í sveitarfélaginu

STEFNUMÖRKUN SKIPULAGSÁÆTLUNAR

- Óheimilt er að losa búfjáraburð beint í læki, ár, skurði og vötn. Forðast skal að dreifa búfjáraburði alveg fram á ár- og vatnsbakka vegna hugsanlegrar mengunar.
- Aðeins verði notað rakt salt við hálkueyðingu á stofn- og tengivegum sem liggja nærri ám og vötnum.
- Efnistaka í Laxá skal ekki fara fram á sumrin þegar veiðitímabil stendur yfir nema öruggt sé að neikvæð áhrif hljótist ekki af. Forðast skal efnisnám við þekktu veiðistaði.

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF LÖGUM OG REGLUGERÐUM

- Ekki skal byggja nær Hvalfirði en sem nemur 50 metrum frá sjávarkambi.
- Þar sem byggð er ekki þegar risin meðfram Meðalfellsvatni og stærri vatnsföllum skal ekki byggt nær en 50 metrum frá vatnsbakka.
- Forðast skal röskun stöðuvatna og tjarna sem eru stærri en 0.1 ha.

ALMENN UMFJÖLLUN

Laxá er í umsjá Veiðifélags Kjósarhrepps sem stofnað var 1949 og eiga flestar jarðir aðild að félaginu. Á vatnasviði Laxár eru allar helstu vatnafisktegundir, s.s. lax, bleikja, urriði og áll. Veiðistaðir í laxá skipta nokkrum tugum.

Á vatnasviði Laxár eru ákjósanleg vatnstökusvæði. Vegna þeirra hlunninda sem Laxá gefur er ekki gert ráð fyrir meiriháttar vatnstöku umfram það sem nú er á vatnasviði árinna nema að undangenginni rannsókn á áhrifum slíkrar vatnstöku á vistkerfi Laxár.



LAXÁ Í KJÓS

Veiðimálastofnun hefur flokkað ár og vötn á höfuðborgarsvæðinu með tilliti til lax- og silungsveiða í eftirtalda flokka.

Mjög mikilvæg: Ár og vötn með mikil lax- eða silungsveiðihlunnindi, eða þar sem eru mikilvæg klaksvæði eða uppvaxtarsvæði fyrir seiði.

Nokkuð mikilvæg: Ár og vötn með nokkur hlunnindi af lax- og silungsveiði.

Síður mikilvæg: Ár og vötn með lítil hlunnindi af lax- og silungsveiði.

Niðurstöður fyrir helstu ár og vötn í Kjósarhrepp má sjá í meðfylgjandi töflu.

LAXVEIÐIÁR	NIÐURSTÖÐUR FLOKKUNAR
Brynjudalsá	Nokkuð mikilvæg
Bugða	Nokkuð mikilvæg
Dælisá	Mjög mikilvæg (vegna hrygningar)
Laxá	Mjög mikilvæg
Kiðafellsá	Síður mikilvæg
SILUNGSVEIÐIVÖTN	NIÐURSTÖÐUR FLOKKUNAR
Meðalfellsvatn	Mjög mikilvægt
Myrkavatn	Síður mikilvæg
Sandvatn	Síður mikilvæg

Í viðauka má sjá útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi vötnum, vatnsföllum og sjó sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

SKILGREINING SVÆÐA UNDIR NÁTTÚRUVÁ Í SKIPULAGSREGLUGERÐ

Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

SKILGREIND SVÆÐI Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

Á skipulagsuppdrætti er ekkert svæði undir náttúruvá skilgreint

ÁKVÆÐI MEÐ HLIÐSJÓN AF REGLUGERÐUM

- Aðeins er heimilt að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á svæðum þar sem ekki má búast við ofanflóðum sem hættuleg geta reynst fólki.

ALMENN UMFJÖLLUN

Á skipulagsuppdrætti er ekkert svæði sett undir náttúruvá. Engin mannvirki hafa verið reist vegna ofanflóða, sjávarflóða eða vatnsflóða. Heildstæð úttekt á hættu á ofanflóðum hefur ekki farið fram í sveitarfélaginu að hálfu Veðurstofu Íslands. Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005-2017 er því staðfest með fyrirvara um gerð bráðabirgðahættumats, samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (49/1997) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats (505/2000, 15. gr.), við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Kjósarhreppur liggur utan við virkasta hluta gosbeltisins sem liggur frá Reykjanesi til norðausturs að Hengilssvæðinu og þaðan áfram til norðausturs; gos- og skjálftahætta er því ekki mikil í sveitarfélaginu.

Í gildi er evrópskur forstaðall, **Eurocode 8: Design provisions for earthquake resistance of structures**, ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Í þjóðarskjalinu **FS ENV 1998-1-1:1994** kemur fram skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðalendurkomutíma, og er þar jafnframt tilgreint við hvaða hönnunarhröðun skal miða í þéttbýliskjörnum. Hönnunarhröðun er skipt í fimm mismunandi flokka: 0.10 g, 0.15 g, 0.20 g, 0.30 g og 0.40 g. Því lægri sem talan er því minna er álagið á viðkomandi svæði. Við hönnun mannvirkja skal miða við þá hönnunarhröðun sem skilgreind er á hverju svæði. Samkvæmt þjóðarskjalinu má miða við minnsta álag (0.10 g) á skilgreindum íbúðarsvæðum (svæði fyrir búgarða) í Kjósarhreppi. Utan skilgreindra íbúðarsvæða er byggingarfulltrúa heimilt að ákvarða hönnunarhröðun í sveitarfélaginu svo framarlega sem sú ákvörðun uppfylli þá staðla sem fram koma í þjóðarskjalinu.

Í **viðauka** má sjá útvaldar málsgreinar reglugerða viðkomandi náttúruvá sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

UMHVERFISMÁL

SJÁLFBÆR PRÓUN

Hugtakið **sjálfbær þróun** varð fyrst áberandi í alþjóðlegri umræðu á níunda áratug síðustu aldar en festist síðan endanlega í sessi á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro árið 1992. Sjálfbær þróun er skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Í Rio samþykktu þjóðir heims, þar á meðal Ísland, viðamikla framkvæmdaáætlun, svonefnda **Dagskrá 21** (Agenda 21). Dagskrá 21 er ætlað að taka á öllum meginþáttum umhverfisverndar, t.d. sjávar- og loftmengun, sorphirðumálum, stýringu auðlinda, landgræðslu, líffræðilegum fjölbreytileika svo að nokkuð sé nefnt.

Í Rioyfirlýsingunni segir að mannkyninu beri réttur til að lifa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna. Þar er einnig minnst á réttinn til þróunar, sem beri að nýta með þeim hætti að komið sé af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir núlifandi og komandi kynslóða. Segja má að þessar réttindayfirlýsingar séu ein af fjórum meginreglum sem finna má í Rioyfirlýsingunni. Hinar eru:

Varúðarreglan: Kveður á um að ekki skuli að öðru jöfnu ráðist í framkvæmdir sem kunna að hafa alvarleg eða óbætanleg umhverfisáhrif í för með sér, fyrr en sýnt sé að þær hafi ekki slík áhrif.

Mengunarbótareglan: Kveður á um að þeir sem spilla umhverfinu beri nauðsynlegan kostnað við að bæta skaðann og kostnað vegna aðgerða sem miða að því að koma í veg fyrir umhverfisskaða.

Nytjagreiðslureglan: Felur í sér að þeir sem nýta náttúrulegar auðlindir sér til ávinnings eða ánægju, greiði þann kostnað sem til fellur við verndun og viðhald þessara auðlinda.

Mikilvægt er að sveitarfélög vinni framkvæmdaáætlun um umhverfismál og hafi reglubundið eftirlit með framkvæmd hennar. Áætlunin byggir á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, Dagskrá 21 og stefnumörkun ríkisins. Á þennan hátt bera sveitarfélögin sjálf sem mesta ábyrgð á framkvæmd umhverfismála í sveitarfélaginu. Stefnumörkun sveitarfélaga við gerð skipulagsáætlana skal taka tillit til sjónarmiða umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Einstaklingum og samtökum verði tryggður réttur til að hafa áhrif á ákvarðanatöku um nánasta umhverfi sitt.

Menntun og fræðsla er undirstaða þess að hægt sé að ná fram markmiðum umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar á öllum sviðum samfélagsins. Umhverfismennt felur í sér uppeldi með áherslu á mótun viðhorfa og skoðana og eflingu ábyrgðar gagnvart náttúru og umhverfi. Stefnt er að því að allir nemendur njóti umhverfismenntunar á öllum stigum skólakerfisins, námsbrautir á sviði umhverfismála verði eflar sem og umhverfismennt fyrir almenning utan skólakerfisins.

UMHVERFISÁSYND

Átaksverkefnið **Fegurri sveitir** á vegum Landbúnaðarráðuneytisins hefur víða skilað góðum árangri og bætt umhverfisásynd í dreifbýli. Verkefninu undir þessu heiti er samkvæmt vinnuáætlun lokið en heldur þess í stað áfram í tengslum við verkefnið **Betra bú** sem greint var frá í kafla um "landbúnað".

Kjósarhreppur er þátttakandi í verkefninu Fegurri sveitir ásamt um 70 öðrum sveitarfélögum. Markmið verkefnisins er að hvetja landeigendur og ábúendur til að bæta umhverfisásynd jarða. Það er hægt að gera með ýmsu móti t.d. rífa

ónýt mannvirki, fjarlægja ónýtt brotajárn og rúlluplast, mála byggingar, hreinsa fjörur, og fjarlægja ónýtar girðingar. Hreinsunaraðgerðir geta verið kostnaðarsamar auk þess krefjast þær vinnuafis, og því er mikilvægt að sveitarfélagið komi þar að málum. Eitt af því sem talið er til góðra búskaparháttanna og bætir ímynd landbúnaðarins og sveitanna er gott viðhald á öllu því sem að búskapnum lýtur. Vel viðhaldin mannvirki eru ávallt til sóma á hverjum stað. Af gömlum vélum tækjum og getur einnig verið þrýði ef þeim er raðað upp; sjónmengun getur hins vegar verið af brotajárni sem liggur á víð og dreif á jörðum.



PRESTSETRIÐ AÐ REYKJAVÍK

Samkvæmt **lögum um náttúruvernd (44/1999, 44. gr. og ákvæði til bráðabirgða, III-lið)** ber sveitarstjórnnum að gera úttekt á stöðu mála er varðar eignir í hirðuleysi og eyðijarðir og skila Umhverfisstofnun skriflegri greinargerð. Umhverfisstofnun og skipulagsnefnd Kjósarhrepps lagði fram stutta greinargerð til Umhverfisstofnunar í janúar 2003; kemur þar fram að ástand í Kjósarhreppi sé álitnið viðunandi en jafnframt tekið fram að úttekt hafi ekki verið tæmandi.

Samkvæmt **25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (7/1998)** geta sveitarfélög sett sínar eigin samþykktir sem ekki er fjallað um í reglugerðum. Í Kjósarhreppi er eftirfarandi samþykkt varðandi umgengni í gildi.

SAMÞYKKT UM UMGENGNI UM LÖBIR OG LENDUR Í KJÓSARHREPPI

1. gr. Eiganda eða umráðamanni húss, girðinga og annarra mannvirkja er skylt að halda eignum vel við og halda lóðum og lendum hreinum og snyrtilegum.
2. gr. Óheimilt er að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem bíflök, bílhuta, kerrur, vélar, tæki, landbúnaðarplast, byggingaefni, báta og annað sambærilegt.
3. gr. Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og annar vélbúnaður skulu geymd á þar til gerðum stæðum.
4. gr. Þeir sem annast flutninga á almannafæri skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrífnaði.
5. gr. Um eftirlit samkvæmt samþykkt þessari fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.
6. gr. Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.
7. gr. Samþykkt þessi er samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 3. nóvember 2003, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum og óðlast gildi þegar við birtingu. 9. desember 2002.

LÖG OG REGLUGERÐIR

Að neðan eru útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi umhverfis-ásýnd sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar.

GR	MGR	LÖG UM NÁTTÚRUVERND – 44/1999
44	1	Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðir, áhöld eða mannvirki, þar á meðal girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru er eiganda skylt að fjarlægja það.
	2	Fari jörð í eyði er landeiganda skylt að ganga svo frá húsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.
49	4	Efnistökusvæði skal ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Umhverfisstofnun getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvun.
GR	MGR	GIRÐINGARLÖG – 135/2001
12	2	Öllum umráðamönnum lands er skylt að hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingarflækjur.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS – 737/2003
6	2	Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilisúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn er ábyrg fyrir reglulegri tæmingu sorpiláta og flutningi heimilisúrgangs frá öllum heimilum á viðkomandi svæðum.
	4	Sveitarstjórn skal í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp sorpilát í nánd við sumarhúshverfi. Séu fleiri en 20 sumarhús í hverfinu skal staðsetning sorpiláts vera sem næst hverfinu og/eða þannig að hentugt sé að losa í það í leið frá hverfinu. Sorpilátin skulu vera til staðar á því tímabili sem almennt er dvalist í húsunum í hverfinu. Gæta skal að því að aðgangur sé greiður að sorpilátum, m.t.t. tegundar úrgangs.
11	1	Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Beita skal bestu fánalegri tækni við meðhöndlun úrgangs.
	2	Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð þessari, öðrum reglugerðum um úrgang eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur.
	4	Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í seinni tíð hefur mikil vakning átt sér stað í umhverfismálum hér á landi. Nú á tímum eru gerðar meiri kröfur um að tillit sé tekið til umhverfisins þegar ráðast skal í meiri háttar framkvæmdir. Umhverfisáhrif framkvæmda hafa reyndar verið metin um alllangt skeið. Fyrst um sinn var slíkt mat ekki lögbundið og því var allur gangur á því hvernig staðið var að umhverfismati. Árið 1994 voru lög um mat á umhverfisáhrifum samþykkt frá alþingi og árið 2000 leystu ný lög þau eldri af hólmi.

Tilgangur með mati á umhverfisáhrifum er að metin séu þau áhrif sem framkvæmd kemur til með að hafa á umhverfi. Í **5-7. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000)** er gerður greinarmunur á matsskyldum framkvæmdum, framkvæmdum sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum, og öðrum framkvæmdum sem hugsanlega eru matsskyldar. Umræddar lagagreinar má sjá að neðan.

GR	MGR	LÖG UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM – 106/2000
5		<u>MATSSKYLDAR FRAMKVÆMDIR</u>
	1	Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

- 5 2 Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.
- 3 Heimilt er ráðherra í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að ákveða að tiltekin framkvæmd, eða hluti hennar, sem varðar almannaheill og/eða öryggi landsins sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra kveða á um hvaða gögnum skuli safnað um umhverfisáhrif hennar og aðgang almennings að þeim og kynna framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og almenningi ástæður fyrir undanþágunni. Ráðherra ber áður en undanþága er veitt að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni á hvaða forsendu hún er veitt og einnig að láta sameiginlegu EES-nefndinni á té þær upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að.
- 4 Ráðherra getur heimilað í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og leyfisveitenda, að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, eða hluta hennar, samkvæmt þessari grein og 6. gr. fari fram með öðrum hætti en kveðið er á um í lögum þessum. Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. kafla.
- 6 FRAMKVÆMDIR SEM KUNNA AÐ VERA HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM
- 1 Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.
- 2 Nú er fyrirhuguð framkvæmd meðal þeirra sem taldar eru í 2. viðauka við lög þessi og ber framkvæmdaraðila þá að tilkynna Skipulagsstofnun um hana. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um hvaða gögn skuli lögð fram til Skipulagsstofnunar. Innan fjögurra vikna frá því að gögn um framkvæmdina berast skal stofnunin tilkynna hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 3. viðauka við lög þessi. Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Skipulagsstofnun skal gera hlut-aðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni og kynna hana almenningi.
- 3 Almenningsi skal heimilt að tilkynna framkvæmd eða bera fram fyrirspurn um matskyldu framkvæmda sem taldar eru upp í 2. viðauka til Skipulagsstofnunar og skal stofnunin þá leita upplýsinga um framkvæmdina hjá framkvæmdaraðila og leyfisveitanda og taka ákvörðun um hvort hún eigi undir grein þessa.
- 7 AÐRAR FRAMKVÆMDIR SEM HUGSANLEGA ERU MATSSKYLDAR
- 1 Umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að mæla svo um í reglugerð að framkvæmd sem ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka við lög þessi skuli háð mati ef sýnt þykir að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmd sem varðar alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Við ákvörðunina skal ráðherra fylgja viðmiðunum í 3. viðauka við lög þessi og leita álits Skipulagsstofnunar, leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni.

Sé um matsskylda framkvæmd að ræða skal framkvæmdaraðili sjá um að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu metin og sett fram í matsskýrslu. Matið getur tekið til ólíkra eðlisrænna þátta s.s. lífríkis, jarðvegs, jarðmyndana, vatns, og lofts. Umhverfismat nær einnig oft til þátta sem snerta mannvist með einum eða öðrum hætti t.d. atvinnulíf, efnahagsleg áhrif og heilbrigði manna. Í matsskýrslu ber að gera grein fyrir öllum þeim áhrifum sem framkvæmdin mun hafa á umhverfið, jafnt jákvæðum sem neikvæðum. Leiði umhverfismat í ljós að fyrirhuguð framkvæmd komi til með að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið ber að gera ráðstafanir sem koma í veg fyrir eða draga úr þeim áhrifum eins og kostur er. Slíkar úrlausnir eru nefndar mótvægisáðgerðir og eru þær gjarnan þungamiðja matsvinnunnar.

Engin fyrirsjáanleg framkvæmd er fyrirhuguð í Kjósarhreppi sem háð er mati á umhverfisáhrifum en til slíkrar framkvæmdar gæti hins vegar komið á skipulags-tímabili. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar nokkrar framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum og nokkrar sem kunna að vera háðar mati. Mun fleiri framkvæmdir eru tilgreindar í lögum um mat á umhverfisáhrifum og er vísað til **1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000)** þar að lútandi.

FRAMKVÆMDIR SEM ÁVALLT ERU HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM
<p>Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri</p> <p>Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd</p> <p>Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50 þ. m² svæði eða stærra eða er 150 þ. m³ eða meiri</p> <p>Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri</p> <p>Kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir m³ eða meira</p>
FRAMKVÆMDIR SEM KUNNA AÐ VERA HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM
<p>Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha</p> <p>Stöðvar þar sem fram fer þaueldi alifugla, svína og fisks</p> <p>Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað</p> <p>Áveitu- og framræsluframkvæmdir á 10 ha svæði eða stærra, eða á verndarsvæðum</p> <p>Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum</p> <p>Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi</p> <p>Uppgræðsla lands á verndarsvæðum</p> <p>Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25 þ. m² svæði eða stærra, eða er 50 þ. m³ eða meiri</p> <p>Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúru-minjaskrá</p> <p>Vatnsleiðslur utan þéttbýlis 10 km eða lengri og grafnar niður</p> <p>Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns</p> <p>Borun eftir neysluvatni miðað við 2 milljóna m³ ársnotkun eða meiri</p>

Ýmsir þættir geta haft áhrif á það hvort framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum verði taldar þurfa að fara í mat. Í meðfylgjandi töflu eru tilgreind þau atriði sem tekið er tillit til þegar metið er hvort tilteknar framkvæmdir séu matsskyldar.

VIÐMIÐANIR VIÐ MAT Á FRAMKVÆMDUM SEM KUNNA AÐ VERA MATSSKYLDAR
<p>Eðli framkvæmdar - Athuga þarf eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til:</p> <ul style="list-style-type: none"> - stærðar og umfangs framkvæmdar - sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum - nýtingar náttúruauðlinda - úrgangsmýndunar - mengunar og ónæðis - slyshættu, einkum með tilliti til efna eða aðferða sem notaðar eru
<p>Staðsetning framkvæmdar - Athuga þarf hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, einkum með tilliti til:</p> <ul style="list-style-type: none"> - landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun - magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda - verndarsvæða - álagsþols náttúrunnar
<p>Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar - Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér á undan, einkum með tilliti:</p> <ul style="list-style-type: none"> - umfangs umhverfisáhrifa, þ.e. þess svæðis sem ætla má að verði fyrir áhrifum - stærðar og fjölbreytileika áhrifa - þess hverjar líkur eru á áhrifum - tímalengdar, tíðni og óafturkræfi áhrifa - sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði

Að neðan eru útvaldar málsgreinar reglugerða og laga viðkomandi mati á umhverfisáhrifum sem taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar; þar sem upptalning er ekki tæmandi er að öðru leyti vísað til laganna í heild sinni.

GR	MGR	LÖG UM MAT Á UMhverfisáHRIFUM - 106/2000
8	1	Nú er fyrirhuguð framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og skal framkvæmdaraðili þá gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Í tillögu framkvæmdaraðila skal lýsa framkvæmdinni, framkvæmdasvæði og öðrum möguleikum sem til greina koma og gefa upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skal og vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis lögd verði áhersla, hvaða gögn liggi fyrir og áætlun um kynningu og samráð. Framkvæmdaraðili skal kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun.
9	1	Ef framkvæmdaraðili hyggur á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum skal að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. unnin skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skýrslan er nefnist frummatsskýrsla skal unnin af framkvæmdaraðila og skal gerð og efni hennar vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr.
	2	Í skýrslunni skal tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kunna að hafa á umhverfi og samspil einstakra þátta í umhverfinu. Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu. Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og tillögum um umhverfsvöktun þar sem það á við. Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman. Loks skal gera stutta og skýra samantekt um skýrsluna og niðurstöðu hennar. Í niðurstöðu skýrslunnar skal geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út, sbr. 20. gr.
Ákvæði til bráðabirgða		Þrátt fyrir ákvæði III. kafla laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögumum séu þær hafnar fyrir árslok 2002.
GR	MGR	LÖG UM NÁTTÚRUVERNÐ - 44/1999
34	1	Meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
GR	MGR	LÖG UM HOLLUSTUHÆTTI OG MENGUNARVARNIR - 7/1998
6	1	Færa skal grænt bókhald fyrir atvinnustarfsemi sem háð er starfsleyfi skv. 5. gr. og nánar greinir í fylgiskjali II með lögum þessum.
	2	Í grænu bókhaldi skulu koma fram upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, þ.m.t. tölulegar upplýsingar um meginnotkun hráefnis, orku og vatns til starfseminnar, sem og helstu tegundir og magn mengandi efna sem losuð eru í loft, lág eða lög, koma fram í framleiðsluvöru eða falla til sem úrgangur. Ekki er þó skylt að setja í skýrslu um grænt bókhald upplýsingar sem starfsleyfishafi telur vera framleiðsluleyndarmál, enda séu slík atriði tilgreind og ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu útgefanda starfsleyfis.

MARKMIÐ Í SVÆÐISSKIPULAGI

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 (Fylgirit 5, Umhverfismál) er sett tillaga að umhverfisstefnu. Eftirfarandi stefnumarkandi atriði, sem eiga vel við í Kjósarhreppi, koma þar m.a. fram:

- ❑ Upplýsingastreymi sé þannig háttað að sköpuð sé meðal íbúa, atvinnulífs, við komandi yfirvalda og annarra, meðvitund um og hvatt til innleggs í ákvarðanatöku um mikilvæga umhverfisþætti.
- ❑ Skilyrði fyrir gróðri og dýralífi skulu haldast jafngóð og áður eða betri.
- ❑ Notuð séu endurunnin efni þar sem mögulegt er af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum um leið og tryggt sé að farið sé að kröfum um gæði og endingu og að heildarálag á umhverfið aukist ekki.

- Innan fjárhagslegs og tæknilegs mögulegs ramma komi umhverfisvæn efni og framleiðsluvörur í stað annarra umhverfissaðlegra efna og framleiðsluvara.
- Við uppgröft og flutning á spilltum jarðvegi breiðist menguð efni ekki til umhverfisins. Sérstakt tillit verður að taka til nágretta, einnig vegna ólyktar.
- Að breyta ekki stefnu vatnsrennslis frá byggðum svæðum þannig að mengað vatn, þar með talið saltmengað vatn, geti breiðst út til nýrra svæða.
- Mikilvæg fugla- og gróðursvæði séu án bygginga og mannvirkjagerðar.
- Við breytta landnýtingu sé tekið tillit til plöntutegunda sem vernda þarf sérstaklega eða eru í útrýmingarhættu.
- Svæði með alþjóðlegt mikilvægi vegna farfugla verði vernduð. Mikilvæg varplönd verði vernduð.
- Við mótnun mannvirkja og bygginga sé stuðst við hönnuð sem myndar sjónræna heild sem hefur góð áhrif á notendur, íbúa og nágretta nýbygginganna.

Aðalskipulagsáætlun gerir ráð fyrir að kappkostað verði til að framfylgja fyrrgreindri stefnumörkun svæðisskipulags að eins miklu leyti og kostur er.

UMHVERFISÁHRIF AÐALSKIPULAGS

Í skipulags- og byggingarlögum (73/1997, 9. gr.) segir m.a.: "Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma."

Með hliðsjón af því hvernig landnotkun er skilgreind til framtíðar í sveitarfélaginu má reikna með að mestu umhverfisáhrifin komi til með að tengjast uppbyggingu svæða fyrir búgarða og svæða fyrir frístundabyggð. Gera má ráð fyrir að fjölgun íbúðar- og frístundahúsa eigi eftir að verða töluverð á skipulagstímabili með tilheyrandi breytingu á umhverfisásýnd og umferð. Umhverfisáhrif búgarða- og frístundabyggða geta verið margvísleg; þar sem slík byggð rís kallan það á ýmsa aðra samhangandi þætti, t.d. vegagerð, veitulagnir, leiksvæði, þjónustu, skólphreinsun og sorphirðu. Búgarða- og frístundabyggð breyta óneitanlega ásýnd umhverfisins. Sjónræn áhrif felast einkum í gerð húsa og þéttleika byggðar, hönnun vegakerfis, og trjárækt umhverfis húsin.

Svæði fyrir búgarða- og frístundabyggð eru skilgreind á mismunandi gerð lands. Fimm svæði fyrir búgarða eru á ræktuðu landi en önnur svæði eru ýmist á graslendi, hálfgrónu landi, hálfdeigju, melum og/eða mólendi. Þrjú svæði fyrir frístundabyggð eru í skógi- eða kjarri vöxnu landi; Fjórtán svæði eru á ræktuðu landi en önnur svæði eru ýmist á graslendi, hálfgrónu landi, hálfdeigju, melum og /eða mólendi. Umhverfisásýnd frístunda- og búgarðabyggða mun því verða nokkuð mismunandi milli svæða.

Þéttleiki búgarðabyggða verður 1 íbúð á hvern 1.5 ha. Heildar grunnflötur bygginga má ekki fara yfir 500 m² á hverri lóð. Takmörkun grunnflatar hefur jákvæð áhrif á ásýnd búgarðabyggðanna og kemur í veg fyrir uppbyggingu á stórum byggingum sem gætum þróast upp í iðnaðar- og verktakastarfsemi. Miðað við hámarks þéttleika á öllum svæðum fyrir búgarðabyggð gæti fjöldinn orðið 120 íbúðir. Þéttleiki frístundabyggðanna verður að hámarki 2 hús á ha. Miðað við hámarks þéttleika á öllum svæðum fyrir frístundabyggð gæti fjöldinn orðið tæplega 2000 frístundahús.

Auk breyttar umhverfisásýndar mun helstu umhverfisáhrif búgarða- og frístunda- byggðar felast í aukinni umferð innan sveitarfélagsins. Þau fjölmörgu efnistöku-

svæði sem skilgreind eru í sveitarfélaginu munu duga til uppbyggingar vega og í húsa- og búgarða- og frístundabyggðasvæðum. Að öðru leyti mun búgarða- og frístundabyggð ekki hafa áhrif á aðra landnotkun í sveitarfélaginu. Deiliskipulag búgarða- og frístundabyggða getur haft mikið að segja um hversu mikil umhverfisáhrifin verða og því mikilvægt að vanda til þeirra.

Umhverfisáhrif efnistöku í sveitarfélaginu felast einkum í neikvæðum sjónrænum áhrifum. Draga má úr sjónrænum áhrifum með því að ganga jafnóðum frá námum og efnistöku er lokið, og gerir aðalskipulagsáætlun ráð fyrir að svo verði gert. Önnur umhverfisáhrif eru lítil sem engin; gildir það jafnt um áhrif á gróður, grunnvatn, og nýtingu lands á námusvæðum til annarra nota.

Í aðalskipulagsáætlun er sett fram stefnumörkun um aukna flokkun og endurvinnslu sorps; frágang brunnsvæða sem ekki standast ákvæði reglugerða; úrbætur í fráveitumálum þar sem kröfur um frágang eru ekki uppfylltar. Stefnumörkunin ætti að vera til þess fallin að minnka neikvæð umhverfisáhrif hvað þessa þætti varðar. Í aðalskipulagsáætlun eru einnig sett fram nokkur stefnumarkandi atriði varðandi gróður-, jarðvegs- og náttúruvernd. Mætti í því sambandi nefna beitarstýringu búfjár, uppgræðslu á rofsvæðum, varðveislu náttúrulegs birkikjarris og verndun votlendissvæða. Allt miðar þetta að því að hlúa að jarðvegi og gróðri og stuðla að því að dregið sé úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Not fyrir landbúnaðarland til beitar og túnræktar fer stöðugt minnkandi. Að sama skapi hefur vægi svæða til útivistar og afþreyingar aukist; til merkis um það eru fjölmörg opin svæði til sérstakra nota (útivistarsvæði) skilgreind í sveitarfélaginu. Kjósarhreppur hefur upp á fagra og fjölbreytta náttúru að bjóða sem ekki er langt að sækja í frá höfuðborgarsvæðinu. Með tilliti til þess, og samdráttar í hefðbundnum landbúnaðargreinum almennt, er ekki óeðlilegt að svo umfangsmikil svæði til útivistar séu ákvörðuð.

Búast má við að skógrækt í hreppnum eigi eftir að aukast nokkuð á skipulags tímabili. Ljóst er að skógræktarsvæði munu breytta ásýnd sveitarfélagsins til muna ásamt því að hafa áhrif á samsetningu jarðvegs. Skógrækt er almennt talin hafa meiri jákvæð umhverfisáhrif en neikvæð; hún bindur jarðveg og vatn, hefur jákvæð áhrif á andrúmsloft, getur veitt skjól, og nýtist til timburframleiðslu. Í aðalskipulagsáætlun eru settir fram skilmálar sem draga eiga úr hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum skógræktar. Til að mynda er einungis heimilt að gróðursetja plöntur sem tilheyra íslenskrri flóru í náttúrulega birkiskóga; gert ráð fyrir að skógrækt skuli minnst vera í 10 m fjarlægð frá bökkum árfarvega, vatna og sjávarsíðu; ákvæði eru einnig um að skógrækt spilli ekki útsýni að og frá merktum stöðum.



VESTURHLUTI REYNIVALLAHÁLS OG LAXÁRDALS

SVEITARSTJÓRNARMÁL

SAMEINING SVEITARFÉLAGA

Undanfarin ár hefur umræða um sameiningu sveitarfélaga verið fyrirferðarmikil í þjóðfélaginu. Upp úr 1990 var farið að ræða málefnið af fullri alvöru. Að frumkvæði þáverandi ríkisstjórnar var árið 1993 kosið um sameiningu sveitarfélaga um allt land. Niðurstöður þeirra kosninga skiluðu ekki miklum árangri, aðeins ein sameining af rúmlega þrjátíu var samþykkt. Þann sameiningarhug sem síðar varð má líklega að einhverju leyti tengja við flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga 1996. Sú tilfærsla hefur án efa vakið marga til umhugsunar um getu fámennra sveitarfélaga til taka við svo umfangsmiklu og kostnaðarsömu verkefni. Annað sem örugglega hefur stuðlað að sameiningu sveitarfélaga eru breytingar á byggðamynstrinu. Fólksflutningar frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins hafa leitt til fækkunar íbúa í mörgum dreifbýlissveitarfélögum. Sú byggðapróun hefur vakið upp umræður um breytingu á sveitarfélagaskipan.

Á síðustu árum hafa verið teknar margar ákvarðanir um sameiningu sveitarfélaga; til að mynda var heildarfjöldi þeirra 171 árið 1994 en var 101 árið 2005. Smám saman eru að myndast stærri og fjölmennari sveitarfélög með styrkari stjórnsýslu. Markmið fækkunar og stækkunar sveitarfélaga er meðal annars að gera stjórnsýslueiningar skilvirkari. Almennt séð hafa stærri sveitarfélög sterkari fjárhagsgrundvöll og búa við öflugri stjórnsýslu en þau sem minni eru. Fjölmenn sveitarfélög eru að sama skapi betur undir það búin að yfirtaka fleiri verkefni frá ríkisvaldi. Á næstu árum stefnir í að fleiri verkefni verði færð frá ríki til sveitarfélaga, t.d. þau sem snúa að þjónustuverkefnum á sviði heilbrigðisþjónustu, málefnum fatlaðra og auknar skyldur í umhverfismálum. Þessir málaflokkar eru þess eðlis að stórar stjórnsýslueiningar þarf til að geta sinnt þeim með fullnægjandi hætti. Fram til þessa hefur ríkið verið nær einrátt um uppbyggingu velferðarkerfisins en með tilfærslu fleiri verkefna til sveitarfélaga dreifist valddreifingin á fleiri hendur og sjálfsforræði sveitarfélaga eykst. Þar sem sveitarfélög eru til fyrir íbúana og er ætlað að sinna ákveðnum verkefnum í þeirra umboði er rökrétt að ætla þeim að vera nægilega öflug til að sinna helstu lögbundnu verkefnum sínum.

Í byrjun árs 2005 gerði Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri (RHA) að beiðni Kjósarhrepps könnun meðal kosningabærra íbúa sveitarfélagsins um afstöðu þeirra til sameiningarmála. Kannaður var vilji íbúa til fjögurra sameiningarkosta, auk þess möguleika að sameinast ekki. Valmöguleikar voru eftirfarandi: Reykjavíkurborg; Mosfellsbær; Bláskógabyggð; Dreifbýlishrepparnir sunnan Skarðsheiðar, þ.e. Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur og Skilmannahreppur (mynda nú saman sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit). Kosningaþátttaka var tæp 76% og voru niðurstöður könnunar þær að mikill meirihluti vill ekki sameinast öðru sveitarfélagi, eða rúm 74%. Niðurstöður könnunarinnar má sjá í meðfylgjandi töflu.

SAMEININGARKOSTUR	FYLGJI
Sameinast ekki	74.4 %
Reykjavík	16.7 %
Dreifbýlishrepparnir sunnan Skarðsheiðar	7.7 %
Mosfellsbær	1.3 %
Bláskógabyggð	0 %

Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri 2005

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum [45/1998, ákvæði til bráðabirgða] skal sérstök sameiningarnefnd, sem skipuð er af félagsmálaráðherra, undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga með hliðsjón af landfræðilegum og félagslegum aðstæðum. Í skýrslunni **Átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins - Tillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga** (Félagsmálaráðuneytið, 2004) voru settar fram tillögur sameiningarnefndar um sameiningu sveitarfélaga; þar var lagt er til að kosið yrði um sameiningu Kjósarhrepps og Reykjavíkurborgar haustið 2005. Rök fyrir slíkri sameiningu er m.a. sú að Kjósarhreppur sé eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem ekki hefur burði til að sinna lögbundnum verkefnum sveitarfélaga án samstarfs við önnur sveitarfélög. Kjósarhreppur á í samstarfi við sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins á nokkrum sviðum, t.d. um grunnskólamál við Reykjavíkurborg, og um félagsþjónustu og heilbrigðiseftirlit við Mosfellsbæ. Íbúar Kjósarhrepps sækja flest alla þjónustu í önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og margir sækja þangað vinnu daglega.

Eins og niðurstöður fyrrgreindrar könnunar um viðhorf íbúa Kjósarhrepps til sameiningarmála gefa til kynna voru einungis tæp 17% íbúa sem vildu sameinast Reykjavíkurborg. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur einnig lýst því yfir að sameining við Kjósarhrepp sé ekki vænlegur kostur og leggst því gegn sameiningu sveitarfélaganna tveggja. Af fyrrgreindri kosningu um sameiningu sveitarfélaganna tveggja haustið 2005 varð því aldrei vegna lítills áhuga beggja aðila. Enn um sinn bendir því ekkert til að Kjósarhreppur muni sameinast öðru sveitarfélagi, hvað sem síðar verður.

Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindir líklegir jákvæðir og neikvæðir þættir sem sameining sveitarfélaga hefur almennt í för með sér.

HELSTI ÁVINNINGUR SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA
<p>Aukin geta til að taka við nýjum verkefnum sem leiðir til aukinnar þjónustu við íbúa.</p> <p>Með hagræðingu í yfirstjórn og fjárfrekum verkefnum ætti að vera svigrúm til að bæta þjónustuna á öðrum sviðum.</p> <p>Minni sveitarfélög nýta sér ýmsa þjónustu "höfuðstaða" án þess að bera af því kostnað.</p> <p>Betri yfirsýn til framtíðarstefnumótunar í atvinnu- og skipulagsmálum alls svæðisins.</p> <p>Við sameiningu fá íbúar smærri sveitarfélaga oftast en ekki aðgang að faglegri félagsþjónustu en áður var í boði.</p> <p>Skilvirkni í ákvarðanatöku eykst og ábyrgð verður skýrari eftir því sem samstarfsverkefnum milli sveitarfélaga og þátttakendum í þeim fækkar.</p> <p>Öflug sveitarfélög sem bjóða upp á fjölbreytta atvinnu og þjónustu eru líklegri en önnur til að geta tekið þátt í samkeppni um fólk og fyrirtæki til framtíðar.</p>
HELSTU ÓKOSTIR SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA
<p>Í einhverjum tilvikum verða íbúar að sækja stjórnsýslu um lengri veg, sérstaklega þegar minni byggðakjarnar sameinast öðrum stærri.</p> <p>Hætta er á að frumkvæði tapist og íbúarnir bíði eftir lausn frá stjórnsýslunni.</p> <p>Íbúar sumra svæða innan sveitarfélagsins geta upplifað sig sem jaðarsvæði í hinu nýja sveitarfélagi.</p> <p>Í kjölfar sameiningar getur áhugi fólks á málefnum samfélagsins minnkað og þar af leiðandi þátttaka í stjórnámálum og félagsstarfi.</p> <p>Með færri sveitarfélögum fækkar möguleikum fólks til að velja sér búsetu eftir framboði á þjónustu og skattheimtu.</p> <p>Íbúar minni samfélaga upplifa áhrif sín minni þegar fjarlægðin við stjórnsýslu eykst.</p> <p>Störfum í opinberri þjónustu og stjórnsýslu kann að fækka vegna hagræðingar í kjölfarið á sameiningu.</p>

Að neðan eru útvaldar málsgreinar úr **sveitarstjórnarlögum (45/1998)** er varða stækkun sveitarfélaga; þar sem upptalning er ekki tæmandi er að öðru leyti vísað til laganna í heild sinni.

GR	MGR	SVEITARSTJÓRNARLÖG - 45/1998
88	1	Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.
Ákvæði II - 1 til bráða- birgða	1	Í tengslum við átaksverkefni ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins skal sameiningarnefnd, sem skipuð er af félagsmálaráðherra, undirbúa og leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga.
	2	Við gerð tillagna sinna skal nefndin hafa hliðsjón af landfræðilegum og félagslegum aðstæðum og sjónarmiðum hlutaðeigandi sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Tillögur skulu miða að því að hvert sveitarfélag verði heildstætt atvinnu- og þjónustuvæði.
	III - 1	Atkvæðagreiðsla um tillögur sameiningarnefndar skal fara fram 23. apríl 2005 í öllum sveitarfélögum sem tillögur varða.
	IV - 1	Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum samkvæmt tillögu sameiningarnefndar nema fleiri íbúar þess lýsi sig fylgjandi tillögunni í atkvæðagreiðslu en andvíga.
	2	Sameining sveitarfélaga telst samþykkt ef sameiningartillaga hlýtur samþykki íbúa í öllum sveitarfélögum sem tillagan varðar, sbr. 1. mgr., og tekur gildi 9. júní 2006 nema sveitarstjórnir ákveði aðra dagsetningu í samráði við ráðuneytið.

STAÐARDAGSKRÁ 21

Hlutverk sveitarstjórna á leiðinni til sjálfbærrar þróunar er tilgreint í 28. kafla framkvæmdaáætlunarinnar **Dagskrár 21** (Agenda 21) sem Ísland samþykkti í Rio de Janeiro árið 1992. Þar kemur fram að sveitarstjórnir gegni þýðingarmiklu hlutverki við að mennta og hvetja almenning á leið til sjálfbærrar þróunar. Sveitarstjórnnum er þannig ætlað að koma upp áætlun um sjálfbæra þróun samfélagsins á þessari öld, svokallaðri **Staðardagskrá 21** (Local Agenda 21). Áætlunina á að vinna í samráði við íbúa, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir á hverjum stað, enda er lögd áhersla á að Staðardagskrá 21 sé ekki aðeins áætlun sveitarstjórnarinnar heldur samfélagsins í heild. Í tengslum við mörg verkefni áætlunarinnar er hlutverk og frumkvæði sveitarfélaga þó mikilvægast. Þetta er ekki aðeins vegna þess að mörg verkefna heyra undir verksvið sveitarfélaga, heldur eru sveitarfélög það stjórnvald sem stendur næst íbúunum og á auðveldast með að koma á samstarfi og samráði við þá um hvernig eigi að breyta daglegu lífi til að stuðla að sjálfbærri þróun.

Verkefnið Staðardagskrá 21 fór formlega af stað á Íslandi haustið 1998. Þá gerðu Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfissráðuneytið með sér samstarfssamning um verkefni sem miðar að gerð umhverfisáætlana í sveitarfélögum. Í Staðardagskrá 21 á að koma fram lýsing á stöðu umhverfismála í sveitarfélaginu, markmiðssetning þess í umhverfismálum, og ákvarðanir um framkvæmdir á því sviði. Áætlunin á að snúast um umhverfismál í víðum skilningi þar sem tekið er tillit til náttúrufarslegra þátta, sem og efnahagslegra og félagslegra þátta. Hún á því í raun að vera heildaráætlun um þróun hvers samfélags til langs tíma titið. Mikilvægt er að fjalla ekki einungis um verkefni sem hægt er að leysa á næstu árum, heldur á einnig að hefja þær aðgerðir sem stuðla að því að samfélagið verði sjálfbært eftir 50 til 100 ár. Vinnu þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í Staðardagskrá 21 lýkur í raun aldrei þar sem áætlunin er í stöðugri endurskoðun í samræmi við breyttar áherslur framtíðarinnar.

Mikilvægt er fyrir einstök sveitarfélög að setja sér markmið um sjálfbæra þróun samfélagsins sem fellur vel að atvinnuháttum og öðrum aðstæðum í viðkomandi byggð. Virk þátttaka almennings er nauðsynleg til að árangur náist

í átt til sjálfbærrar þróunar. Hver einstaklingur hefur ábyrgð og getur stuðlað að bættu ástandi umhverfisins og þjóðfélagsmála með daglegum athöfnum og þátttöku í félagsstarfi. Stefnumörkun sem sett er fram í aðalskipulagsáætlun varðar í raun mörg málefni sem Staðardagskrá 21 er jafnframt ætlað að taka til. Í ljósi þess er tilvalið að þessar áætlanir séu unnar samhliða þar sem stefnumörkun þeirra er að miklu leyti sambærileg. Einnig má líta svo á að með þátttöku í Staðardagskrá 21 væri hægt að nýta þá áætlun til að framfylgja ýmsum stefnumálum aðalskipulagsins.

Staðardagskrá 21 er alþjóðleg viljayfirlýsing sem ekki felur í sér neinar laga-legalar skuldbindingar. Sveitarfélögum er því ekki skylt lögum samkvæmt að taka þátt í áætluninni; aftur á móti má segja að siðferðileg skylda þeirra til þátttöku sé mikil. Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisráðuneytið standa sameiginlega að verkefni til að aðstoða íslensk sveitarfélög við að koma sér upp Staðardagskrá 21 í samræmi við ályktanir heimsráðstefnu SP í Rio 1992. Rúmlega 50 íslensk sveitarfélög af 101 höfðu árið 2005 hafið þátttöku í Staðardagskrá 21, þar á meðal flest öll þau fjölmennustu.

Á vegum Umhverfisráðuneytis og Lónaðarráðuneytis var í apríl 2003 gerður samningur um verkefni sem tengjast innleiðingu Staðardagskrár 21 og sjálfbærrar byggðaþróunar í sveitarfélögum með færri en 500 íbúa. Öflugt starf fer fram undir merkjum Staðardagskrár í mörgum fjölmönum sveitarfélögum, en þörf hefur verið á að styðja við framkvæmd hennar í smærri sveitarfélögum, m.a. með ráðgjöf og þekkingarmiðlun. Ávinningur sveitarfélaganna er margþættur, þ.e. beinn efnahagslegur og samfélagslegur ávinningur, svo og betri nýting auðlinda.

Vorið 2004 ákvað sveitarstjórn Kjósarhrepps að sveitarfélagið skyldi vera þátttakandi í umræddu verkefni Staðardagskrá 21 fyrir minni sveitarfélög. Verkefnið er höndum UMÍS ehf. Environice sem annast verkefnisstjórn Staðardagskrár 21 á Íslandi. Kostnaður við verkefnið greiðist af fyrirnefndum ráðuneytum, en Samband íslenskra sveitarfélaga sér um fjárreiður verkefnisins.

Leggja skal áherslu á að samþætta stefnumörkun Staðardagskrár 21 og aðalskipulagsáætlunar eins og kostur er. Verkefni Staðardagskrár 21 eru mjög fjölbreytt og eiga samleið með mörgum málaflokkum aðalskipulagsins. Fjölmörg stefnumarkandi atriði sett fram í aðalskipulagi eiga því jafnt við verkefni Staðardagskrár 21.

VÆGI AÐALSKIPULAGS

LAGALEG ÁKVÆÐI

Á sveitarfélagsupprætti eru afmörkuð fjölmörg svæði sem hvert um sig er ætlað undir tiltekna landnotkun. Sé ekki getið um annað er önnur landnotkun en sú sem skilgreind er á tilteknu svæði ekki heimil nema að komi til viðeigandi breytinga á aðalskipulaginu. Bygging mannvirkja og aðrar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásjón þess skulu samkvæmt lögum vera í samræmi við aðal- og deiliskipulag.

Framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum skulu vera í samræmi við aðalskipulagsáætlun og ekki er heimilt að hefja slíkar framkvæmdir fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Séð skal til þess að aðeins þær framkvæmdir sem ekki brjóta í bága við aðalskipulagið sé veitt framkvæmdaleyfi. Leiki vafi á því hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi skal úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála skera úr um það.

Skipulagsmál geta verið viðkvæm og erfið í meðförum. Þrátt fyrir að eitt af hlutverkum Aðalskipulags Kjósarhrepps 2002-2014 sé að stuðla að skynsamlegri landnýtingu í þágu íbúa sveitarfélagsins, þá geta skipulagsáform gengið á eignarrétt einstaklinga. Slíkt getur gerst þegar hagsmunir heildarinnar stangast á við hagsmuni landeiganda. Því getur komið til þess að óhjákvæmilegt reynist að taka land eignarnámi eða skerða ráðstöfunarrétt landeiganda vegna fyrirhugaðs skipulags. Að fenginni umsógn Skipulagsstofnunar getur umhverfisráðherra veitt sveitarstjórn heimild til að taka fasteignir eða landsvæði eignarnámi ef nauðsyn þykir vegna áætlaðrar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi. Við gildistöku aðalskipulagsins öðlast sveitarstjórn einnig forkaupsrétt að fasteignum sem nauðsynlegt er að fá umráð yfir til þess að geta komið til teknum skipulagsáætlunum í framkvæmd.

Að neðan eru útvaldar málsgreinar úr **skipulags- og byggingarlögum (73/1997)** sem varða skipulagsmál og taka ber mið af við framfylgd aðalskipulagsáætlunar; þar sem upptalning er ekki tæmandi er að öðru leyti vísað til laganna í heild sinni.

GR MGR SKIPULAGS- OG BYGGINGARLÖG - 73/1997

GR	MGR	SKIPULAGS- OG BYGGINGARLÖG - 73/1997
9	1	Landið allt er skipulagsskyt. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásjón þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. ákvæði 43. gr. Þessara laga um veitingu byggingarleyfis og ákvæði 27. gr. um veitingu framkvæmdaleyfis.
27	1	Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásjón þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla slíks leyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi skv. IV. kafla.
31	1	Við gildistöku skipulags samkvæmt lögum þessum eignast sveitarstjórn forkaupsrétt að fasteignum sem henni er nauðsynlegt að fá umráð yfir til þess að framkvæma skipulag.
	2	Sveitarstjórn getur áskilið sér sérstakan forkaupsrétt að tilteknum fasteignum sem ekki falla undir 1. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir áætlaðri þróun sveitarfélagsins. Samþykkt sveitarstjórnar um slíkan forkaupsrétt skal hljóta staðfestingu ráðherra og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.
32	1	Ráðherra getur að fenginni umsógn Skipulagsstofnunar veitt sveitarstjórn heimild til að taka eignarnámi landsvæði, fasteignir og efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku innan sveitarfélagsins ef nauðsyn ber til vegna áætlaðrar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.
	3	Eignarnám er því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

- 43 1 Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.
- 2 Framkvæmdir skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.
- 56 1 Ef framkvæmd, sem fellur undir 27. gr. eða undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, hún byggð á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en sveitarstjórn hefur heimilað getur skipulagsfulltrúi/byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir tafarlaust. Sé um framkvæmdaleyfisskylda framkvæmd að ræða leitar skipulagsfulltrúi staðfestingar sveitarstjórnar. Sé um byggingarleyfisskylda framkvæmd að ræða leitar byggingarfulltrúi staðfestingar byggingarnefndar svo fljótt sem við verður komið.
- 2 Ef byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni og hún brýtur í bága við skipulag eða framkvæmd er hafin með byggingarleyfi sem brýtur í bága við skipulag ber byggingarfulltrúa að stöðva framkvæmdir tafarlaust og síðan skal hin ólöglega bygging, eða byggingarhluti, fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt.
- 3 Hafi mannvirki, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, verið reist án samþykkis sveitarstjórnar og hún látið hjá líða að fjarlægja það innan sex mánaða frá því að henni var kunnugt um málið skal Skipulagsstofnun láta fjarlægja mannvirkið á kostnað sveitarfélags.
- 4 Óheimilt er að breyta skipulagi svæðis þar sem framkvæmt hefur verið í ósamræmi við skipulag fyrir en hin ólöglega bygging, eða byggingarhluti, hefur verið fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt.

UPPLÝSINGALEGT GILDI

Í Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017 eru staðfest stefnumótandi atriði sem eiga að nýtast sveitarstjórn við áætlunargerð og ákvarðanatöku. Aðalskipulagsáætlun getur í senn nýst sveitarstjórn sem viðmiðun um **hvað, hvar, hvernig og hvenær** eigi að framkvæma tiltekin skipulagsatriði. Skipulagsáætlun tekur á þessum atriðum eins og við á hverju sinni. Aðalskipulagið á því að nýtast sveitarstjórn sem mikilvægt stjórnæki við áætlanagerð.

Samræmi skal vera á milli aðalskipulags og þess deiliskipulags sem gert verður hér eftir innan sveitarfélagsins. Í deiliskipulagi eru útfærð nánar ákvæði aðalskipulagsáætlunar um viðkomandi svæði. Aðalskipulagið er því nauðsynleg viðmiðun skipulags- og byggingarnefnda við afgreiðslu umsókna um deiliskipulag, svo og afgreiðslu umsókna um bygginga- og framkvæmdaleyfi.

Aðalskipulag getur einnig nýst fleirum en sveitarstjórnarmönnum og skipulags- og byggingarnefndum hlutaðeigandi sveitarfélags. Framkvæmdaraðilar, fyrirtæki og stofnanir, innan sem utan sveitar, geta hugsanlega fundið upplýsingar og heimildir sem leitað er eftir. Aðalskipulagið ætti þó ekki síst að hafa heimilda- og upplýsingalegt gildi fyrir íbúa og landeigendur í sveitarfélaginu.

FRAMFYLGD STEFNUMÖRKUNAR

Stefnumörkun aðalskipulags er af ýmsum toga og eðlilegt er að ólíkum leiðum sé beitt til þess að framfylgja henni. Dæmi um aðferðir eru eftirfarandi:

- Forgangsráða framkvæmdum í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins
- Mynda starfshópa um einstök verkefni
- Útbúa sérstakar verkáætlanir og verklagsreglur
- Styðjast við þar til gerða gátlista
- Nýta Staðardagskrá 21 til framfylgdar stefnumörkunar
- Gerð deiliskipulags
- Styðjast við bygginga- og framkvæmdaleyfi
- Taka mið af laga- og reglugerðargreinum sem varða aðalskipulagsáætlun

Í sumum tilfellum gæti dugað að beita einni aðferðanna til að framfylgja tilteknu stefnumáli; í öðrum er ef til vill heppilegra að stuðst sé við fleiri en eina aðferð.

FERLI SKIPULAGSVINNU

KYNNING OG SAMRÁÐ

Við aðalskipulagsvinnu Kjósarhrepps var leitast við að marka stefnu skipulagstillögu í samráði við hagsmunaaðila. Hagsmunaaðilum má í aðalatriðum skipta í eftirtalda hópa: **sveitarstjórn Kjósarhrepps, fasteigna- og landeigendur, íbúa, félagasamtök, og stofnanir sem umsjón hafa með tilteknum málaflokkum.**

Hagsmunaaðilar voru upplýstir um skipulagsvinnuna með ýmsum hætti. Kynningarbréf voru send til fjölmargra stofnana; tvö dreifibréf voru send á öll lögbýli Kjósarhrepps (ágúst 2003 og júlí 2004); opið hús var hjá Landlínum allan þann tíma sem skipulagsvinna stóð yfir; opið hús var í Félagsgarði 25. ágúst 2004; heimasíða Landlína var nýtt við skipulagsvinnu; tveir almennir kynningarfundir voru haldnir, sá fyrri 10. mars 2005 og sá síðari 6. apríl 2006. Auk þess voru haldnir fjöldi annarra funda með sveitarstjórnarmönnum og öðrum hagsmunaaðilum.

Leitað var umsagna eftirtalinna aðila á skipulagstillögu áður en sveitarstjórn Kjósarhrepps tók hana til formlegrar afgreiðslu:

Bláskógabyggð
Flugmálastjórn Íslands
Fornleifavernd ríkisins
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
Hvalfjarðarstrandarhreppur
Landbúnaðarráðuneytið
Landgræðsla ríkisins
Reykjavíkurborg
Siglingastofnun Íslands
Skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps
Skipulagsnefnd kirkjugarða
Skipulagsstofnun
Skógrækt ríkisins
Umhverfisstofnun
Veðurstofa Íslands
Vegagerðin
Vesturlandsskógar

Umsagnir bárust frá öllum fyrrgreindum aðilum að undanskildum sveitarfélögum Bláskógarbyggð og Hvalfjarðarstrandarhreppi. Skipulagstillögu var breytt með hliðsjón af ábendingu og athugasemdum umsagnaraðila eins og kostur var.

AUGLÝSING OG AFGREIÐSLA

Fyrri umræða sveitarstjórnar Kjósarhrepps um skipulagstillögu fór fram 18. apríl 2006 og var aðalskipulagstillaga send til athugunar til Skipulagsstofnunar í kjölfarið. Skipulagsstofnun heimilaði, skv. **18. gr. skipulags- og byggingarlaga**, auglýsingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps, með bréfi dags. 19. maí 2006, ef samkomulag næðist við sveitarstjórn um tilteknar breytingar á framsetningu skipulagstillögunar þannig að hún fullnægði settum kröfum um aðalskipulag. Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 27. maí 2006 var mynduð ný sveitarstjórn í Kjósarhreppi. Fyrri umræða nýrrar sveitarstjórnar um skipulagstillögu fór fram þann 5. október 2006. Sveitarstjórn tók tillit til flestra þeirra athugasemda sem Skipulagsstofnunar hafði gert í fyrrgreindu bréfi (19.05.2006). Þær athugasemdir Skipulagsstofnunar sem sveitarstjórn gat ekki orðið við voru sýndar með aðalskipulagstillögu við auglýsingu þess.

Í júní 2006 tóku í gildi **lög um umhverfismat áætlana (105/2006)**. Umhverfissráðherra féllst á undanþágu á umhverfismati Aðalskipulags Kjósarhrepps 2005-2017, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um umhverfismat áætlana, á þeim forsendum að aðalskipulagsvinnu Kjósarhrepps hafi verið nær lokið við gildistöku laganna.

Tillaga að Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017 var auglýst á tímabilinu 26. febrúar 2007 til 26. mars 2007. Frestur til að gera athugasemdir rann út 10. apríl 2007. Á auglýsingartíma bárust tvær athugasemdir við skipulagstillögu frá landeigendum jarðanna Möðruvalla og Eyrarkots sem tekið var tillit til; þær breytingar sem gerðar voru á auglýstri tillögu vegna athugasemda eru eftirfarandi:

- Reiðleið sem skilgreind er vestast í landi Möðruvalla var hliðrað til.
- Efnistökusvæði sem skilgreint var í landi Eyrarkoti er skilgreint í landi Eyrar.

Aðalskipulag Kjósarhrepps 2005-2017 var samþykkt með fyrrgreindum breytingum, af sveitarstjórn Kjósarhrepps þann 12. apríl 2007.

ENDURMAT OG BREYTINGAR

Að loknum sveitarstjórnarkosningum á fjögurra ára fresti skal sveitarstjórn meta hvort nauðsynlegt sé að yfirfara og endurmeta gildandi aðalskipulagsáætlun. Meðal þess sem meta þarf er hvort skipulagsforsendur hafi breyst, hvort áætlun um landþörf hafi staðist, og hvort markmið sem stefnt var að hafi náðst og hvað þarf að gera til að stuðla betur að framkvæmd þeirra.

Ef sveitarstjórn telur breytinga þörf á staðfestu aðalskipulagi skal fylgja ákveðinni málsmeðferð. Um tvenns konar málsmeðferðir er að ræða og fer það eftir því hvort breytingar á skipulagsáætlun eru taldar **verulegar** eða **óverulegar** hvor málsferðin er farin.

Séu breytingar á aðalskipulagi **verulegar** fer málsmeðferð fram eins og um nýtt aðalskipulag sé að ræða. Þegar breytingartillaga liggur fyrir skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun breytta aðalskipulagstillögu til athugunar. Ef Skipulagsstofnun fellst á tillöguna ber sveitarstjórn að auglýsa hana óbreytta og gefa almenningi færi á að gera athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar. Að lokinni meðferð á athugasemdum, ef einhverjar koma fram, er aðalskipulagstillagan samþykkt af sveitarstjórn og send Skipulagsstofnun til meðferðar. Skipulagsstofnun gerir tillögu til umhverfissráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins, synjun þess, eða frestun á staðfestingu að hluta eða að öllu leyti.

Séu breytingar á aðalskipulagi **óverulegar** skal sveitarstjórn senda rökstudda breytingartillögu til Skipulagsstofnunar. Í tillögunni á að koma fram yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún muni bæta aðilum það tjón sem þeir kunna að verða fyrir vegna breytingarinnar. Eftir umfjöllun Skipulagsstofnunar sendir stofnunin tillöguna áfram til umhverfissráðherra ásamt umsögn um hana. Fallist ráðherra á breytingar á aðalskipulagi ber sveitarstjórn að auglýsa tillöguna og almenningi gert kleift að koma með athugasemdir við hana. Að lokinni meðferð á athugasemdum, ef einhverjar koma fram, er aðalskipulagstillagan samþykkt af sveitarstjórn og send til ráðherra til staðfestingar.

HEIMILDIR

RITAÐAR HEIMILDIR

Átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins – Tillögur nefndar um sameiningu sveitarfélaga: Félagsmálaráðuneytið; september 2004

Ferðaþjónusta bænda - Sóknarfæri í sveitum: Landbúnaðarráðuneytið; desember 2001

Fjarskiptaáætlun 2005-2010: Samgönguráðuneytið; 2005

Flokkun vatna á Kjósarsvæði: Háskólasetrið í Hveragerði; júlí 2004

Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi: Umhverfissráðuneytið; nóvember 2001

Hagkvæm umhverfisvernd: Umhverfissráðuneytið; 1996

Hagtölur 2004: Hagstofa Íslands - www.hagstofa.is

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis – Ársskýrsla ársins 2003: Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis; 2003

Iðnaðarsvæðið á Grundartanga og umhverfis þess – Niðurstöður umhverfisvöktunar: Hönnun; mars 2003

Jarðaskrá 2005: Landbúnaðarráðuneytið; desember 2005

Jarðvegsrof á Íslandi: Landgræðsla ríkisins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins; febrúar 1997

Landgræðsluáætlun 2003-2014: Alþingi; apríl 2002

Landnýting á Íslandi og forsendur fyrir landnýtingaráætlun: Landbúnaðarráðuneytið; maí 1986

Langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018: Vegagerðin; júní 2004

Lagasafn: Alþingi - www.althingi.is

Leiðbeiningar um gerð og uppbyggingu reiðvega: Landssamband hestamannafélaga og Vegagerðin; mars 2003

Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags - Ferli og aðferðir: Skipulagsstofnun; nóvember 2003

Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir: Umhverfisstofnun; janúar 2004

Leiðbeiningar um skipulagsmál: Skipulagsstofnun - www.skipulag.is

Losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum: Samgönguráðuneytið og Vegagerðin; maí 2002

Kjósir - Sveitin okkar: Kjósarhreppur - www.kjos.is

Meningartengd ferðaþjónusta: Samgönguráðuneytið; ágúst 2001

Námur - Efnistaka og frágangur: Náttúruvernd ríkisins, Vegagerðin, o.fl.; apríl 2002

Námuskrá: Vegagerðin; 2005

Náttúruverndaráætlun 2004-2008 - Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar: Umhverfisstofnun; 2003

Náttúruminjaskrá - Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar - 7. útgáfa: Náttúruverndarráð; 1996

Reglugerðasafn: Stjórnarráð Íslands - www.reglugerd.is

Samgönguáætlun 2003-2014 - Tillaga stýrihóps: Ferðamálaráð Íslands, Flugmálástjórn, Siglingastofnun, Vegagerðin; desember 2001

Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi: Umhverfissráðuneytið; júlí 1998

Skipulagsuppráttaskrá: Skipulagsstofnun; febrúar 2004

Staðardagskrá 21: Samband íslenskra sveitarfélaga - www.samband.is

Starfsreglur um góða búskaparhætti: Umhverfissráðuneytið; ágúst 2002

Stefnumörkun íslenskrar ferðaþjónustu - Markaðsáætlun: Samgönguráðuneytið; júní 1997

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024: nes Planners; desember 2002

Tillaga að stefnumótun Vegagerðarinnar í umferðaröryggismálum: Vegagerðin; júlí 2001

Umhverfisáætlanir sveitarfélaga: Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfissráðuneytið; mars 1998

Umhverfisvísar: Umhverfisstofnun; mars 2004

Úttekt á stöðu fráveitumála á Íslandi - Fjárförf til framkvæmda: Fráveitunefnd Umhverfissráðuneytis; febrúar 2003

Val og hönnun minni vatnsveitna: Hollustuvernd ríkisins – Matvælasvið; september 2002

Vegaskrá 2004: Vegagerðin - www.vegagerdin.is

Vegáætlun 2003-2006: Vegagerðin - www.vegagerdin.is

Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Stefnumörkun til 2020: Umhverfissráðuneytið; ágúst 2002

Þjóðvegir og búfé: Landbúnaðarráðuneytið; 2001

Þættir um nágrenni Reykjavíkur: Árbók Ferðafélags Íslands; 1985

MYNDRÆN GÖGN

Deiliskipulög og afstöðumyndir (tölvutækt og prentað): Byggingarfulltrúi Kjósarhrepps, Kjósarhreppur, Landmótun, Arkþing, ARKÍS, o.fl.

Grunnteikning Kjósarhrepps (tölvutækt - vektorgögn): Landlínur ehf; 2003

Hnitfestar loftmyndir - lágflugsm myndir (tölvutækt - rastergögn): Loftmyndir ehf; 1997

Jarðamörk (tölvutækt - vektorgögn): Rannsóknarstofnun landbúnaðarins; 2004

Ljósmyndir (tölvutækt - rastergögn): Landlínur - Þórður Þórðarson; 2004

Sveitarfélagsmörk (tölvutækt - vektorgögn): Landmælingar Íslands

Uppdrættir Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 (prentað):
nes Planners; 2002

Vegstæði (tölvutækt - vektorgögn): Vegagerðin; 2004

Veitulagnir (prentað og tölvutækt): Síminn, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur,
Rafmagnsveitur ríkisins

Örnefni-DMA kort- 1:50.000: Landmælingar Íslands; 1977-1990

VIÐMÆLENDUR

Bændasamtök Íslands: Guðlaug Eypórsdóttir, Ómar S. Jónsson

Environice: Arnheiður Hjörleifsdóttir

Fasteignamat ríkisins: Sigurjón Friðjónsson

Flugmálastjórn Íslands: Hermann Hermannsson

Fornleifastofnun Íslands: Elín Ó. Hreiðarsdóttir

Fornleifavernd ríkisins: Agnes Stefánsdóttir

Hagstofa Íslands: Svava Guðjónsdóttir

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis: Þorsteinn Narfason

Íslenskar orkurannsóknir: Árni Hjartarson, Kristján Sæmundsson

Kjósarhreppur: Sveitarstjórn, landeigendur, ábúendur

Landbúnaðarráðuneytið: Jóhanna Lind Elíasdóttir

Landgræðsla ríkisins: Björn H. Barkarson

Landsvirkjun: Hildur Hrólfsdóttir

Orkuveita Reykjavíkur: Guðjón Magnússon, Hannes F. Sigurðsson

Rafmagnsveitur ríkisins: Ásgeir G. Jónsson

Rannsóknarstofnun landbúnaðarins: Fanney Gísladóttir, Sigmar Metúsalemsson

Síminn: Auður E. Kjartansdóttir, Karl Þorsteinsson, Valdimar Axelsson

Skipulagsstofnun: Birna Björk Árnadóttir, Matthildur K. Elmarsdóttir

Skipulagsfulltrúi Kjósarhrepps: Jón E. Guðmundsson, Ólafur I. Halldórsson

Umhverfisstofnun: Guðríður Þorvarðardóttir

Vegagerðin: Hersir Gíslason, Hilmar Finnsson, Jónas Snæbjörnsson

Vesturlandsskógar: Guðmundur Sigurðsson, Sigvaldi Ásgeirsson

VIÐAUKI

LAGA- OG REGLUGERÐARGREINAR

Í kaflanum "skipulagsáætlun" voru teknir fyrir þeir landnotkunarflokkar sem skilgreindir eru í **skipulagsreglugerð (400/1998)**. Meðfylgjandi eru útvaldar málsgreinar laga og reglugerða viðkomandi landnotkunarflokkunum.

ÍBÚÐARSVÆÐI

GR	MGR	LÖG UM NÁTTÚRUVERND - 44/1999
34	1	Meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásjón þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
35	1	Við hönnun vega og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.
GR	MGR	ÞJÓÐMINJALÖG - 107/2001
10	1	Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
GR	MGR	VEGALÖG - 45/1994
29	1	Vegir skulu lagðir í samræmi við skipulag. Við gerð skipulags skal haft samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá.
30	1	Óheimilt er að tengja vegi og götur þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar.
33	1	Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlinu stofnvega og 15 m frá miðlinu annarra þjóðvega.
GR	MGR	SKIPULAGSREGLUGERÐ - 400/1998
1.2	2	Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásjón þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. ákvæði skipulags- og byggingarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim.
4.2.2	3	Í deiliskipulagi íbúðarsvæða skal gera grein fyrir fjölda íbúða, húsagerð og notkun einstakra bygginga og byggingarhluta sem ekki eru ætluð til íbúðar. Einnig skal þar gera grein fyrir trjágróðri, leiksvæðum, bílastæðum og öðru sem þurfa þykir.
	4	Við deiliskipulagningu íbúðarsvæða skal þess jafnan gætt að í íbúðum og á lóðum íbúðarhúsa sé sem best hægt að njóta sólar, útsýnis, skjóls og friðsældar. Skipulagningu íbúðarsvæða skal jafnan hagað þannig að sem minnst umferð verði um húsagötur og að gönguleiðir barna að leiksvæðum, leikskólum og skólum séu öruggar. Íbúðarhúsum skal valinn staður með tilliti til þess að íbúar eigi greiðan og öruggan aðgang að lóðum þeirra.
4.15.2	2	Í deiliskipulagi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.
4.16.2	7	Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m.
GR	MGR	BYGGINGARREGLUGERÐ - 400/1998
11	1	Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því að innan eða utan, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir ákvæði reglugerðar þessarar nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.
62	3	Við skipulag lóða skal leitast við að nýta þá kosti sem náttúra svæðisins býður upp á hverjum stað og fram koma í deiliskipulagi. Einnig skal metið gildi trjágróðurs sem fyrir er á lóð og reynt að fella hann að þörfum viðkomandi lóðar.
	4	Óheimilt er að breyta notkun lóða frá því sem upphaflega var áætlað, nema með samþykki byggingarnefndar.

103	1	Einbýlishús og önnur sérbýlishús skulu vera þannig hönnuð og byggð að þau henti vel til þeirra nota sem þeim er ætlað, séu vönduð og hagkvæm m.t.t. öryggis, heilbrigðis, aðgengis og afnota allra, svo og til reksturs og viðhalds. Þess skal gætt að hús falli vel að landi, íbúðir hafi eðlileg tengsl við útivistarsvæði á lóð og staðsetning vistarvera taki mið af birtu og útsýni.
	2	Í lita- og efnisvali og formmyndun skal leitast við að ná fram samræmi á milli hússins og umhverfis þess.
118	1	Hús og önnur mannvirki skulu jafnan gerð úr haldgöðum og hentugum byggingar-efnum, sem þola íslenskt veðurfar og þá áraun sem ætla má að húsið eða mannvirkið verði fyrir. Enn fremur skal tryggt að framkvæmdir séu með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti.
169	1	Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð þannig að heilsu manna sé ekki stefnt í hættu, m.a. vegna hita og raka, hávaða, fráveitu skólps, reyks, fasts eða fljótandi úrgangs, mengunar í lofti, jarðvegi, vatni, gasleka eða geislunar.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM HOLLUSTUHÆTTI – 941/2002
23	1	Íbúðarhúsnæði skal ekki vera á þynningarsvæði samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þeirrar starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali I með lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
24	4	Óheimilt er að hafa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannabústöðum, matvæla-fyrirtækjum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsinns en sem nemur 500 metrum. Á sama hátt skal vera hæfileg fjarlægð milli mannabústaða og matvælafyrirtækja annars vegar og starfsemi sem valdið getur samsvarandi óþægindum eins og sú sem talin er upp í 1. m.l. hins vegar s.s. annað búfjárhald og mengandi atvinnustarfsemi.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM HÆTTUMAT VEGNA OFANFLÓÐA, FLOKKUN OG NÝTINGU HÆTTUSVÆÐA OG GERÐ BRÁÐABIRGÐAHÆTTUMATS
15	3	Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg.

SAMGÖNGUR

GR	MGR	VEGALÖG – 45/1994
29	1	Vegir skulu lagðir í samræmi við skipulag. Við gerð skipulags skal haft samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá.
30	1	Óheimilt er að tengja vegi og götur þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar.
33	1	Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.
	2	Loftlínur má ekki strengja yfir veg nema lægsti hluti línu sé a.m.k. 5 m frá yfirborði vegar.
34	1	Vegagerðin getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skv. 33. gr. skuli aukin. Enn fremur getur Vegagerðin leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
35	1	Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi Vegagerðarinnar við vegamót á svæði sem takmarkast af beinum línnum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Vegagerðin getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.
36	1	Óheimilt er að grafa framræsluskurði, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu tengivegar og 30 m frá miðlínu stofnvegar. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi Vegagerðarinnar.
37	1	Nú er vegur lagður gegnum tún, ræktunarland, engjar eða girt beitoland og skal þá veghaldari girða báðum megin vegarins eða leggja til ristarlíð ásamt grindarlíði ef hann telur það hentugra. Sama gildir ef girðing er lögð umhverfis slík lönd er vegur liggur um. Veghaldara er heimilt að girða með vegum sínum þótt þess sé ekki krafist af landeiganda. Skal veghaldara þá skylt að setja hlíð að minnsta kosti á einum stað á slíka girðingu.
45	1	Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni enda komi fullar bætur fyrir.
	3	Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við veghald og græða upp sár sem myndast á grónu landi við vegaf framkvæmdir.

56 1 Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð.

GR MGR LÖG UM NÁTTÚRUVERND - 44/1999

12 1 Almenningi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi.

13 1 Á ferð sinni um landið skulu menn sýna landeiganda og öðrum rétt höfum lands fulla tillitssemi, virða hagsmunum þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, þar á meðal skógræktar og landgræðslu, og fylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum varðandi ferð og umgengni um landið.

2 Fara skal eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum og vegum eftir því sem auðið er, hliða girðingum, fara um hlið eða göngustíga þegar þess er kostur og ef farið er um lokuð hlið skal loka þeim eftir að gengið hefur verið um þau. Sérstök aðgát skal höfð í nánd við búsmala, selalátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði.

14 1 Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða rétt hafa, að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélknúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dveljast þar. Á eignarlandi í byggð er eiganda eða rétt hafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustíga umferð manna og dvöl á afgirtu óræktuðu landi.

16 1 Þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er.

3 Heimilt er mönnum, að fengnu leyfi eiganda eða rétt hafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðhöldum eða næturhólfum, enda valdi það ekki spjöllum á náttúru landsins. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur.

17 1 Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum, svo og á snjó utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin.

22 1 Þegar skipulagðar eru hópferðir í atvinnuskyni um eignarlönd skal hafa samráð við eiganda lands eða rétt hafa um umferð manna og dvöl á landi hans.

23 1 Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Þegar girða á yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólréiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu eða göngustíga.

35 1 Við hönnun vega skal þess gætt að þeir falli sem best að svipmóti lands.

70 1 Til stuðnings við útvist geta sveitarfélög, Umhverfisstofnun eða náttúruverndarnefndir gengist fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngu-brýr, hlið og göngustíga og afmarkað tjaldsvæði og gert annað það er þurfa þykir í þessu skyni.

2 Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki eigenda eða rétt hafa lands.

VIÐAUKI LÖG UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM - 106/2000

1 FRAMKVÆMDIR SEM ÁVALLT ERU HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

- Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri.

- Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.

2 FRAMKVÆMDIR SEM KUNNA AÐ VERA HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

- Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúru-minjaskrá.

GR MGR SKIPULAGSREGLUGERÐ - 400/1998

4.16.2 7 Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m.

VEITUR

GR MGR LÖG UM RANNSÓKNIR OG NÝTINGU Á AUÐLINDUM Í JÖRÐU - 57/1998

10 1 Landeiganda er heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 3.5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa.

13 1 Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu.

- 14 1 Landeiganda er heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa.
- 15 1 Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna grunnvatns innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er þar.
- 17 1 Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.
- 24 1 Óheimilt er að spilla grunnvatni hvort sem það er með ofaniburði, framræslu eða með öðrum hætti.

GR MGR ORKULÖG - 58/1967

- 30 1 Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi, með þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða, til þess að starfrækja hitaveitur, sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði, frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Þeir aðilar, sem nú hafa einkaleyfi til að starfrækja hitaveitu, skulu halda þeim rétti.
- 34 1 Jarðeigendur, sem eiga land, þar sem leiðslur hitaveitu sveitarfélags verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur í hlutaðeigandi umdæmi eru skyldir til að láta af hendi land, landsafnot og mannvirki, sem þarf til þess að veita megi vatninu um veitusvæðið.

GR MGR VATNALÖG - 15/1923

- 13 1 Skylt er mönnum að ganga svo frá brunnum og öðrum vatnsgeymum, að mönnum, skepnum og landi annarra manna stafi eigi hætta af.
- 17 1 Eiganda landareignar, er vatnsréttindi fylgja, er rétt að veita til sín vatni, sem um hana rennur eða á henni er, um föst veitutæki til heimilis- og búsparfa á eigninni eða til iðnaðar og iðju, sem á henni er rekin.

GR MGR RAFORKULÖG - 65/2003

- 4 1 Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka raforkuver. Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW en skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu slíkra raforkuvera ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkuferfi.
- 5 2 Ráðherra getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkuferfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa. Öll skilyrði skulu tilgreind í reglugerð.
- 21 1 Landeiganda og umráðamanni lands er skylt að veita vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á ef nauðsyn krefur vegna undirbúnings að starfsemi samkvæmt lögum þessum. Ekki má hefja virkjunarframkvæmdir, leggja raflinur eða reisa önnur mannvirki á grundvelli leyfa samkvæmt lögum þessum fyrir en náðst hefur samkomulag um endurgjald fyrir landnot eða nýtingu auðlindar eða eignarnám hefur farið fram og umráðataka samkvæmt því.
- 2 Við afnot og nýtingu lands samkvæmt lögum þessum ber að gæta þess að framkvæmdir stofni hvorki mönnum, munum né búpeningum í hættu eða valdi þeim skaða. Jafnframt skal þess gætt að ekki sé valdið óþarfa mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang svæðis ef nýting leggst af.

VIÐAUKI LÖG UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM - 106/2000

- 1 FRAMKVÆMDIR SEM ÁVALLT ERU HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM
- Kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir m³ eða meira.
- 2 FRAMKVÆMDIR SEM KUNNA AÐ VERA HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM
- Vatnsleiðslur utan þéttbýlis 10 km eða lengri og grafnar niður.
- Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns.
- Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu með 2 MW uppsett rafafli eða meira.

GR MGR BYGGINGARREGLUGERÐ - 400/1998

- 188 1 Lagnir skulu þannig hannaðar og fyrir komið að notagildi þeirra sé tryggt og að uppfylltar séu allar kröfur um öryggi og hollustuhætti. Lagnakerfi skulu anna fyrirhuguðum afköstum og þola það ytra og innra álag sem vænta má að þau verði fyrir á endingartíma þeirra.
- 2 Efni sem notuð eru í lagnir skulu standast þau efnaáhrif sem vænta má að þau verði fyrir. Þau mega ekki gefa frá sér hættuleg efni. Eitruð og heilsuskaðleg efni mega ekki berast frá lagnakerfum eða með lögnum til ytra eða innra umhverfis.

- 196 8 Fráveitulagnir skulu hafa hæfilegan halla svo þær séu sjálfhreinsandi.
- 11 Fráveitulagnir sem eingöngu flytja skólp, skulu stærðarákvarðaðar og gerðar þannig að þær geti flutt burt allt aðstreymandi skólp jafnóðum svo að hvergi verði vatns-
uppistöður eða önnur rennslistruflun.
- 14 Fráveitukerfi skulu búin viðeigandi skiljum til aðskilnaðar á óæskilegum efnum eftir því sem við á.

GR MGR REGLUGERÐ UM FRÁVEITUR OG SKÓLP - 798/1999

- 5 2 Heilbrigðisnefnd skal vinna að því að koma í veg fyrir og draga úr óhreinun vatns, sjávar og stranda af völdum hvers konar fráveituvatns í umdæminu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir óhollustu, náttúruspjöll og óþægindi.
- 4 Óheimilt er að láta hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða önnur mengandi efni í fráveitur íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Með slíkan úrgang fer samkvæmt reglugerð um spilliefni.
- 7 1 Skólp skal hreinsa með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka nema kveðið sé á um annað í reglugerð þessari.
- 2 Skólp skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða, sbr. II. viðauka A.
- 3 Skólp skal hreinsa með a.m.k. eins þreps hreinsun eða sambærilegri hreinsun verði viðtaki skilgreindur sem síður viðkvæmur, sbr. viðmiðanir í II. viðauka B.
- 4 Hreinsað skólp skal endurnýtt ef kostur er.
- 9 2 Öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. uppfyllt. Óheimilt er að leiða skólp þannig að frárennslisop opnist til hafna.
- 13 1 Á öllum þéttbýlisstöðum, þéttbýlisvæðum, og eftir atvikum þyrpingu frístundahúsa, skóla og ferðaþjónustumiðstöðva, skal vera fráveita. Þegar fráveita er lögð skal fara eftir kröfum sem gilda um hreinsun skólps.
- 2 Fráveituvatn einstakra húsa, þ.m.t. íbúðarhús lögbýla, frístundahúsa og fjallaskála sem ekki verður veitt í fráveitur, skal veitt um rotþró og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum sem Hollustuvernd ríkisins gefur út og fyrir mælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað.
- 3 Þar sem skólpi og öðru fráveituvatni verður ekki veitt í almenna fráveitu, t.d. frá frístundahúsum, skal veita því eftir vatnsheldum holræsnum í rotþrær og skal afla fyrir mæla og leyfis heilbrigðisnefnda hverju sinni.
- 20 3 Sveitarstjórnir skulu senda tillögur að skilgreiningu viðtaka sem er síður viðkvæmur ásamt fullnægjandi gögnum til Umhverfisstofnunar.

II. Viðauki VIÐMIÐANIR UM HVADA SVÆÐI SKULI TALIN VIÐKVÆM Eða SIÐUR VIÐKVÆMA. Viðkvæm svæði.

Vatnsumhverfi skal teljast viðkvæmt svæði ef hægt er að flokka það sem hér segir:

a) stöðuvötn mynduð af náttúrunnar hendi, annað yfirborðsvatn, ármynni og strandsjór þar sem næringarefnaauðgun hefur orðið eða kann að verða í náinni framtíð ef ekki er gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana.

b) ferskt yfirborðsvatn sem nýta á til drykkjar og kann að hafa meiri köfnunarefnisstyrk en kveðið er á um í reglugerð um neysluvatn.

c) svæði þar sem þörf er á frekari hreinsun en mælt er fyrir um í 21. gr.

B. Síður viðkvæm svæði.

Sjór eða hafsvæði getur talist síður viðkvæmt svæði ef losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu.

Eftirtalda þætti skal taka til athugunar þegar síður viðkvæm svæði eru tilgreind:

Opna flóa, ármynni og annan strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hættu á ofnæringu eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofnæring eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólps frá þéttbýli.

GR MGR REGLUGERÐ UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS - 737/2003

- 6 4 Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að komið sé á kerfisbundinni tæmingu á seyru úr rotþró og úrgangi úr öðrum hreinsivirkjum þar sem til fellur lífrænn, mengandi eða sóttmengaður úrgangur, sbr. þó 4. mgr. 18. gr. og ákvæði einstakra starfsleyfa.

GR MGR REGLUGERÐ UM MEÐHÖNDLUN SEYRU - 799/1999

- 5 2 Meðhöndlun seyru er starfsleyfisskyld. Við vinnslu starfsleyfis skal heilbrigðisnefnd leita umsagnar landeiganda þess lands sem nota á seyruna á og aðfangaefirlits ef við á.

- | | | |
|---|---|---|
| 6 | 1 | Óheimilt er að losa seyru í yfirborðsvatn. |
| | 2 | Seyru sem fellur til við meðhöndlun og hreinsun skólps skal nýta ef kostur er. |
| | 3 | Seyru skal fargað á þann hátt að umhverfið verði ekki fyrir skaða af völdum hennar og í samræmi við aðrar reglugerðir þar að lútandi. |
-

SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

GR MGR BYGGINGARREGLUGERÐ – 400/1998

- | | | |
|-----|---|--|
| 199 | 4 | Aðkoma að opinberum stofnunum og byggingum ætluðum almenningi, s.s. skólum, kirkjum, bókasöfnum, sundlaugum o.s.frv., skal vera þannig að unnt sé fyrir fólk í hjólastól að komast þar inn og út hjálparlaust. |
|-----|---|--|
-

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

GR MGR BYGGINGARREGLUGERÐ – 400/1998

- | | | |
|-----|---|---|
| 108 | 1 | Verslunarhúsnæði skal þannig byggt og hannað að það henti vel til þeirra nota sem því er ætlað, auðvelt sé að breyta innra fyrirkomulagi, það sé vandað og hagkvæmt m.t.t. öryggis, heilbrigðis, aðgengis og afnota allra, svo og til reksturs og viðhalds. Þess skal gætt að hús falli vel að lóð, aðkomu og bílastæðum. Flutningsleiðir fyrir aðföng og úrgang séu greiðar. |
|-----|---|---|
-

LANDBÚNAÐARSVÆÐI

GR MGR SKIPULAGS- OG BYGGINGARLÖG – 73/1997

- | | | |
|----|---|--|
| 30 | 1 | Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til. |
|----|---|--|
-

GR MGR JARÐALÖG – 81/2004

- | | | |
|----|---|--|
| 5 | 1 | Land sem við gildistöku þessara laga er nýtt eða nýtanlegt til landbúnaðar, þar með taldir afréttir, almenningar, þjóðlendur, eyðijarðir, landspildur og lóðir, má ekki taka til annarra nota, nema heimild sé til slíks í lögum, sbr. þó 6. og 7. gr. |
| 6 | 1 | Landbúnaðarráðherra getur veitt leyfi til að land sem er nýtt eða nýtanlegt til landbúnaðar verði leyst úr landbúnaðarnotum. Einnig getur landbúnaðarráðherra veitt leyfi til að land sem leyst hefur verið úr landbúnaðarnotum verði aftur tekið til þeirra nota ef það er í samræmi við skipulagt land á viðkomandi svæði. |
| 7 | 1 | Þar sem í skipulagi er fyrirhugað að breyta landnotkun svæða sem nýtt hafa verið til landbúnaðar skal leyfi landbúnaðarráðherra til að leysa landið úr landbúnaðarnotum liggja fyrir áður en viðkomandi skipulagsáætlun hlýtur endanlega afgreiðslu. |
| | 2 | Ef við gildistöku laga þessara er í gildi formleg skipulagsáætlun samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, þar sem gert er ráð fyrir annarri landnotkun en landbúnaði, gilda ákvæði 5. gr. ekki um nýtingu landsins. |
| 8 | 1 | Hlunnindi sem fylgja jörð eru eign jarðareiganda, nema undantekningar séu gerðar frá þeirri reglu með lögum. |
| 14 | 1 | Ef jarðahlutar eða landspildur eru leystar úr landbúnaðarnotum og skipt út úr jörð skal landbúnaðarráðherra eingöngu staðfesta skipti á ytri mörkum þeirra en önnur skipti á landinu falla utan við gildissvið þessara laga. |
| 18 | 1 | Við stofnun nýs lögbýlis skal þess gætt að það sé í samræmi við staðfest skipulag ef það er fyrir hendi og að ekki sé raskað búrekstraraðstöðu nálægna jarða. |
-

GR MGR BÚNAÐARLÖG – 70/1998

- | | | |
|---|---|---|
| 6 | 1 | Jarðabætur skulu miða að því að bæta aðstöðu til búskapar á viðkomandi býlum og stuðla með því að framförum í landbúnaði og auka samkeppnishæfni hans. Þær skulu auk þess stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa, taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparháttanna. |
|---|---|---|
-

GR MGR LÖG UM SKRÁNINGU OG MAT FASTEIGNA – 6/2001

- | | | |
|----|---|--|
| 12 | 1 | Allt sérgreint og afmarkað land skal bera fast númer, landnúmer, sem er auðkenni landskika í Landskrá fasteigna. |
|----|---|--|
-

GR	MGR	LÖG UM BÚFJÁRHALD – 103/2002
5	2	Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald má ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað á tilteknum svæðum innan sveitarfélagsins.
8	1	Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð.
GR	MGR	LÖG UM NÁTTÚRUVERND – 44/1999
34	1	Meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
35	1	Við hönnun vega og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.
36	1	Við túnrækt, skógrækt, uppgæðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarmínjum.
44	1	Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðir, áhöld eða mannvirki, þar á meðal girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru er eiganda skylt að fjarlægja það.
	2	Fari jörð í eyði er landeiganda skylt að ganga svo frá húsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.
GR	MGR	ÞJÓÐMINJALÖG – 107/2001
10	1	Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifarverndar ríkisins.
GR	MGR	LÖG UM LANDGRÆÐSLU – 17/1965
17	1	Land skal nytja svo, að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Sá, sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau.
GR	MGR	LÖG UM SKÓGRÆKT – 3/1955
6	1	Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grísað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má njóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.
GR	MGR	LÖG UM LANDSHLUTABUNDIN SKÓGRÆKTARVERKEFNI – 56/1999
4	1	Fyrir hvert landshlutaverkefni skal gera sérstaka landshlutaáætlun. Áætlunin skal vera til a.m.k. 40 ára og skiptast í tíu ára tímabil. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis.
GR	MGR	LÖG UM SINUBRENNUR OG MEÐFERÐ ELDS Á VÍÐAVANGI – 61/1992
1	1	Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögbýla og þá samkvæmt leyfi sýslumanns og að fylgt sé ákvæðum í reglugerð.
3	1	Ábúendur jarða geta einir fengið leyfi til að brenna sinu á jörðum, sbr. 1. gr., enda sé það gert fyrir 1. maí ár hvert að uppfylltum skilyrðum í reglugerð, sbr. 4. gr. Eftir þann tíma er hvarvetna óheimilt að brenna sinu. Þó getur sýslumaður, að höfðu samráði við Umhverfisráðuneytið, ákveðið aðra dagsetningu ef sérstakar veðurfarslegar ástæður gefa tilefni til.
GR	MGR	LÖG UM VERND, FRIÐUR OG VEIÐAR Á VILLTUM FUGLUM OG VILLTUM SPENDÝRUM – 64/1994
6	2	Ávallt skal gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og lífsvæða þeirra.
8	2	Landeigendum einum eru heimilar dýraveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni nema lög mæli öðruvísi fyrir.
	6	Þar sem stöðuvötn, firðir, vogar eða sund, sem ekki eru 230 m á breidd, skipta landareignum eiga landeigendur veiðirétt út að miðlinu, svo og í ám og lækjum. Í stöðuvötnum, sem eru breiðari en 230 m, eru landeigendum, sem land eiga að vatninu, einum heimilar veiðar í almenningi þess og eru þær þeim öllum jafnheimilar.
GR	MGR	VEGALÖG – 45/1994
33	1	Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlinu stofnvega og 15 m frá miðlinu annarra þjóðvega.

36	1	Óheimilt er að grafa framræsluskurði, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu tengivegar og 30 m frá miðlínu stofnvegar. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi Vegagerðarinnar.
56	1	Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð.
GR	MGR	GIRÐINGARLÖG - 135/2001
11	1	Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við að búfé eða öðrum stafi ekki hætta af þeim.
12	2	Öllum umráðamönnum lands er skylt að hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingarflækjur.
VIÐAUKI		LÖG UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM - 106/2000
2		<u>FRAMKVÆMDIR SEM KUNNA AÐ VERA HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM</u> - Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha. - Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað. - Áveitu- og framræsluframkvæmdir á 10 ha svæði eða stærra, eða á verndarsvæðum. - Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi. - Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.
GR	MGR	SKIPULAGSREGLUGERÐ - 400/1998
1.2	2	Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. ákvæði skipulags- og byggingarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim.
4.14.1	2	Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.
4.14.2	3	Áburðargeymslur og gripahús, þar með talin loðdýrabú, alifuglabú, og svinabú mega aldrei standa nær vatnsbóli en 100 metra og ætíð svo að land halli frá vatnsbóli og ekki sé hætta á mengun grunnvatns, sbr. ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
4.15.2	2	Í deiliskipulagi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.
4.16.2	7	Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m.
GR	MGR	BYGGINGARREGLUGERÐ - 400/1998
116	2	Landbúnaðarbyggingar skulu þannig hannaðar og byggðar að þær henti vel til þeirra nota sem þeim er ætlað, séu vandaðar og hagkvæmar m.t.t. öryggis, heilbrigðis og aðgengis.
118	1	Hús og önnur mannvirki skulu jafnan gerð úr haldgóðum og hentugum byggingar efnum, sem þola íslenskt veðurfar og þá áraun sem ætla má að húsið eða mannvirkið verði fyrir. Enn fremur skal tryggt að framkvæmdir séu með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM HOLLUSTUHÆTTI - 941/2002
24	4	Óheimilt er að hafa loðdýrabú, alifuglabú og svinabú nær mannbústöðum, matvæla-fyrirtækjum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsin en sem nemur 500 metrum.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM STARFSLEYFI FYRIR ATVINNUREKSTUR SEM GETUR HAFT Í FÖR MEÐ SÉR MENGUN - 785/1999
7	1	Allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skal hafa gilt starfsleyfi.
12	2	Í starfsleyfum skulu vera ákvæði sem tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu fánlegu tækni í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint.
	3	Í ákvæði starfsleyfis skal þess gætt að gerð sé krafa um að orka sé vel nýtt. Jafnframt skal gera kröfu um að dregið verði með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs, úrgangi sem myndast skal komið í endurnotkun og endurnýtingu og förgun þess úrgangs sem ekki er hægt að endurnota eða endurnýta verði með skipulögðum hætti. Þá skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til þess að draga úr afleiðingum þeirra, sbr. lög og reglur þar að lítandi.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM INNFLUTNING, RÆKTUN OG DREIFINGU ÚTLENDRA PLÖNTU-TEGUNDA - 583/2000
10	1	Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum, (jarðmyndunum og vistkerfi sbr. L. 140/2001 7.gr.) er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sérfræðingarnefndarinnar.

IÐNAÐARSVÆÐI

GR	MGR	SKIPULAGSREGLUGERÐ - 400/1998
4.7.2	3	Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir byggingarmagni og nánar skilgreindri landnotkun á einstökum lóðum, bílastæðum og öðru sem þurfa þykir. Í deiliskipulagi skal frekari grein gerð fyrir hugsanlegum áhrifum starfsemi á iðnaðarsvæðum á aðra landnotkun, s.s. vegna mengunar.
GR	MGR	BYGGINGARREGLUGERÐ - 400/1998
118	1	Hús og önnur mannvirki skulu jafnan gerð úr haldgöðum og hentugum byggingar-efnum, sem þola íslenskt veðurfar og þá áraun sem ætla má að húsið eða mannvirkið verði fyrir. Enn fremur skal tryggt að framkvæmdir séu með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS - 737/2003
6	1	Sveitarstjórn skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.
11	1	Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Beita skal bestu fánlegri tækni við meðhöndlun úrgangs.
	2	Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð þessari, öðrum reglugerðum um úrgang eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal meðhöndlaður á viðeigandi hátt áður en til förgunar kemur.
	3	Meðferð úrgangs skal vera með þeim hætti að óþrífnaður og óþægindi stafi ekki af.
	4	Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM LOFTGÆÐI - 787/1999
5	1	Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómengðu lofti.
	2	Í ákvæðum starfsleyfa fyrir mengandi atvinnurekstur skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun og beita skal til þess bestu fánlegu tækni.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM SPILLIEFNI - 806/1999
5	1	Draga skal eins og unnt er úr myndun spilliefna. Stuðla ber að endurnotkun og endurnýtingu.
	2	Viðkomandi sveitarstjórnir leggja til og sjá um að rekin sé söfnunarstöð og/eða móttökustöð fyrir spilliefni eða tryggja á annan hátt greiðan aðgang fyrir skilum spilliefna.

SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

GR	MGR	LÖG UM NÁTTÚRUVERND - 44/1999
34	1	Meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
35	1	Við hönnun vega og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.
GR	MGR	VEGALÖG - 45/1994
29	1	Vegir skulu lagðir í samræmi við skipulag. Við gerð skipulags skal haft samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá.
30	1	Óheimilt er að tengja vegi og götur þjóðvegum nema í samræmi við skipulag og að fenginni heimild Vegagerðarinnar.
GR	MGR	ÞJÓÐMINJALÖG - 107/2001
10	1	Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
VIÐAUKI		LÖG UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM - 106/2000
2		FRAMKVÆMDIR SEM KUNNA AÐ VERA HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM - Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.

GR	MGR	SKIPULAGSREGLUGERÐ - 400/1998
4.11.2	3	Í deiliskipulagi svæða fyrir frístundabyggð skal gera grein fyrir þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða og aðkomu að þeim. Byggingarreitir skulu ekki staðsettir nær lóðarmörkum en 10 m. Kveða skal á um stærð og gerð húsa, efnisnotkun og litaval, gróður og girðingar, bílastæði og sameiginleg svæði, s.s. leiksvæði og móttökustaði fyrir sorp. Gera skal grein fyrir veitum, s.s. vatnsveitu og frárennsli.
	4	Í deiliskipulagi svæða fyrir frístundabyggð skal þess gætt að byggð falli sem best að umhverfinu, gefi kost á fjölbreyttri útiveru og hindri ekki aðgang að vötnum og strandsvæðum eða öðrum svæðum sem sérstök eru vegna náttúrufars og umhverfis.
4.15.2	2	Í deiliskipulagi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.
4.16.2	7	Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m.
GR	MGR	BYGGINGARREGLUGERÐ - 400/1998
11	1	Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því að innan eða utan, burðarkerfi þess, forni, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir ákvæði reglugerðar þessarar nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.
62	3	Við skipulag lóða skal leitast við að nýta þá kosti sem náttúra svæðisins býður upp á hverjum stað og fram koma í deiliskipulagi. Einnig skal metið gildi trjágróðurs sem fyrir er á lóð og reynt að fella hann að þörfum viðkomandi lóðar.
	4	Óheimilt er að breyta notkun lóða frá því sem upphaflega var áætlað, nema með samþykki byggingarnefndar.
	5	EKKI má skipta landi eða lóð eða breyta landamerkjum og lóðamörkum á annan hátt nema með samþykki byggingarnefndar og sveitarstjórnar, enda sé það í samræmi við skipulag.
115	1	Frístundahús, sæluhús, fjallaskála, veiðihús, skíðaskála, leitarmannahús og björgunarskýli skal hanna þannig að húsin falli sem best að umhverfi sínu hvað varðar útlit, efnisval, litaval o. fl.
118	1	Hús og önnur mannvirki skulu jafnan gerð úr haldgóðum og hentugum byggingarefnum, sem þola íslenskt veðurfar og þá áraun sem ætla má að húsið eða mannvirkið verði fyrir. Enn fremur skal tryggt að framkvæmdir séu með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti.
169	1	Byggingar og mannvirki skulu hönnuð og byggð þannig að heilsu manna sé ekki stefnt í hættu, m.a. vegna hita og raka, hávaða, fráveitu skólps, reyks, fasts eða fjótandi úrgangs, mengunar í lofti, jarðvegi, vatni, gasleka eða geislunar.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM HOLLUSTUHÆTTI - 941/2002
29	1	Við staðsetningu frístundahúsa skal þess sérstaklega gætt að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir hættu eða ónæði sem getur stafað frá umhverfinu, s.s. vegna umferðar, hávaða og ólyktar.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM HÆTTUMAT VEGNA OFANFLÓÐA, FLOKKUN OG NÝTINGU HÆTTUSVÆÐA OG GERÐ BRÁÐABIRGÐAHÆTTUMATS
15	3	Óheimilt er að skipuleggja frístundabyggð á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg.

OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

GR	MGR	BYGGINGARREGLUGERÐ - 400/1998
118	1	Hús og önnur mannvirki skulu jafnan gerð úr haldgóðum og hentugum byggingarefnum, sem þola íslenskt veðurfar og þá áraun sem ætla má að húsið eða mannvirkið verði fyrir. Enn fremur skal tryggt að framkvæmdir séu með tæknilega og faglega fullnægjandi hætti.
GR	MGR	LÖG UM KIRKJUGARÐA, GREFTRUN OG LÍKBRENNSLU - 36/1993
12	1	Skylt er sveitarfélagi því, er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarósstæði svo og efni í girðingu, þó þannig að óbreyttar haldist kvaðir þær er þegar eru á jörðum og lóðum þar sem kirkjugarðar standa.
15	1	Sveitarfélagi er heimilt með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að taka eignarnámi hentugt land undir kirkjugaró.

16	1	Lögmætur safnaðarfundur, eða safnaðarfundir ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður hvenær taka skuli upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan.
	3	Pegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar og skipulagsnefndar sveitarfélagsins um hvort heilbrigðissjónarmið eða skipulagsástæður standi framkvæmdinni í vegi.
42	1	Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.
VIÐAUKI LÖG UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM – 106/2000		
2		<u>FRAMKVÆMDIR SEM KUNNA AÐ VERA HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM</u> - Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.

VATNSVERNDARSVÆÐI**GR MGR REGLUGERÐ UM NEYSLUVATN – 536/2001**

6	1	Neysluvatn skal vera laust við örverur, sníkjudýr og efni í því magni sem getur haft áhrif á heilsu manna.
9	1	Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.
12	3	Heilbrigðisnefndir hafa ekki reglubundið eftirlit eða framkvæma heildarúttækt hjá vatnsveitum sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum, nema þær þjóni matvælafrirtækjum.
	4	Eftirlit skal haft með ástandi neysluvatns, þ.m.t. vatnsbólum og brunnsvæði þeirra, vatnsveitum, hreinsi- og dælustöðvum, dreifikerfum og öðru sem áhrif kann að hafa á neysluvatn.

GR MGR REGLUGERÐ UM VARNIR GEGN MENGUN VATNS – 796/1999

8	1	Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. og með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr.
	2	Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu. Á skipulagsupprætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið, sbr. 1. mgr. Við deiliskipulagsgerð skal gera skýringarupprátt sem sýnir ástand vatns, sbr. 9. gr.
	3	Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu gripa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns. Jafnframt skal gripa til úrbóta ef ástand vatns hrakar eða ef það er lakara en ástandsflokkun, sbr. 1. mgr. 9. gr. gerir ráð fyrir.
9	1	Flokkun vatns skal vera sem hér segir: Flokkur A – ósnortið vatn – blár litur á uppdráttum Flokkur B – lítt snortið vatn – grænn litur á uppdráttum Flokkur C – nokkuð snortið vatn – gulur litur á uppdráttum Flokkur D – verulega snortið vatn – appelsínugulur litur á uppdráttum Flokkur E – ófullnægjandi vatn – rauður litur á uppdráttum
11	1	Aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að ná megi markmiðum um að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns, sbr. 3. mgr., B. gr. eru: 1. kortlagning viðkvæmra svæða og mengaðra svæða 2. kortlagning svæða sem skulu njóta sérstakrar verndar vegna sérstöðu eða nytja af ýmsu tagi, svo og vegna lífríkis, jarðmyndana eða útivistar 3. að gera aðgerðaáætlanir fyrir vernduð og viðkvæm svæði og m.a. með því að framfylgja starfsreglum um góða búskaparhætti og góða starfshætti við aðra starfsemi, svo og með almennum takmörkunum í skipulagsáætlunum 4. með því að beita frekari hreinsun skólps og frekari hreinsun við aðra losun í vatn
13	1	Við skilgreiningu vatnsverndarflokkana skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólins, mikilvægi þess og mengunarhættu.
15	1	Vatnsból skulu vera í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum eða hvers konar starfsemi sem ætla má að geti spillt vatninu. Þess skal gætt að slík mannvirki eða starfsemi séu þannig staðsett að grunnvatnsborð halli ætíð frá vatnsbóli. Sama gildir um straumstefnu yfirborðsvatns, sem skal renna frá vatnsbóli.

15 2 Vatnsból skulu yfirbyggð, afgirt og þannig frá þeim gengið að yfirborðsvatn og önnur óhreinindi berist ekki í þau. Gripahús, þar með talin loðdýrabú, alifuglabú, svínabú og áburðargeymslur, mega aldrei standa nær vatnsbóli en 100 metra og ætíð svo að land halli frá vatnsbóli og að ekki sé hætt á mengun grunnvatns. Heimilt er að banna eða takmarka umferð húsdýra á verndarsvæðum vatnsbóla og krefjast grip-heldra girðinga ef nauðsyn krefur.

Ákvæði til bráðabirgða Flokkun vatns í samræmi við 8. gr., sbr. 9. og 10. gr. reglugerðarinnar, skal vera lokið innan 4 ára frá gildistöku reglugerðarinnar. Þar til skal miða við gildandi

GR MGR SKIPULAGSREGLUGERÐ - 400/1998

4.14.2 3 Áburðargeymslur og gripahús, þar með talin loðdýrabú, alifuglabú, og svínabú mega aldrei standa nær vatnsbóli en 100 metra og ætíð svo að land halli frá vatnsbóli og ekki sé hætt á mengun grunnvatns, sbr. ákvæði reglugerðar um neysluvatn.

NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

GR MGR LÖG UM NÁTTÚRUVERND - 44/1999

12 2 Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt.

35 1 Við hönnun vega, og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

36 1 Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

37 1 Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra:

- a. eldvörp, gervigigar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- e. sjávarfitjar og leirur.

2 Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingar laga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa skv. 1. mgr. nema fyrir liggja aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsógn skv. 33. gr. liggur fyrir.

38 1 Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætt er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætt er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúru-minjaskrá.

39 1 Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrisrífi eða á annan hátt.

GR MGR LÖG UM LANDGRÆÐSLU - 17/1965

17 1 Land skal nýta svo, að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Sá, sem landsþjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau.

VIÐAUKI LÖG UM MAT Á UMhverfisÁHRIFUM - 106/2000

2 FRAMKVÆMDIR SEM KUNNA AÐ VERA HÁÐAR MATI Á UMhverfisÁHRIFUM

- Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.

- Áveitu- og framræsluframkvæmdir á 10 ha svæði eða stærra, eða á verndarsvæðum.

- Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum.

- Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.

- Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.

- Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra, eða er 50.000 m³ eða meiri.

- Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúru-minjaskrá.

- Vatnsleiðslur utan þéttbýlis 10 km eða lengri og grafnar niður.

- Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns.

- Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglandi.

GR	MGR	LÖG UM SINUBRENNUR OG MEÐFERÐ ELDS Á VIÐAVANGI – 61/1992
2	1	Aldrei má brenna sinu þar sem almannahætta stafar af eða tjón getur hlotist af á náttúruminjum, fuglalífi, mosa, lyng- eða trjágróðri og mannvirkjum.
3	1	Ábúendur jarða geta einir fengið leyfi til að brenna sinu á jörðum, sbr. 1. gr., enda sé það gert fyrir 1. maí ár hvert að uppfylltum skilyrðum í reglugerð, sbr. 4. gr. Eftir þann tíma er hvarvetna óheimilt að brenna sinu. Þó getur sýslumaður, að höfðu samráði við Umhverfisstofnuneytið, ákveðið aðra dagsetningu ef sérstakar veðurfarslegar ástæður gefa tilefni til.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM INNFLUTNING, RÆKTUN OG DREIFINGU ÚTLENDRA PLÖNTU-TEGUNDA - 583/2000
10	1	Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum, (jarðmyndunum og vistkerfi sbr. L. 140/2001 7.gr.) er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sérfræðingarnefndarinnar.

HVERFISVERNDARSVÆÐI

GR	MGR	SKIPULAGS- OG BYGGINGARLÖG – 73/1997
9	6	Ef innan marka skipulagssvæðis eru einstakar byggingar, mannvirki, húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd
GR	MGR	LÖG UM HÚSAFRIÐUN – 104/2001
4	1	Friða má mannvirki, hús eða húsluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis friðaóðs mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem besta varðveislu friðaða mannvirkisins.
6	1	Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.
	2	Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafríðunarnefnd með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.
9	1	Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafríðunarnefndar.
	2	Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafríðunarnefndar. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús.
GR	MGR	SKIPULAGSREGLUGERÐ – 400/1998
4.22.2	4	Öll svæði sem staðfest hverfisvernd gildir um samkvæmt aðalskipulagi skulu deiliskipulög ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Í deiliskipulagi er landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni nánar útfærð í samræmi við reglur settar í svæðis- og aðalskipulagi.

ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI

GR	MGR	ÞJÓÐMINJALÖG – 107/2001
9	1	Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem: <ol style="list-style-type: none"> búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bæna-húsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum; vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri; gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita; gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; virki og skansar og önnur varnarmannvirki; gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

9	1	g. áletránir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
		h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
		i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
		Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.
10	1	Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
11	3	Fornleifavernd ríkisins ákveður hvaða fornleifar skulu friðlýstar. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar. Friðlýsa má samfelld svæði, minjasvæði, þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn og ytri mörk hans tilgreind svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Fornleifavernd ríkisins skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjasvæði séu merkt með sérstöku merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsinguna. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.
13	1	Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.
14	1	Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggað geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.
GR	MGR	BYGGINGARREGLUGERÐ - 400/1998
11	4	Í umfjöllun byggingarnefndar um niðurrif og breytingar á eldri húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða 5. kafla þjóðminjalaga. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu umsóknar um leyfi til niðurrifs eða breytinga á húsi í allt að tvö ár frá því umsókn barst. Slík frestun er heimil ef deiliskipulag liggur ekki fyrir eða ef unnið er að endurskoðun deiliskipulags.

EFNISTÖKUSVÆÐI**GR MGR LÖG UM NÁTTÚRUVERND - 44/1999**

34	1	Meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.
47	2	Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997
	3	Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr.
48	1	Áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. gr. skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.
49	1	Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námasvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði. Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi.
	4	Efnistökusvæði skal ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár. Umhverfisstofnun getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvun.

Ákvæði til bráðabirgða

Eftir 1. júlí 2008 er efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistöku:

- áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m² eða meira,
- áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2008 er 50.000 m³ eða meiri,
- áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökuastaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m² eða meira,
- efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Við veitingu framkvæmdaleyfis skv. 1. mgr. skal fylgja ákvæðum 48. og 49. gr. laga þessara.

Ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, skulu gilda um efnistöku sem fellur undir 1. mgr.

Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga þessara.

GR	MGR	LÖG UM RANNSÓKNIR OG NÝTINGU Á AUÐLINDUM Í JÖRÐU – 57/1998
8	1	Prátt fyrir ákvæði III. og IV. kafla er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, mól, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand.
9	1	Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu rétt til jarðefna, nema með sérstöku leyfi ráðherra.
17	1	Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.
GR	MGR	LÖG UM LAX- OG SILUNGSVEIÐI – 76/1970
43	1	Nú er fyrirhugað að taka jarðefni eða gera mannvirki í eða við veiðivatn sem hætta er á að hafi áhrif á lífríki vatnsins, og skal þá veiðimálastjóri láta fara fram líffræðilega úttekt á viðkomandi veiðivatni áður en ráðist er í framkvæmdina.
GR	MGR	SKIPULAGS- OG BYGGINGARLÖG – 73/1997
27	2	Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd. Framkvæmdaleyfi vegna efnistöku skal gefið út til tiltekins tíma þar sem gerð er grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsluþýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.
VIÐAUKI LÖG UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM – 106/2000		
1		<u>FRAMKVÆMDIR SEM ÁVALLT ERU HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM</u> - Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m ² svæði eða stærra eða er 150.000 m ³ eða meiri.
2		<u>FRAMKVÆMDIR SEM KUNNA AÐ VERA HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM</u> - Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m ² svæði eða stærra eða er 50.000 m ³ eða meiri. - Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m ² svæði eða stærra.
GR	MGR	SKIPULAGSREGLUGERÐ – 400/1998
4.9.2	3	Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir þeirri efnistöku sem fram hefur farið og/eða er fyrirhuguð á svæðinu og öðru sem þurfa þykir, s.s. landslagi, efnismagni og vinnslutíma, landmótun og frágangi svæðis að lokinni vinnslu og fyrirhuguðum eða mögulegum síðari notum svæðisins.

SORPFÖRGUNARSVÆÐI

GR	MGR	LÖG UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS – 55/2003
10	1	Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal fá viðeigandi meðferð áður en til förgunar kemur samkvæmt nánari reglum þar um.
	2	Óheimilt er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu.
	3	Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um skipulagðar brennur, svo sem áramótabrennur, sem starfsleyfi hefur verið veitt fyrir samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

GR	MGR	LÖG UM EITUREFNI OG HÆTTULEG EFNI - 52/1988
22	1	Eiturefnum og hættulegum efnum, tónum flöskum og öðrum umbúðum, sem hafa haft slík efni að geyma, skal farga eða hreinsa þannig að mönnum og dýrum stafi ekki hætta af.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS - 737/2003
6	1	Sveitarstjórn skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.
	2	Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilisúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn er ábyrg fyrir reglulegri tæmingu sorpiláta og flutningi heimilisúrgangs frá öllum heimilum á viðkomandi svæðum.
	3	Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp sorpilát í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Staðsetning sorpiláts skal vera þannig að aðgengi að því sé gott.
	4	Sveitarstjórn skal í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp sorpilát í nánd við sumarhúshverfi. Séu fleiri en 20 sumarhús í hverfinu skal staðsetning sorpiláts vera sem næst hverfinu og/eða þannig að hentugt sé að losa í það í leið frá hverfinu. Sorpilátin skulu vera til staðar á því tímabili sem almennt er dvalist í húsunum í hverfinu. Gæta skal að því að aðgangur sé greiður að sorpilátum, m.t.t. tegundar úrgangs.
8	1	Sveitarstjórn skal semja og staðfesta áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til minnst tólf ára í senn og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar sbr. 5. gr. Í áætluninni skal gera grein fyrir með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, endurnota eða endurnýta úrgang, förgunarleiðum. Þá skal í áætluninni vera yfirlit yfir hentug svæði þar sem úrgangi kann að verða fargað.
11	1	Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Beita skal bestu fánlegri tækni við meðhöndlun úrgangs.
	3	Meðferð úrgangs skal vera með þeim hætti að óþrífnaður og óþægindi stafi ekki af.
12	1	Ávallt skal leita leiða til að endurnota eða endurnýta úrgang. Þann hluta sem úrgangshafi nýtir ekki sjálfur skal flytja til söfnunar- eða móttökustöðva sem hafa starfsleyfi.
	2	Lausnir í úrgangsmálum skulu taka mið af umhverfislegum og efnahagslegum forsendum og skal nota til þess bestu fánlegu tækni. Tæknilegar lausnir skulu taka mið af eftirfarandi forgangs röðun að svo miklu leyti sem slíkt er mögulegt: <ol style="list-style-type: none"> 1. Að dregið verði úr myndun úrgangs. 2. Endurnotkun. 3. Endurnýting. 4. Endanleg förgun.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM SPILLIEFNI - 806/1999
5	1	Draga skal eins og unnt er úr myndun spilliefna. Stuðla ber að endurnotkun og endurnýtingu.
	2	Viðkomandi sveitarstjórnir leggja til og sjá um að rekin sé söfnunarstöð og/eða móttökustöð fyrir spilliefni eða tryggja á annan hátt greiðan aðgang fyrir skilum spilliefna.
	3	Spilliefni skal flytja til söfnunar- og móttökustöðva sem hafa fengið starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni.

ÓBYGGÐ SVÆÐI

GR	MGR	VEGALÖG - 45/1994
33	1	Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðarinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.
34	1	Vegagerðin getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skv. 33. gr. skuli aukin. Enn fremur getur Vegagerðin leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
35	1	Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi Vegagerðarinnar við vegamót á svæði sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Vegagerðin getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

GR	MGR	SKIPULAGSREGLUGERÐ - 400/1998
4.13.2	2	Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu óbyggðra svæða. Ef mannvirki, s.s. stígar, eru fyrirhuguð á óbyggðum svæðum getur þurft að deiliskipuleggja þau.
4.15.2	2	Í deiliskipulagi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.
4.16.2	7	Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM RAFORKUVIRKI - 264/1971
402	1	Háspennuvirki mega ekki vera svo nálægt athafnasvæðum, hlutum umhverfis eða mannvirkjum, svo sem húsum, vegum, síma, öðrum raforkuvirkjum o.s.frv., að hætta geti stafað af.
404	1	Ef háspennulína og mannvirki það, sem um er að ræða, (vegur, hús og annað) standa á jafnsléttu eða því sem næst, eða ef háspennulínan stendur lægra en mannvirkjó, má fjarlægðin milli mannvirkisins og næsta vírs háspennulínunnar fara niður í 10 m, án þess að stytta þurfi staurabil. Standi háspennulínan hærra en mannvirkjó, eykst þessi lágmarksfjarlægð um tvo metra fyrir hvern metra, sem háspennulínan stendur hærra en mannvirkjó,

VÖTN, ÁR OG SJÓR

GR	MGR	LÖG UM VARNIR GEGN MENGUN HAFS OG STRANDA - 33/2004
7	2	Ef hætta er á mengun hafs og stranda skal sá sem ber ábyrgð á menguninni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir hana eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans eða aðgerðaleysi valda öðrum.
8	5	Losun skolps frá skipum er óheimil á hafnarsvæðum og innan netlaga.
9	1	Varp efna og hluta í hafjó er óheimilt.
16	2	Mengunarvaldi ber að bregðast strax við og koma í veg fyrir frekari mengun. Mengunarvaldi er heimilt að sjá sjálfur um hreinsun og skal það þá gert í samræmi við áætlun sem Umhverfisstofnun samþykkir.
GR	MGR	VATNALÖG - 15/1923
75	1	Rétt er ríkinu, héruðum, vatnafélögum og einstökum mönnum að hleypa niður vatnsfarvegi, vikka hann eða rétta, gera nýjan farveg, flóðgarða og fyrirhleðslur eða önnur mannvirki í vatni eða við það í því skyni að verja land eða landsnyttjar við spjöllum af landbroti eða árennsli vatns.
83	1	Bannað er að láta í vötn frá iðjuverum, eða sleppa um vötn í skurði eða aðrar veitur, nokkra þá hluti, fasta, fljóttandi eða loftkennda, sem spilla mundu botni vatns eða bakka eða vatninu sjálfu, svo að hættulegt sé mönnum eða búpeningi eða spilli veiði í vatninu. Bannað er og að láta slík efni á ís eða svo nærri vatni, að hætt sé við að þau berist í það.
GR	MGR	LÖG UM LAX- OG SILUNGSVEIÐI - 76/1970
43	1	Nú er fyrirhugað að taka jarðefni eða gera mannvirki í eða við veiðivatn sem hætta er á að hafi áhrif á lífríki vatnsins, og skal þá veiðimálastjóri láta fara fram líffræðilega úttekt á viðkomandi veiðivatni áður en ráðist er í framkvæmdina.
GR	MGR	LÖG UM NÁTTÚRUVERND - 44/1999
37	1	Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m ² að stærð eða stærri
GR	MGR	SKIPULAGSREGLUGERÐ - 400/1998
4.15.2	2	Í deiliskipulagi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.

SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

GR	MGR	SKIPULAGSREGLUGERÐ - 400/1998
4.18.2	5	Við deiliskipulagsgerð á svæðum undir náttúruvá skal þess gætt að staðsetja ekki byggingarreiði á svæðum þar sem vitað er að tjón hafi orðið af völdum snjóflóða eða þar sem líklegt má telja að snjóflóð geti fallið. Sama gildir um staði þar sem vitað er um að tjón hafi orðið af völdum skriðufalla, grjóthruns, flóða eða af völdum annarra náttúruhamfara. Sé um sprungusvæði eða hverasvæði að ræða, skal þess vandlega gætt að byggingarreitir séu ekki ofan á sprungum eða nálægt hverum.

GR	MGR	BYGGINGARREGLUGERÐ - 400/1998
11	5	Óheimilt er að leyfa byggingar á svæðum sem skilgreind eru í skipulagi sem hættusvæði vegna snjóflóða eða þar sem hætta er talin vera á snjóflóðum nema gætt sé ákvæða reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða.
	6	Á svæðum sem skilgreind eru í skipulagi sem hættusvæði vegna sjávarflóða eða landbrots er óheimilt að leyfa byggingar, nema fullnægjandi varnarmannvirki hafi verið gerð eða að fyrir liggja samþykkt áætlun um gerð þeirra, sbr. lög um sjóvarnir.
GR	MGR	REGLUGERÐ UM HÆTTUMAT VEGNA OFANFLÓÐA, FLOKKUN OG NÝTINGU HÆTTUSVÆÐA OG GERÐ BRÁÐABIRGÐAHÆTTUMATS - 505/2000
8	2	Hættumat skal fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Hættumat fyrir svæði utan þéttbýlis, s.s. einstaka sveitabæi, skal framkvæma enda liggja fyrir gildar ástæður að mati ofanflóðanefndar, t.d. þegar ofanflóð hafa fallið á eða staðnæmst í nálægð við íbúðarhúsnæði.
15	3	Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, fristundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr.
25	1	Áður en sveitarstjórn gerir breytingu á deiliskipulagi eða aðalskipulagi, samþykkir nýtt skipulag eða veitir byggingarleyfi samkvæmt gildandi deiliskipulagi á svæði þar sem ofanflóð eru hugsanleg, án þess að staðfest hættumat liggja fyrir, skal hún leita álits Skipulagsstofnunar á málsmeðferð. Skipulagsstofnun metur hvort óska beri eftir bráðabirgðahættumati hjá Veðurstofu Íslands. Það mat fer eftir eðli máls, m.a. því hvort hætta hafi þegar verið metin á einn eða annan hátt. Telji Skipulagsstofnun þörf á gerð bráðabirgðahættumats sendir hún beiðni um það til Veðurstofu Íslands.